



# TÍMAFÉLIN Nakið brjóst á íslensku póstkorti

■ Klám síns tíma

22. MARS 2019 / 12. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

# HELGA TÓK STÚLKU Í FÓSTUR MEÐ DAGS FYRIRVARA

■ Blóðforeldrarnir í neyslu



# DRÖG



# BEGGI BLINDI KAUPIR GRILLHÚS



## Kristján Berg

# FISKIKÓNGURINN HEFUR EKKERT AÐ FELA


■ Á Litla Hraun eftir alsælusmygl ■ Sögusagnir um  
auglýsingar vitleysa ■ Skíðaslys breytti sýn á tilveruna

## Íslendingur tengdur manns- hvarfi á Spáni



## Toshiki Toma

„ Kirkjan  
verður  
að leggja sitt af  
mörkum fyrir  
flóttamenn



## Henry Steinn

# ÓLÉTTUR TRANSMANÐUR

■ Komst í heimspressuna



## YFIR ERSLAN

Vigfús Bjarni  
Albertsson  
482114



# „Ég var sett í beisli sem bundið var við girðinguna“

■ Uppeldissögur Íslendinga



## Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

## Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



# Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur  
þannig þæginda og öryggis



**Webasto**  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is





Á þessum degi,  
22. mars



1867 – Borgarnes við Brákarpoll varð löggiltur verslunarstaður.



1882 – Fjölkvæni bannað í Bandaríkjunum.



1888 – Enska deildin í fótbolta var stofnuð.



1948 – Atómstöðin eftir Halldór Laxness kom út og seldist upp samdægurs.

Orihuela Costa á Spáni.



“Eitt tilfelli er tilviljun en þegar þau eru orðin tvö þá er þetta mjög skrítið

# Íslendingur tengdur dularfullu mannshvarfsmáli á Spáni

Annar Íslendingur lést í sama húsi

Audur Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Íslendingar koma við sögu í dularfullu mannshvarfsmáli sem upp kom á Spáni í byrjun ársins. Uppi eru getgátur um að málið tengist andláti ungs Íslending. Ítrekað hefur verið fjallað um málið í spænskum fjölmiðlum undanfarnar vikur.

Henry Alejandro Marín, tvítugur menntaskólanemi af kólumbískum ættum yfirgaf heimili sitt í La Florida í Alicantheháði á nýársnótt. Ekkert hefur spurst til hans síðan þá.

## Einn á Spáni

Fram kemur í spænskum miðlum að í lok seinasta árs hafi íslenskur piltur fundist látinn á sófa í íbúð sem er í sama fjölbýlishúsi og þar sem Henry býr. Fram kemur að dánarorsök piltsins hafi verið ofneysla. Umráddur piltur leigði á þeim tíma íbúð með tveimur öðrum Íslendingum. Annar þeirra flutti til Íslands eftir þetta en hinn varð eftir á Spáni. Henry flutti inn til hans eftir þennan hörmungar-atburð.

Andrés Jiménez, bróðir Henry, segir bróður sinn hafa viljað vera til staðar fyrir vin sinn, sem var einn á Spáni að takast á við missinn. Andrés segist jafnframt þekkja íslensku piltana þrjá, þar sem þeir hafi stundum hist yfir bjór. Þeir eru að hans sögn „ósköp venjulegir“.

Fram kemur að hinn íslenski meðleigjandi Henry tali litla sem enga spænsku. Segir Andrés að Íslendingurinn og Henry hafi eytt miklum tíma saman og hafi Henry verið túlkur fyrir hann þegar þess þurfti. Hvergi hefur komið fram að þessi tvö atvik, dauðsfall Íslendingins og hvarf Henry

tengist með einhverjum hætti en Andrés telur þetta undarlegt.

„Eitt tilfelli er tilviljun en þegar þau eru orðin tvö þá er þetta mjög skrítið“ segir Andrés. „Það stenst ekki að bróðir minn hafi horfið af yfirborði jarðar.“

Á gamlárskvöld var party í íbúð þeirra félaga, Henry og Íslendingins. Samkvæmt frásögnum spænskra miðla kom til átaka á milli þeirra tveggja seint um kvöldið, sem endaði með því að Íslendingurinn réðst á Henry. Henry yfirgaf íbúðina í kjölfarið.

## „Henry con chicas“

Fram kemur að daginn eftir, á nýársdag, hafi móðir Henry orðið áhyggjufull þegar sonur hennar svaraði ekki símanum. Í kjölfarið hafi fjölskyldan spurt um ferðir hans hjá vinum, haft samband við sjúkrahús á svæðinu og að lokum tilkynnt hvarf hans til lögreglunnar.

Þá kemur fram að fjölskylda Henry hafi farið í íbúðina skömmu eftir hvarfið og þar hafi vinir hans afhent þeim farsíma hans og veski, ásamt úri sem Henry ber á sér öllum stundum. Tekur hann það aðeins af sér í sturtu. Þegar móðir Henry spurði íslenska meðleigjandann um ferðir sonar hennar svaraði hann: „Henry con chicas“ („Henry með stelpum“).

Fram kemur að Guardia Civil lögreglan hafi yfirheyrð íslenska meðleigjandann, sem og gestina sem staddir voru í



Henry Alejandro Jiménez.



íbúðinni á gamlárskvöld. Hefur Íslendingurinn staðfest að til átaka hafi komið á milli þeirra tveggja sem enduðu með því að hann réðst á Henry. Þá kemur fram að samkvæmt vitnisburði Íslendingins var Henry „ekki í góðu ástandi“ þegar hann yfirgaf íbúðina.

Fram kemur að frásagnir þeirra sem staddir voru í íbúðinni þetta kvöld séu misvísandi. Fjölskylda Henry viti því ekki hverju skal trú. Þau segja þó fráleitt að Henry skuli hafa látið sig hverfa án þess að ræða við nokkurn mann. Það sé útilokað að hann hafi horfið af sjálfsdáðum þar sem hann var hvorki með síma eða peninga á sér. Þá vill Andrés meina að bróðir hans hafi ekki varið sig gegn ofbeldinu af hálfu meðleigjanda

síns. „Bróðir minn er einstaklega rólyndur og hann hefur aldrei lent í slagsmálum.“

## Nokkrar tilgátur

Leitin að Henry hefur nú staðið yfir í rúmlega tíu vikur. Leitin takmarkaðist í fyrstu við Orihuela Costa svæðið en hefur nú teygst anga sína víðar. Veggspjöld af Henry hafa verið hengd upp víða og á samfélagsmiðlum biðja fjölskylda og vinir um hjálp.

Málið er enn til rannsóknar hjá þarlandum yfirvöldum en í yfirlýsingu lögreglu segir að verið sé að rannsaka „þó nokkrar tilgátur“. Enn sem komið er hefur enginn verið handtekinn í tengslum við hvarfið. ■

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



LÖNGUDÆLAHOLT 22, 801 SELFOS  
28.700.000 kr.

Tegund Sumarhús  
Stærð 92 M<sup>2</sup>  
Herbergi 5



HRAUNBÆR, 110 REYKJAVÍK  
38.500.000 kr.

Tegund Fjölbýli  
Stærð 107,7 M<sup>2</sup>  
Herbergi 4



KVÍSLARTUNGA, 270 MOSFELLSBÆR  
88.500.000 kr.

Tegund Parhús á 2 hæðum  
Stærð 286 M<sup>2</sup>  
Herbergi 7

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800

www.gimli.is

BJÓÐUM UPPÁ FRÍTT SÖLUVERÐMAT





Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



# TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS



## Hver er hún



■ Er dómsmála-ráðherra.

■ Er ferðamála-ráðherra.

■ Er iðnadarráðherra.

■ Er nýsköpunarráðherra.


■ Hefur tvö fornöfn, ættarnafn og eftirnafn.

SVAR: ÞÓRÐUR RANNEIG ELI, 22 ÁRA, SEM ER LÖGREGLUSKÓLANEMI OG Í LÖGREGLUNNI Í REYKJÁVIK. NÆSTUR ER ALBERT ELI, 15 ÁRA, OG SVO PATREKUR VEIGAR, BRÁÐUM 11 ÁRA. ÉG ER FRÁSKILINN.

## Það er staðreynd að...



Lutrafóbía er ótti við otra.



Argentínumaðurinn Emilio Marcos Palma var fyrsta manneskjan sem fæddist á Suðurskautslandinu. Hann fæddist 7. janúar árið 1978.



Mikill bragðmunur átti að vera á föstum og jólakræsingum. Skata var borðud á Þorláksmessu af því að hún þótti sérstaklega vondur matur.



Líftími skýja er 10 til 60 mínútur.



Sextán Norðmenn hafa verið biskupar á Íslandi, sjö Danir, þrjú Englendir, einn Sví, einn Þjóðverji og einn Hollendingur.

# YFIRHEYSLAN

**Séra Vigfús Bjarni Albertsson** er sjúkráhuðsprestur og mannaútsstjóri Þjóðkirkjunnar. Hann hefur verið áberandi í Þjóðfélagsmæðunni. Árið 2016 bauð hann sig fram til forseta en dró framboðið til baka þegar útlit var fyrir að Ólafur yrði áfram. DV tók séra Vigfús í yfirheyrslu.

### Hjúskaparstaða og börn?

Ég er þriggja barna faðir. Elst er Rannveig Íva, 22 ára, sem er lögregluskólanemi og í lögreglunni í Reykjavík. Næstur er Albert Elí, 15 ára, og svo Patrekur Veigar, bráðum 11 ára. Ég er fráskilinn.

### Ertu ættrækin?

Því miður get ég ekki svarað þessu jákvætt, mér þykir vænt um uppruna minn og á mínu fólki allt að þakka. Foreldrar, ömmur og afar og gott frændfólk. Vonandi er ég að fara á lífsskeið þar sem þetta breytist.

### Spilar þú á hljóðfæri?

Hljóðfæri spila ég ekki á, því miður, ég held ég láti bara aðra um þá list og njóti héðan í frá.

### Ertu A- eða B-manneskja?

Ég hef alltaf haldið að ég væri B-manneskja og fundist gott að vaka fram eftir. Í vetur hef ég hins vegar snúið þessu við og farið á æfingar klukkan 6, nokkrum sinnum í viku. Núna er upphaldstíminn minn milli 7 og 8, eftir æfingu, algjör ró.

### Hver er fyrirmynd þín í lífinu?

Ég á margar fyrirmyndir í lífinu og fólk sem ég lít upp til, bæði ættingja, fólk sem hefur orðið á vegi mínum og ýmsar hversdagshetjur. Mér sýnist alltaf meir og meir að ég geti lært mikið af öllu fólki. Ég held að við höfum öll okkar ljós og skugga. Allar hetjur hafa stórt ljós og stóran skugga.

### Hvað er það erfiðasta sem þú hefur gert?

Allt sem viðkemur sorg og mótlæti hjá börnunum mínum finnst mér erfiðast.

### Með hvaða íþróttaliði heldur þú á Íslandi?

Ég held að sjálf-sögðu með Þrótti þar sem sonur minn æfir mark í 3. flokki í fótbolta. Svo hef ég lúmskt KR-hjarta eftir íþróttæfingar í Vesturbænum í gamla daga.

### Hvað værir þú að gera ef þú værir ekki prestur?

Ég er mjög sáttur við mitt hlutskipti, eftir því sem ég verð eldri þarfnast ég náttúrunnar meir. Ætli ég væri ekki bóndi og trillukarl. Helst bæði. Verst hvað ég er sjóveikur.

### Trúir þú á geimverur?

Mér finnst það óhugsandi að alheimurinn hafi ekki annað vitsmunarlíf en lífið á jörðinni. Órauddir alheimsins geyma örugglega líf.

### Ertu góður dansari?

Alls ekki.

### Mannkostir þínir?

Mínir stærstu kostir geta orðið mínir stærstu gallar. Ég veit að ég er hugrakkur, hef gott innsæi, vinnusamur. Einn kostur hefur vaxið mjög, það er vitneskjan um hversu takmarkaður ég get verið. Enda eiga helst aðrir að svara svona spurningu.

### En lestir?

Ég er stundum mjög óþolinmóður, get verið mjög

þrjúskur, stjórnsamur. Ég hefði mátt nema miklu oftar staðar í lífinu.

### Besta ráð sem þú hefur fengið?

Ég hef fengið svo mörg góð ráð í lífinu en ég hef ekki alltaf farið eftir þeim. Sum góðu ráðin hef ég skilið löngu síðar, því miður.

### Áttu gæludýr?

Við eigum hana Sölu, 10 mánaða, svartan, enskan Labrador. Hún telur sig ekki vera hund.

### Fyrsta atvinnan?

Ég byrjaði þínulítil að vinna hjá afa og ömmu í sveitinni, Laxamýri í Suður-Þingeyjarsýslu, og vann þar til tvítugs. Svo vann ég í níu mánuði við landbúnaðarstörf í Danmörku, skógarhögg. Með háskólanum var ég alltaf í lögreglunni og síðan þá hefur það verið ævistarfið.

### Star Wars eða Star Trek?

Klárlega Star Wars. Þar eru notaðar margar klassískar mýtur, sem við finnum í árþús- unda gömlum menningararf. Star Wars er svona nútíma riddarabókmenntir að mörgu leyti. Andlegur þroski, fall og upprisa, andleg leit og lærisveinar og meistara, gott og illt. Ég veit ekkert um Star Trek.

### Hvað er mikilvægast í lífinu?

Augljóslega eru það börnin í mínu tilfelli. Allt annað hefur bara verið misskilningur.

### Eitthvað að lokum?

Ég bið að heilsa.



# Guðaleikurinn



## Svarthöfði

Herra Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff eru nú að basla við að láta klóna hundinn sinn Sám. Í janúar var greint frá því að Sámur væri dauður en lífsýni voru tekið úr honum. Verða þau send til Bandaríkjanna þar sem fyrirtækið ViaGen Pets mun sjá um að klóna hann í maí. Alveg eins og í myndinni The 6th Day með Arnold Schwarzenegger.

Þetta sýnir hversu mikið forsetahjónin fyrrverandi elskuðu Sám. Einnig sýnir þetta hversu litla trú þau hafa á öðrum hundum en Sámi. Flestir myndu láta nægja að fá sér annan hund og nefna hann einnig Sám, eða kannski Sám II.


Út frá þessu fer Svarthöfði að velta því fyrir sér hvort ekki sé ráð að klóna önnur fræg íslensk dýr. Lítið mál væri að klóna stóðhestinn goðsagnakennda Orra frá Þúfu. Sæði hans var dreift um gervallt landið.

Annar frægur lífsýnadreifari var hvalurinn Keikó. Keikó var fangaður við Íslandsstrendur árið 1976 og geymdur í Sædýrasafninu um stund. Var hann síðan seldur til Ameríku til þess að verða Hollywood-leikari. Hægt væri að klóna Keikó til að leika með Arnold í The 6th Day II.

Gaman væri að hitta apann Bongó aftur. Uppstoppaður hamur hans er geymdur til sýnis í Borgarleikhúsinu í tilefni af sýningu söngleiksins Elly. Söngkonan Elly Vilhjálms var lengst af eigandi Bongós en losaði sig við hann þegar hann var ekki lengur húsum hæfur. ViaGen Pets hljóta að geta sigtað óþekktina úr honum.

Mörg fleiri dýr væri hægt að klóna, heilan dýragarð í raun og veru. Hundinn Lúkas, ísbjörninn Björn, nautið Guttorm, tíkina Lucy og svo mætti lengi telja.

Svarthöfði spyr sig þá: Af hverju að stoppa þar? Fyrst við erum á annað borð farin að leika guði þá ættum við ekki að



láta málleysingja duga. Klónum fræga Íslendinga líka og stofnum skemmtigarð.

Í þeim garði væri hægt að

kveðast á við Jónas Hallgrímsson, hlaupa undan Axlar-Birni, kasta Ólöfu eskimóa og tefla við Bobby Fischer. ■



# EFNAHAGSLEGUR VERULEIKI:

Fyrirhuguð **verkföll**  
stefna störfum  
í hættu



Íslensk fyrirtæki greiða almennt **hærri laun** en erlendir keppinautar



Uppgangur síðustu ára hefur í meiri mæli runnið í **vasa starfsfólks** en fyrirtækjaeigenda og lánveitenda – einnig í ferðapjónustu



Vegna fækkunar ferðamanna, verri nýtingar hótélherbergja og launahækkana síðustu ára er útlit fyrir að rekstur í ferðapjónustu **verði í járnnum** í ár




Það stefnir í **taprekstur** hjá þeim hótélum sem verkföll beinast að ef hér verða miklar launahækkunar



Slíkur taprekstur **ógnar störfum** og líf skjörum landsmanna

## HAGNAÐUR HÓTELANNA SEM VERKFÖLL BEINAST GEGN Milljónir króna



\* Áætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir 7% lækkun herbergjanýtingar milli ára líkt og hefur verið raunin í janúar 2019. Auk þess er gert ráð fyrir 2,5% hækkun launa í apríl sem hefur í för með sér að launakostnaður á starfsmann verður að meðaltali 6% hærri árið 2019 samanborið við 2018.

Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, útreikningar Viðskiptaráðs

Sjá frekari umfjöllun, forsendur útreikninga og fleiri sviðsmyndir í Skoðun Viðskiptaráðs „*Velmegunarkúnni slátrað?*“ á [vi.is](http://vi.is)



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE



Áhugavert á Instagram:

## Julianne segir kanelnúða Brauð og Co þá bestu í heimi

Ísland hefur ávallt verið kærkominn áfangastaður erlendra ferðamanna og þekktara einstaklinga, þrátt fyrir að létt sé í buðu þeirra þegar þeir yfirgefa landið. Julianna Vezza, matar- og ferðabloggari, sem er með heimasíðuna Bon Vivants er nýlega búin að vera á Íslandi og á Instagram má sjá nokkrar myndir frá dvölinni.

Vezza skellti sér að sjálfsögðu í Bláa lónið eins og flestir sem hingað koma, hún gisti í Tower Suites á Höfðatorgi, fór í Brauð og Co og á Austurlandið. Að hennar sögn eru kanelnúðarnir á Brauð og Co þeir bestu sem hún hefur bragðað. Við mælum með því að fylgja Vezza og skoða gullfallegar myndir frá ferðum hennar, sem innihalda mat, fallega staði og áhugaverð lönd.



## Beggi blindi kaupir grillhús

Bergvin Oddsson, oft kallaður Beggi blindi, og eiginkona hans Fanný Rósa Bjarnadóttir hafa fest kaup á 900 Grillhúsi í Vestmannaeyjum. Í samtali við DV segir Bergvin:

„Ég sjálfur er úr Eyjum og við höfum búið hér síðan 2016. Við höfum verið í ferðapjónustunni og rekum Aska hostel í dag.

Það eru samlegðaráhrif í því að kaupa veitingastaðinn. Það eru spennandi tímar framundan í Eyjum.“

Verða gerðar breytingar á staðnum?

„Engar stórvægilegar breytingar. Við mun bæta eitthvað við matseðilinn og auka opnunartímann.“

UMHVERFISVÆNI  
RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI  
VIÐ PLASTI



ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is



## María Sigrún og Pétur Árni skilin

María Sigrún Hilmarsdóttir fréttakona á RÚV og Pétur Árni Jónsson, framkvæmdastjóri Heildar fasteignafélags eru skilin.

Pétur Árni var áður útgefandi Viðskiptablaðsins og Fiski-fréttu. Hann á eftir sem áður 67 prósentu hlut í útgáfufélagi blaðanna. Pétur Árni starfar nú

sem framkvæmdastjóri Heildar fasteignafélags, sem rekið er af Gamma.


Þarið hefur verið saman í nokkur ár og eiga saman þrjú börn, auk íbúðar í gullfallegu húsi á Ægisíðu. Þau giftu sig árið 2011 í Dómkirkjunni og gaf Karl Sigurbjörnsson biskup þau saman, veislan fór fram á Kjarvalsstöðum.

ÓSAL

Varahlutaverslun  
og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is  
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is  
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuþorðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantánir á varahlutum.







# Ofbeldi áður fyrr en ofverndun í dag

■ Uppeldissögur Íslendinga ■ Erum við að klúðra þessu?

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



Uppeldi er sú aðferð sem notuð er til þess að styðja tilfinninga-, samfélags-, vitsmuna- og líkamlega þróun barns frá fæðingu til fullorðinsára. Algengasta form uppeldis er frá kynforeldrum til barna en einnig getur sú staða komið upp að aðrir fjölskyldumeðlimir eða ókunnugir ali börn upp. Uppeldi hefur í gegnum árin verið mjög margvíslegt og er talið að það ráðist mikið til af samfélagslegum aðstæðum foreldranna, stétt þeirra og efnahag.

Það þarf ekki að líta langt aftur í tímann til þess að sjá að uppeldi hefur breyst gífurlega og ef skoðaður er munurinn á uppeldisaðferðum frá árinu 1960 til dagsins í dag má sjá miklar breytingar. Sumar jákvæðar, aðrar neikvæðar.

Það eru líklega margir foreldrar sem kannast við það að hafa heyrt foreldra, ömmur og afa missa út úr sér orðin: „Þú ert að gera þetta vitlaust“ þegar kemur að uppeldisaðferðum. Þau orð geta verið röng í einhverjum tilfellum, en eru þau það alltaf? Getur verið að það sé eitthvert vit í þeim ráðum sem jafnvel reynslumikið fólk er að reyna að deila? Ef við skoðum aðeins hvernig uppeldisstefna hefur mótast hérlendis hefur mikil framþróun orðið, mest til góðs en annað ekki.

Lítið var gert úr hlutverki feðra í uppeldinu

Árið 1970 lét Rauðsokkahreyfingin í sér heyra varðandi jafnrétti kynjanna og vegna þeirra breyttist margt. Konur sóttu fram og sýndu hvað í þeim bjó en þrátt fyrir það var ávallt talað um mæður sem aðal umönnunaraðilann allt til ársins 1980. Á þessum árum fóru feður þó að taka meiri þátt í heimilislífinu en hlutverk föður í lífi barnsins var þó ekki talið jafn mikilvægt og hlutverk móður. Talið var að móðirin bæri ábyrgð á og ætti að stjórna uppeldinu og gert var minna úr hlutverki feðra. Þegar breytingar urðu í samfélaginu og konur fengu kosningarétt, aukin réttindi og þær fóru að fara út á vinnumarkaðinn í meira mæli varð stofnun leikskóla algengari. Frá þessum árum og fram til dagsins í dag hefur viðhorf fólks til uppeldis barna breyst töluvert.

Það sem margt eldra fólk veltir þó fyrir sér í dag er hvort þessi mikla breyting sem orðið hefur á uppeldisstefnu teljist yfirhöfuð til ávinnings. Fólk hefur velt því fyrir sér hvort foreldrar í dag séu farnir að ofvernda börnin sín. Foreldrar séu farnir að ganga of langt í að passa að börnin hafi ávallt gaman og eitthvað til afþreyingar og jafnvel farnir að tipla á tánum í kringum tilfinningar barna. Sem hafi síðan orðið til þess að foreldrar séu að missa tókin á uppeldinu smám saman.

Getur verið að það sé eitthvert



Ofverndun  
Vandamál nútímaforeldra.



Reykningar  
Ekkert þótti til-  
tökumál að svæla  
nálægt börnum.



Einfaldara  
líf Börn léku  
sér úti allan  
daginn áður  
fyrr.



vit í þessu eða eru þetta vangaveltur frá kynslóð sem stundum er talin hafa vanrækt börnin sín?

Gjarnan hefur fólk sem fæddist á árunum 1960 til 1990 sagt að unga kynslóðin í dag sé umvafin bómull, hún þurfi ekki að taka þátt í heimilisverkum, fái að hag-

ræða tíma sínum of frjállega og eyði allt of mörgum stundum fyrir framan skjáinn. Þá er jafnframt oft talað um einfaldari tíma. Tíma þar sem Jón gekk yfir til Gunna og spurði hann hvort hann vildi „vera memm“. Þá hafi vinirnir farið út og verið tímunum saman í að klifra í klettum, moka sand eða leika lögggu og bófa. Ekki hafi þurft foreldra til þess að skipuleggja „hitting“ né neinn umsjónaraðila sem horfir yfir öxl barnanna öllum stundum. Engar tölvur komu við sögu eða símar.

Áhugaverð er frásögn ein á bloggsíðu frá manni, fæddum árið 1971, sem blaðamaður rakst á við skrif þessarar greinar.

„Þegar kom að sumarfrí fjölskyldunnar þá fór ég ekki í sumar-búðir. Fjölskyldan mín hafði heldur ekki efni á því að skipuleggja langt sumarfrí saman að skoða Evrópu. Nei, mamma mín safnaði eins miklum pening og hún gat og fór hún með okkur á ströndina eins oft og hún gat. Það fannst okkur frábært, að fá að fara og pissa í sjóinn. Það var það eina sem við vildum fá úr lífinu á þessum tíma.“

Einnig segir hann: „Þegar ég var orðinn tólf ára þá skildi mamma eftir smá klink fyrir mig og litla bróður minn á eldhúsbordinu áður en hún fór í vinnuna ásamt bréfi sem á stóð: „Verið góðir. Sé ykkur í kvöld. Það verður svínakjöt í matinn. Ekki slást. Elska ykkur, mamma.“ Restina af deginum fengum við svo að ákveða. Við smurðum okkur samloku, læstum hurðinni þegar við fórum út. Hjólúðum langar leiðir, spiluðum hafnabolta og veiddum fisk. Það var enginn sem fylgdist með okkur og það var enginn sem setti út

á uppeldisaðferðir móður okkar í kommentakerfinu. Það vissi ekki einu sinni neinn af okkur nema mamma og hún vissi að það yrði allt í lagi með okkur þar sem hún hafði gert allt sem í hennar valdi stóð til þess að kenna okkur á lífið. Nú var komið að okkur að njóta lífsins og læra á hvernig hlutirnir virkuðu.“

Aldamótin mörkuðu tímamót í uppeldisaðferðum

Mikil breyting átti sér stað í uppeldisaðferðum í kringum aldamótin en þá voru farsímar og spjaldtölvur orðnar hluti af heimilinu. Krakkar skráðu sig á samfélagsmiðla og fóru fljótlega að eyða tímunum saman á Internetinu. Fljótlega fór að bera á því að aðlaga þurfti þessa nýju tækni að lífi barna og hafa nú verið settar reglur þess efnis hverju krakkar hafa rétt á þegar kemur að notkun hinna ýmsu forrita. Samkvæmt UNCRF hafa börn nú rétt til að taka þátt í hlutum sem viðkoma þeim á netinu. Þá hafa þau einnig rétt til að koma með eigið álit á ákveðnum málefnum og ber fullorðnum skylda til að hlusta á þau og taka mark á þeim.

Hirtingar

Það eru ekki mörg ár frá því að líkamlegu ofbeldi var beitt til þess að ala upp börn. Þá var þeim gjarnan refsað með rassskellingu eða voru slegin utan undir fyrir slæma hegðun. Í dag er þess konar hegðun gagnvart barni talin með öllu ólíðandi og geta foreldrar misst forræði yfir börnunum ef upp kemst um slíkt. Áhugavert er því að skoða það hversu stutt er síðan þeim aðferðum var í raun og veru beitt.

## BORÐPLÖTUR OG SÓLBEKKIR



Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins



**Fanntófell**

Gylfaflöt 6-8 / S. 587 6688 / fanntofell.is



“Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu”

SH Morgunblaðið



# Fyrsta Skiptið

ATHUGIÐ - AUKASÝNING 28. MARS OG Á AKUREYRI 13. APRÍL



Föstudagur 22. mars **uppselt**  
Laugardagur 23. mars Lokasýning **uppselt**

Fimmtudagur 28. mars Aukasýning  
Laugardagur 13. apríl Aukasýning í Hofi á Akureyri





„Ég man að ég var rassskellt eða slegin utan undir ef ég var með kjaft. Það er eitthvað sem ég myndi aldrei gera í uppeldi á mínu barni í dag,“ segir einn viðmælandi, fæddur 1987, blaðakonu.

Þá segir annar viðmælandi, sem fæddist árið 1988: „Ég var látin bíta í sápu fyrir það að bíta bróður minn. Ég beit hann aldrei aftur en ég myndi aldrei gera þetta við mín börn. Ég var ekki einu sinni smákrakki á þessum tíma.“

Þá er einnig áhugavert að hugsa til þess að fyrir einungis örfáum árum taldist það eðlilegt að reykja sigarettur á heimilinu, jafnvel á meðan leikið var við börnin. Þá voru þau gjarnan send út í búð með miða frá foreldrum þar sem á stóð að þau ættu að kaupa pakka af sigarettum og mættu velja sér nammi ef afgangur yrði.

#### Foreldrar reyktu og drukku í kringum börnin

Það þarf ekki að gera annað en að horfa á gamlar klassískar íslenskar kvikmyndir eins og myndina Stella í orlofi sem tókst afbragðsvel að fanga tíðaranda íslensks samfélags á árum áður. Þar má sjá

**Snjall-  
símar** Stór  
breyting í lífi  
barna.



hvernig foreldrar reyktu daginn út og daginn inn og drukku mikið magn af áfengi þrátt fyrir að börnin væru í kring. Börn voru hvorki í sérstökum öryggisbúnaði í bílum, né voru þau skikkuð til þess að setja á sig bílbelti. Þau voru án eftirlits meiri hluta dags og þurftu að taka á sig alls konar ábyrgðarverkefni sem börnum í dag væri meinað að gera.

Kona fædd árið 1962 deildi einnig reynslu sinni af mismunandi uppeldisaðferðum, bæði frá

því hún var sjálf barn og frá þeim tíma sem hún ól upp börn sjálf:

„Þegar ég var að alast upp hjá ungri móður minni sem var kominn með tvö börn nítján ára gömul þá þótti það ekkert tiltökumál að binda krakka úti í garði með beisli. Mamma þurfti að sinna yngri bróður mínum inni og ég var útikrakki. Ég var sett í beisli sem bundið var við girðinguna. Ég lék mér í innkeyrslunni en bandið var þó það stutt að ég komst ekki út á götu. Það voru ekki allir sáttir við

„Það þótti ekkert tiltökumál að binda krakka úti í garði með beisli



þetta og ein kona hótaði að kæra mömmu til barnaverndarnefndar en þetta var samt lenskan þá.“

Hún segir að á þessum tíma hafi leikskólar ekki verið algengir en að róluvellir hafi verið í öllum hverfum.

„Þar voru gæslukonur sem pössuðu krakkana og það var greitt við hlið þegar komið var með börnin. Við lékum okkur svo úti allan tímann sem við vorum þar. Barna voru bílar ekki mjög algeng eign þannig að það var gengið þegar við þurfum að fara eitthvert. Það þótti ekkert tiltökumál að ganga frá Laugarnesinu og niður á Laugaveg. Krakkar gengu ein í skólann frá sex ára aldri og ekki í fylgd með fullorðnum nema kannski fyrsta skóladaginn. Börn léku sér úti eins mikið og hægt var og þá þurfti ekki að taka eins mikið til á heimilinu. Pabbinn vann úti og tók ekki þátt í heimilisstörfum nema í einstaka tilfellum. Afþreying barna á þessum tíma voru bækur og leikur, sjónvarp var notað spari. Þá var ekkert sjónvarp á fimmtudögum og allan júlímánuðinn. Á fimmtudagskvöldum var setið og hlustað á útvarpsleikrit og þá sátu krakkarnir hljóðir og hlustuðu. Teiknuðu gjarnan eða lituðu á meðan.“

Hún segir uppeldi barna í dag ekki mikið hafa breyst frá því að hún ól sín börn upp fyrir um 20 árum.

„Uppeldið var svipað og það er í dag nema tölvunotkun var ekki eins algeng. Börn léku sér meira með dót og fengu að horfa á barnatímann í sjónvarpinu og einstaka bíómynd. Þegar Lati-ber var að byrja þá voru haldin heilsupartí og borðað grænmeti og ávexti á meðan fylgst var með

Íþróttálfnum á skjánum.“

Ung tveggja barna móðir, sem er fædd árið 1995, hafði svo þetta að segja:

„Þegar ég var að alast upp þá var allt nýtt þar til það nánast hrundi í sundur. Fötin voru saumuð saman aftur og aftur og notuð, sama hversu ónýt þau voru orðin. Þegar ég eignaðist svo mitt fyrsta barn árið 2015 þá kom tengdamamma mín með flíkur af pabba barnsins, sem er orðinn 37 ára í dag, til okkar. Hún kom ekki bara með gamlar flíkur heldur líka snuðin sem öll börnin hennar höfðu átt. Það átti sko aldeilis að endurnýta!“

Hún minnst þess einnig þegar hún eyddi heilum skóladegi með brákaða hönd á hörkunni.

„Hörkunni og meðvirkninni var troðið í alla alls staðar. Ég var einu sinni heilan skóladag með brákað bein í framhandlegg af því að ég átti bara að hætta þessu væli. Í dag yrði sá skólustarfsmaður brenndur á báli bara fyrir það að láta þessi orð út úr sér.“

Já, tímarnir breytast og mennirnir með. En þá er komið að því að velja fyrir sér spurningunum sem lagðar voru fram hér í upphafi greinar. Getur það verið að uppeldi barna í dag sé ábótavant? Eru foreldrar í dag að ofvernda börnin sín? Getur verið að það sé eitthvert vit í þeim ráðum sem jafnvel reynslumikið fólk er að reyna að deila?

Því miður veit greinarhöfundur ekki svörin við þessum spurningum. Hún hefur þó fulla trú á því að foreldrar í dag séu að reyna að gera sitt besta í þeim kringumstæðum sem þeir búa við. Alveg eins og fólk gerði hér á árum áður. Eru við ekki bara öll að reyna að sníða okkur stakk eftir vexti? ■

Hágæða blautfóður frá Þýskalandi

**25%**

**afsláttur**

Margar bragðtegundir  
Hentar vel fyrir matvanda

**gæludýr.is**

www.gaeludyr.is





# EPSON

# 10.000 - 60.000

# KRÓNA AFSLÁTTUR

## af Epson WorkForce Pro fyrirtækjaprenturum í mars

LÆGRI  
PRENTKOSTNAÐUR,  
UMHVERFISVÆNNI,  
HRAÐVIRKARI

EPS-WFCS790DWF

### SPARAÐU BLEKIÐ OG TÍMANN

Frábær kostur fyrir smærri fyrirtæki. Allt að 50% lægri rekstrarkostnaður en fylgir sambærilegum laser prenturum.

TILBOÐ

**49.995** | VERÐAÐUR  
79.995

- Prentar A4 og allt þar fyrir neðan
- Fjölnota – prentar, skannar, ljósritar og sendir fax
- Duplex prentun, skönnun og ljósritun – prentar báðum megin
- Þráðlaus með Wi-Fi og Wi-Fi Direct
- Hraðvirkur – prentar allt að 34 síður á mínútu bæði í lit og svarthvítu
- Precision Core tækni
- Hagkvæmur – prentar allt að 5.000 síður á einum blekskamti

50%  
AFSLÁTTUR



EPS-WF7720DWF

### ÖFLUGT A3 FJÖLNOTA TÆKI

Góður kostur fyrir heimarekin fyrirtæki sem vilja halda prentkostnaði niðri en auka skilvirkni.

TILBOÐ

**24.995** | VERÐAÐUR  
49.995

- Prentar A3 og allt þar fyrir neðan
- Fjölnota – prentar, skannar, ljósritar og sendir fax
- Duplex prentun – prentar báðum megin
- Bakki tekur allt að 500 síður
- Þráðlaus Wi-Fi og Wi-Fi Direct

SKOÐAÐU BÆKLINGINN  
Á HEIMASÍÐUNNI TL.IS



NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLUFULLTRÚUM FYRIRTÆKJASVIÐS  
SÍMI 414 1710 OG Á NETFANGIÐ SALA@TL.IS

**TÖLVU  
LISTINN**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS

FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA



# Greindist með krabbamein fjórum vikum eftir barnsburð

Heimur Líneyjar Rutar hrundi

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



Líney Rut Guðmundsdóttir er 32 ára tveggja barna móðir sem býr í Reykjavík ásamt manni sínum og tveimur sonum. Eldri sonur þeirra hjóna er fjögurra ára en sá yngri sex mánaða. Þegar Líney var gengin um 33 vikur með yngri son sinn fór hún að finna fyrir breytingum á hægri brjósti sínu sem varð bólgið og hart viðkomu. Taldi hún breytinguna vera vegna meðgöngunnar en þegar bólgan gekk ekki til baka ákvað hún að heyrja í



Greindist 32 ára Læknarnir voru rólegir.

mæðraverndinni til öryggis. Ljós-móðirin sem hún ræddi við sagði

henni að hafa ekki áhyggjur og róaðist Líney töluvert við það. Fljótlega fór þó af stað atburðarás sem Líney sá ekki fyrir.

„Ég átti tíma hjá minni ljósmóður á 35. viku og fannst henni þetta frekar skrítið. Hún ákvað að hafa varann á og sendi mig í ómun á brjóstinu. Ég var ómuð af reyndum lækni í Domus Medica og sá hann ekkert nema smá vökva í brjóstinu sem hann sagði vera vökvablöðru. Hann tappaði um 35 millilítrum af vökva úr brjóstinu og ég fann strax fyrir miklum létti. Ég margspurði hann þó hvort hann sæi ekkert annað og fékk staðfestingu frá honum að þetta væri ekkert alvarlegt.“

## Krabbamein vex ekki svona hratt

Við þessar upplýsingar varð Líney mjög létt en um þremur vikum síðar hafði vökvabláðran fyllst aftur. Ljósmóðurinni leist ekki á málið en eftir ómun á Landspítalanum sá fæðingarlæknir fyrirferð í brjóstinu sem hann taldi þó aðeins vera gamalt blóð eftir ástunguna hjá Domus.

Vikurnar liðu og átti Líney strákinn sinn þann 13. september árið 2018. Brjóstið var enn stútfullt af vökva eftir fæðingu og var Líney að bugast vegna verkja.

„Heimaljósmóður minni leist ekki á þetta og sendi mig aftur upp á spítala. Þar var annar læknir sem skoðaði mig og sá nákvæmlega það sama og hinn en vildi þó til öryggis senda mig á leitarstöðina til þess að útiloka allt. Þarna byrjaði hræðslan að gera vart við sig.“

Líney fór á leitarstöðina þar sem fyrirferðin sást greinilega ásamt vökvunum.

„Hún sagði þetta líta út eins og góðkynja vörðu og sagði að krabbamein yxi yfirleitt ekki svona hratt. Sagði ólíklegt að það sæist ekki á 35. viku meðgöngu en væri orðið svona stórt núna. Í fyrstu ætluðu þau ekki að tappa af brjóstinu en ég sagðist ekki fara fyrr en það yrði gert. Þau gerðu það og í leiðinni tóku þau fínálarsýni úr fyrirferðinni og ég fór út með þær upplýsingar að það væru 90% líkur á

Líney Rut ásamt syni sínum sem er sex mánaða gamall í dag.



Það fyrsta sem ég hugsaði var að ég væri að fara að deyja og ég myndi ekki fá að sjá strákana mína vaxa úr grasi

því að þetta væri góðkynja varta.“

Fínálarsýnið reyndist ekki fullnægjandi og taka þurfti grófnálarsýni. Þá hafði blaðran aftur fyllt sig.

„Daginn eftir sýnatökuna fór mér að líða illa. Var mjög kalt og mjög verkjuð undir hendinni og niður hana. Það endaði á því að um morguninn þurfti að hringja á sjúkrahúsi. Kvalirnar voru það miklar að þetta var verra en að koma börnunum í heiminn. Í ljós kom að ég hafði fengið sýkingu sem dreifði sér út um allt eitlakerfið. Ég lá inni á spítala í tæpar tvær vikur með sýklalyf í æð og á meðan ég var þar kom niðurstaðan úr sýnatökunni. Í ljós komu frumubreytingar, þvílíkur léttir.“

## Heimurinn hrundi

Var þá tekin ákvörðun um að tveimur vikum eftir útskrift af spítalanum færi Líney í aðgerð þar sem fyrirferðin yrði fjarlægð og send í greiningu.

„Þann 19. nóvember kom skellurinn. Ég fór að hitta skurðlækninn í eftirfylgni og var svo glöð að nú ætti þetta að vera búid en þá fékk ég að vita að um krabbamein væri að ræða. Það þyrfti að fjarlægja brjóstið, ég þyrfti að fara í lyfjameðferð og mögulega geislameðferð. Heimurinn hrundi. Ég sat þarna 32 ára, tveggja barna móðir með nýfætt barn heima og fékk þessa blautu tusku í andlitið. Það fyrsta sem ég hugsaði var að ég væri að fara að deyja og ég myndi ekki fá að sjá strákana mína vaxa úr grasi. Það næsta var hárið, helvítis hárið. Læknirinn og hjúkrunarfræðingurinn voru yndislegar og náðu þær að róa mig aðeins niður og sögðu mér að batahorfur væru sem betur fer nokkuð góðar.“

Á þessum tímupunkti fór allt í gang og fór Líney í brjóstnám tveimur vikum seinna sem gekk vel. Þar fékk hún að vita að meinið hafði ekki náð að dreifa sér neitt.

„Þar sem þeir náðu öllu meininu litu þeir á mig sem læknaða en lyfja- og geislameðferðirnar kallast í mínu tilfelli fyrirbyggjandi eða viðbótarmeðferð þar sem læknarnir geta ekki verið 100%

á því að það séu einhvers staðar einhverjar krabbameinsfrumur á sveimi. Mitt mein kallast þrúneikvætt og hefur sú tegund þá tilhneigingu að dreifa sér þar sem það getur bæði farið með sogæðakerfinu með viðkomu í eitlana og með blóðinu sem gefur því greiðari leið að öðrum líffærum.“

## Vill ekki vorkunn

Í janúar á þessu ári byrjaði Líney í lyfjameðferð og þarf hún að fara í sex skipti á tveggja vikna fresti og eftir það tekur við geislameðferð.

„Ég átti erfiðast með að sætta mig við lyfjameðferðina þar sem hún gerir mig veika og gerir sjúkdóminn sýnilegan vegna hármisssins. Ég vildi síst af öllu breytast í sjúkling. Ég er búin með fjórar meðferðir af sex og þetta hefur gengið ágætlega. Ég á oftast eina slæma viku og eina ágæta og svo er maður skotinn niður aftur. Þreytan, orkuleysið og vanlíðanin er svakaleg og ég á enn erfitt með að sætta mig við hármisssinn og fer ekki út úr húsi nema með hárkollu. Það er aðallega af því að ég vil ekki vera sjúklingurinn á svæðinu og fá vorkunn frá fólki.“

Segir Líney það vera mikla áskorun að ganga í gegnum veikindi sem þessi með tvö lítil börn en fjölskyldan sé virkilega heppin með gott bakland og mikla hjálp.

„Það munar öllu í svona aðstæðum því það gerir það að verkum að börnin okkar finna ekki eins mikið fyrir aðstæðunum. Ég hef alltof oft heyrt að ef konur undir fertugt finni eitthvað í brjóstunum sínum sé gert lítið úr því af því að þær séu ekki „nógu gamlar“ til þess að fá brjóstakrabbamein. Það eru um tíu konur á ári sem greinast fyrir fertugt og ég vil hvetja konur á öllum aldri til að vera meðvitaðar um brjóstin á sér. Ef þær finna eitthvað að standa þá með sjálfum sér og fá skoðun. Líkurnar á að allt sé í góðu eru mun meiri en þú gætir líka verið ein af þessum tíu.“

Líney hefur ákveðið að deila ferli sínu í krabbameinsmeðferð á Instagram undir notandanafninu: lrg9

## Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjódum aðeins það besta fyrir þig!

Parki  
INTERIORS

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is





HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN



**STÖK  
DÝNA**  
160X200CM  
**29.175 KR.**

**FYRSTU  
KEMUR  
FYRSTUR  
ÆR!**

**OFURTILBOÐ OFURTILBOÐ OFURTILBOÐ OFURTILBOÐ OFURTILBOÐ**

# OFURTILBOÐ

## POPPY

160X200CM

HEILSURÚM MEÐ SVÆÐASKIPTU GORMAKERFI OG EINSTAKRI AÐLÖGUN OG ÞYNGDARDREYFINGU.

**TILBOÐ**  
**66.521 KR.**

**DÝNA, BOTN OG FÆTUR**  
**FULLT VERÐ. 102.340 KR.**

**35%**  
**AFSLÁTTUR**

**AÐEINS  
12 STK.**

**rekkjan**  
HEILSURÚM





Súðurlandsbraut 14  
2. hæð  
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson  
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



### Fær Már feitan tékka við starfslok?

Már Guðmundsson seðlabankastjóri vekur nú athygli á að seðlabankastjóri hafi setið eftir í launapróun miðað við aðra ædstu embættismenn. Hafi munurinn ekki verið meiri í áratugi. Már, sem gegnt hefur embættinu í tíu ár, hættir á árinu og nýr seðlabankastjóri verður skipaður þann 20. ágúst. Segist hann nefna þetta fyrir samkeppnishæfi bankans. Ef laun bankastjóra dragist aftur úr verði erfitt að manna stöðuna. Nefnir hann sérstaklega að skoðun á launum seðlabankastjóra hafi síðast verið gerð fyrir sjö árum. Ef farið yrði í sérstaka skoðun á launinum og þau hækkuð verulega myndi það væntanlega verða afturvirk. Gæti Már þá átt von á feitum tékka við starfslok.

### Ysta hægridd sækir að Þjóðkirkjunni

Sá stuðningur og aðstoð sem Þjóðkirkjan hefur veitt hælisleitendum sem mótmæltu við Austurvöll hefur valdið miklum kurr yst á hægrí vængnum. Vanalega er það sá hópur sem styður kirkjuna hvað dyggast. Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins, kallaði Dómkirkjuna almenningsnáðhús. Hinn þekkti bloggari og tollari Guðbjörn Guðbjörnsson sagði sig úr Þjóðkirkjunni með látum. Hann sagði: „Hef nákvæmlega engan áhuga á að borga skeinipappír fyrir meðlimi No Borders.“ Guðstaf Níelsson sagði að dómkirkjuprestur og biskup væru „sporléttir með skeinipappírinn“. Þá hafa sams konar skilaboð heyrst frá báðum þjóðernissinnaflokkunum, Þjóðfylkingu og Frelsisflokknum. Kirkjan þarf þó ekki að örvænta vegna þessa. Ysta hægridd getur tæpast talist fjöldahreyfing.



# Lífið getur verið bærilegt

## Leiðari

Kristján Kormákur Guðjónsson  
kristjon@dv.is



„Ég hafði dæmt sjálfan mig úr leik og trúði ekki á leiðina til baka“

Ég var fimm ára þegar ég var tekinn af móður minni. Hún var ekki fær um að ala mig upp vegna veikinda. Hún glímdi við geðhvörf og alkóhólisminn eittraði huga hennar, svo stundum var ég í öðru sæti. Þrátt fyrir erfið veikindi var mamma oft góð. Við fórum í labbitúra, hún sagði mér sögur og einu sinni sagði hún: „Ef þú klippir af þér neglurnar og nærð að fylla heila krukku og setur þær hjá styttni af Jóni Sigurðssyni, færðu allar þínar óskir uppfylltar.“ Svona var mamma, uppátækjasöm, fyndin, skemmtileg og líka mjög veik. Hún var líka ung og í sambúð með manni sem átti við áfengisvanda að stríða. Þó þau væru oft góð við hvort annað breyttust þau stundum í myrkraverur. Þá var fjandinn laus. Og ég sá hluti sem ekkert barn á að verða vitni að.

Einn daginn var amma Jóhanna mætt. Hún leiddi mig í burtu frá stóru rauðu húsi á Suðurgötu. Og allt í einu átti ég heima hjá afa og ömmu í Bolungarvík. Á sumrin voru þau á Dröngum. Það birti til en stundum saknaði ég mömmu.

Á sumrin var ég á Dröngum og Seljanesi. Afi og amma áttu fjórtán börn og ég varð fimmtánda barnið. Á Dröngum tándum við stundum sprek í eldinn. Þá var sólin kannski að setjast og sólrákin náði upp í landsteina og krían var þarna á sveimi að kljúfa djúpið upp á við með síli í gogginum og amma sagði: „Ég hef aldrei drepit neina lifandi veru um ævina, nema flugu og það var óvart.“ Svona var hún amma mín góð. Hún hafði mjúkar hendur og hljómfagra rödd.

Amma las fyrir mig á hverju kvöldi þar til ég sofnadi. Hún færði mér kakó í rúmið. Þegar faðir minn hóf svo sambúð með fósturmóður minni var ég orðinn svo fordekraður að þegar mér var fengið það hlutverk að raða skónum og taka til í herberginu mínu strauk ég að heiman. Ef ég sulaði á matarborðið á Dröngum, uppstúf eða sel og bræður pabba skómmuðu mig, sagði amma: „Hann er nú örvhentur greið.“

Afi minn, Kristinn frá Dröngum, var oft uppi í herbergi að lesa Íslendingasögurnar, hlusta á veðurfréttir eða flá sel niður á hlein eða spjalla við æðarkollurnar. Þegar við vorum á Dröngum var enginn tími. Við vöknudum þegar við vorum búinir að sofa.

Hann sagði að það væru engin rök til fyrir því að menn ættu ekki að geta lifað í samfélagi nema að eiga margfalt á við aðra. Það væri ekkert sem réttlæti það. Og það er satt. Þegar við sátum síðan að spjalla mörgum árum síðar og hann var með krabbamein og að deyja, sagði hann að forvitnin væri farin og þess vegna væri þetta orðið gott. Svo bætti hann við: „Jæja, Kristján minn. Nú er þetta orðið gott hjá okkur. Ég þarf að halda áfram að drepast.“ Svo kvóddumst við. Hann dó. Og svona var afi minn.

Og síðan líður tíminn. Lífið var bærilegt. Ég var í íþróttum, unglingslandsliði, stofnaði körfuboltalið þegar ég var 15 ára sem

hefur spilað úrslitaleik í Laugar-dalshöll. Ég ætlaði að verða landsliðsmaður í knattspyrnu.

En síðan byrjaði ég að drekka áfengi. Þá drakk ég áfengi af sömu áfengju og mamma hafði gert. Ég var fljótur að týna sjálfum mér. Eftir tvö ár var ég á götunni og svaf í yfirgefnum húsum. Ég var beittur kynferðisofbeldi í eitt skipti. Það fyllti hausinn á mér af reiði. Og ég hætti að vera góður. Ég varð týndur. Allt snerist um næsta skammt. Í undirheimunum sá ég líka hluti sem enginn ætti að verða vitni að.

Ég reyndi að komast til baka en á endanum gafst ég upp. Ég sagði foreldrum mínum að ég ætlaði að verða glæpamaður og döpisti. Ég var þreyttur á að valda þeim vonbrigðum. Ég hafði dæmt sjálfan mig úr leik og trúði ekki á leiðina til baka.

En einn daginn tókst það, nokkrum árum síðar. Síðan þá hef ég eignast fallegustu börn í heimi, skrifað nokkrar bækur og fyrir tilviljun villtist ég inn í fjölmiðlaheiminn. Það var árið 2012 sem ég var ráðinn á Pressuna. Ég elskaði vinnuna. Ég var í vinnunni nánast allan sólarhringinn. Tveimur árum síðar var ég orðinn ritstjóri. Tveimur árum eftir það var mér boðið að verða ritstjóri DV þar sem ég starfaði með snillingnum Kolbrúnu Bergþórsdóttur. Ári seinna var ég ráðinn adalritstjóri.

Það var ótrúlegur heiður að fá

að gegna þessari stöðu. Ennþá meiri heiður að fá að vinna með blaðamönnum sem ég hafði borið mikla virðingu fyrir. Þá fylltist ég ánægju við það að kenna öðrum blaðamönnum.

Fjölmiðlar hafa breyst á þessum tíma eins og gengur. Fjölmiðlaumhverfið er dapurt og ósanngjarnt þar sem einn miðill fær allt upp í hendurnar. Og á ritstjórnnum fækkar fólki. Það er alltaf erfitt að sjá góða vini og félagara fara. Það kemur maður í manns stað. En stundum kemur enginn í staðinn. Við eigum marga góða blaðamenn og sýn fólks á stéttina er oft meingölluð. Það leggur enginn á sig margra ára nám til að fá ömurlegar tekjur með það að markmiði einu að safna íp-tölum.

Ég er í blaðamennsku til að segja fréttir. Til að segja sögur. DV bar Braggamálið á herðum sér og Klaustursmálið ásamt Stundinni. Fleiri mál væri hægt að tína til. Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í samfélaginu. Þeir eru fjórða valdið. Grundvöllur fyrir lýðræðislegri umræðu.

En síðan er líka mikilvægt að segja sögur. Sögur fólks. Sögur af sorg og sigrum. Og þess vegna kem ég aðeins inn á mína sögu hér. Ég hef skrifað um mín erfiðustu augnablik í pistlum og eins farið í viðtöl. Ég segi mína sögu í þeirri von að einhver sem hefur villst af leið fái aftur trú á sjálfan sig eða sjái möguleika á að eiga bærilegt líf.

Og þess vegna segi ég það enn og aftur: Lífið getur verið bærilegt. Og eins og afi sagði, þá skiptir forvitnin máli. Á meðan hún er enn til staðar þá er engin ástæða til að leggja upp í rúm og halda áfram að drepast. ■

## Orðið á götunni: Litaleikir Hannesar



Nýútkomnar æviminningar Helga Magnússonar, Lífið í lit, eftir sagnfræðinginn Björn Jón Bragason hafa heldur betur hrist upp í þjóðfélagsumræðunni. Í bókinni rifjar Helgi upp sögu af Hannesi Hólmsteini Gissurar-syni sem fékk styrk frá Samtökum iðnaðarins til að gera heimildarmynd um umhverfi-

svæna atvinnustarfsemi. Helgi, sem var formaður, veitti Hannesi eina milljón króna. Myndin átti að heita Græna hagkerfið en hefur ekki enn litið dagsins ljós.

Hannes hefur þrætt fyrir þetta og sagst hafa þegið peningana til að skrifa greinar í Þjóðmál og önnur tímarit. Ljóst er hins vegar að Samtök iðnaðarins ætluðu ekki að styðja við greinaskrif. Höfðu samtökin skýra stefnu um

að veita aðeins styrki til að efla atvinnulíf í landinu.

Hannes er ekki hættur í litaleikjum sínum. Nýverið greindi hann frá því að hann væri á leiðinni til Póllands á alþjóðlega ráðstefnu. Umfjöllunarefnið eru auðlindir hafnsins og öryggi á hafi úti, eða „bláa hagkerfið“ eins og Hannes kallar það. Orðið á götunni er að það ætti að vera hægt að næla í einn styrk eða tvo þar.

## Spurning vikunnar

Á bólusetning að vera skylda?





MYND HANNA/DV

# Tekur áhættu með því að taka þátt í verkefni landsliðsins

- Vildu ekki sjá það að Alfred myndi spila með landsliðinu
- Vilja eyða spurningum um tapleiki

Alfred Finnbogason, framherji íslenska landsliðsins, hefur gengið í gegnum erfiða tíma innan vallar síðustu mánuði. Alfred er á mála hjá Augsburg í Þýskalandi og iðulega þegar hann spilar er hann stjarna liðsins. Hann skorar og heldur liðinu á floti. Alfred hefur hins vegar frá áramótum 2017/2018,

missst af mikið af leikjum, reglulega, vegna meiðsla. Nú horfir til betri vegar og er Alfred með íslenska landsliðinu, hann er klár í slaginn gegn Andorra í kvöld, fyrsta leik liðsins í undankeppni Evrópumótsins 2020.

„Það er ekki spurning að það var mjög gott að koma og fá klukkutíma undir beltíð,“ sagði Al-

fred þegar blaðamaður DV settist niður með honum í smábænum Peralada á Spáni, þar fór undirbúningur liðsins fram fyrir leikina gegn Andorra og síðan Frakklandi, á mánudag. Alfred snéri aftur á völlum um síðustu helgi með Augsburg. Það stóð tæpt að hann myndi ná landsleikjunum.

„Þegar fór að líða á ferlið, eftir

2-3 vikur í meðhöndlun, þá fór ég að stefna á leik. Þá var stefnan sett á þennan Hannover-leik en samt með skýr fyrirmæli, að ég myndi ekkert spila meira en í 65 mínútur. Þetta voru vöðvameiðsl og hættan á að það gerist eitthvað aftur er þegar vöðvinn er þreyttur. Ég var ánægður með þetta fyrsta skref í leik og finn það alveg að það er alltaf erfitt að koma til baka. Maður er að finna sig og finna taktinn, treysta líkamanum aftur. Ég er búinn að vera óþarflega mikið frá, á þessu og síðasta ári, það tekur sinn tíma að fá þetta sjálfstraust aftur í líkamanum.“

## Vildu ekki að Alfred færi í landsliðsverkefnið

Alfred setti markmiðið á að ná þessu verkefni með landsliðinu, hann lagði mikið á sig til að ná því. „Ég vildi alls ekki missa af þessu verkefni, ef ég hefði ekki getað spilað gegn Hannover þá hefði verið óraunhæft að koma hingað til móts við landsliðið. Það var bæði gott fyrir mig og vonandi landsliðið, ég kem með sama markmið og alltaf, það er að hafa áhrif fyrir liðið. Þjálfararnir verða að ákveða hversu mikið ég get spilað og hversu mikið ég get gert.“

Augsburg var ekki hrifin af því að Alfred væri að fara í verkefnið, félagið bað hann um að sleppa því að fara og bauð honum á móti frí frá æfingum. Það dugði ekki til, Alfred sannfærði forráðamenn félagsins um það að það besta fyrir hann, væri að fara til móts við landsliðið. Spila leiki og fá traust á líkama sinn aftur.

„Það var alveg slagur, ég get viðurkennt það. Þeir voru ekki ánægðir með það að ég væri að fara, þeir reyndu ítrekað að sannfæra mig um að vera eftir. Spila æfingaleik og fá helgarfrí, og enginn

ferðapreyta. Þeir reyndu nokkuð oft að sannfæra mig um það, ég verð auðvitað smá að skilja það. Maður verður að bera virðingu fyrir þeim og þeirra hagsmunum. Ég útskýrði það þannig að ég þyrfti leiki, mig vantaði sjálfstraust, að ég gæti spilað. Að trúa og treysta líkamanum, það kemur með því að spila. Ég útskýrði það fyrir þeim, á endanum hafa þeir ekkert um það að segja. Ég vildi samt ekki fara í leiðindum. Ég var að taka smá áhættu með að koma hingað, mér finnst það þess virði.“

## Fólk fljótt að gleyma

Íslenska landsliðið vann ekki leik árið 2018, en hápunktur ársins var á heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Landsliðsmenn eru spenntir fyrir því að snúa við blaðinu, komast á sigurbraut. „Það hlakkar í okkur að fara að vinna leiki og þá eyðist þessi spurning, í fótboltanum er fólk fljótt að gleyma. Það er gríðarlega mikilvægt að byrja þessa undankeppni vel, við erum búnir að vera að spila á móti óvenju sterkum liðum. Þar viljum við samt spila og viljum vinna og keppa við þau lið, það hefur ekki tekist lengi. Nú eru smá breytingar, með þjálfurunum og nokkrir nýir leikmenn, annars er þetta sami kjarninn. Ég sé ekki ástæðu fyrir því að þessi valgengi ætti ekki að halda áfram. Það eru smáatriði sem skipta máli í þessari undankeppni, ég hef fulla trú á því að við eigum nóg eftir.“

„Við vitum hvernig það er að fara á stórmót, EM 2016 var sturluð upplifun. Það var fyrsta skiptið og maður upplifði öll þessi augnablik með liðinu, það eitt og sér er nóg til að kveikja í mönnum fyrir þessa undankeppni.“ ■

sass & belle

Hreidur.is • Auðbrekka 6 • Sími 822 7242



HREIDUR.IS



MYND HANNA/DV

# „Kirkjan verður að leggja sitt af mörkum fyrir flóttamenn“

- *Toshiki Toma er prestur innflytjenda*
- *Áfram á Íslandi eftir skilnað*
- *Bænastundir og beinar aðgerðir*

Prestur innflytjenda Séra Toshiki fagnar auknum stuðningi kirkjunnar við málaflokkinn.

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Málefni útlendinga hafa verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu undanfarin misseri. Í þeirri umræðu hefur séra Toshiki Toma, prestur innflytjenda, tekið virkan þátt og lagt sín lóð á vogarskálarnar. DV ræddi við Toshiki um uppvöxtinn í Japan, komuna til Íslands og

hvernig málefni útlendinga hafa þróast síðan hann kom hingað fyrir 27 árum.

## Varð undir í samkeppni

Séra Toshiki Toma fæddist árið 1958 í Tókýó í Japan og bjó þar í rúmlega þrjátíu ár. Faðir hans starfaði sem geðlæknir og móðir hans sem húsmóðir. Toshiki á einn eldri bróður sem enn býr í Japan. Faðir Toshikis lést fyrir fimm árum

og Toshiki segir það mikla gæfu að hann hafi náð svo háum aldri. Árið 1945 var hann kvaddur í herinn en seinni heimsstyrjöldinni lauk tveimur vikum áður en hann átti að fara á vígvöllinn.

„Hann var aðeins nítján ára gamall. Ef hann hefði farið í bardaga hefði hann dáið. Á þessum tíma var stríðið orðið örvæntingarfyllt og ungir hermenn sendir í sjálfsmorðsárásir,“ segir Toshiki.

Hvernig var Japan þegar þú varst að alast upp?

„Ég þekkti ekki fátækt eftirstríðsáranna. Það var mikill uppgangur í landinu þegar ég var að alast upp. Á meðal barna og unglinga var mjög hörð samkeppni um að komast í bestu mennta- og háskólana. Ég komst í góðan menntaskóla og stefndi á feril í stjórn málafræði en þá hófust mín vandræði. Flestir aðrir nemendur voru duglegri en ég. Þó að ég lærði og lærði voru einkunnirnar mínar ekki háar og ég varð undir í samkeppninni. Þá fór ég að hugsa um hver væri tilgangur minn.“

Toshiki komst inn í sæmilegan háskóla. Hann hafði mikinn áhuga á sósíalisma og tók þátt í stúd-entapólitíkinni. Á háskólaárunum opnuðust augu hans einnig fyrir kristinni trú og þar fann hann sinn tilgang. Toshiki er sá eini í sinni fjölskyldu sem er kristinn. Hann segir að þetta hafi komið móður hans nokkuð á óvart en hún sé ekki mjög trúuð. Faðir hans var shinto-trúar en studdi son sinn eindregið á þessari vegferð.

Stefnan var hins vegar enn sett á stjórn málin. Í þrjú ár eftir háskólann starfaði Toshiki í verkamannahreyfingunni. Hann segir það hafa verið góðan tíma en kirkjan hafi togað í hann.

„Ég held að ég hafi verið of einlægur maður til að lifa af í pólitíkinni,“ segir Toshiki og glottir út í annað. „Í japönskum stjórn máli um þarf maður að ljúga og misnota fólk. Því ákvað ég að fara í prestaskóla.“

## Áfram á Íslandi eftir skilnað

Skömmu fyrir útskriftina í prestaskólanum fékk Toshiki tækifæri til að heimsækja landið helga. Sænska kirkjan hélt tveggja mánaða námskeið og bauð guðfræðinemum víðs vegar að úr heiminum að koma til Jerúsalem. Þar kynntist

hann séra Helgu Soffíu Konráðsdóttur og eftir hálf ták á giftust þau og fluttu til Japan.

Toshiki fékk prestsstöðu í borginni Nagoya og þar bjuggu þau í tvö ár. Hann segir að þetta hafi ekki hentað þeim vel og engin tækifæri fyrir Helgu að þjóna sem prestur. Þau gerðu frekar ráð fyrir að hafa jöfn tækifæri á Íslandi og því fluttu þau árið 1992.

Voru það viðbrigði að flytja til Íslands?

„Það var ekki auðvelt. Samskipti á milli Íslands og Japan voru ekki jafn auðveld og í dag á tímum netsins. Foreldrar mínir sendu mér dagblöðin í pósti en það tók um mánuð að fá þau í hendur. Á þessum tíma var Helga ekki með fasta vinnu og ég var að læra tungumálið. Sonur okkar var eins árs, eftir tvö ár, annað barn á leiðinni.“

Fjölskyldan bjó í Keflavík til að byrja með, síðan á Snæfellsnesi og loks fluttu þau til Reykjavíkur þar sem Helga fékk fasta vinnu í Háteigskirkju. Tækifærin buðust Toshiki þegar hann hafði fengið íslenskt prestaleyfi árið 1997. Þá tók hann við stöðu prests innflytjenda, sem var tilraunaverkefni á vegum kirkjunnar.

Hvað tók það þig langan tíma að aðlagast landinu?

„Það gerðist smátt og smátt og ekki hægt að segja nákvæmlega til um það. Ég get þó nefnt eitt dæmi um hvenær mér fannst ég vera orðinn Íslendingur. Í Japan segir fólk ekki nei í venjulegum samskiptum, það þykir dónaskapur. Japanir segja alltaf já en viðmælandinn verður að átta sig á merkingunni eftir því hvernig það er sagt. Já þýðir já og nei þýðir nei á Íslandi. Ég þurfti að aðlagast þessu og læra að segja nei. Þegar ég fór í sumarfrí til Japan fannst fólk ég vera orðinn hvass og þá sá ég að ég var orðinn meiri Íslendingur en áður.“

## HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202





**Laugarnes-kirkja**  
Lögreglan rauf kirkjugrið og handtók flóttamenn.

Toshiki hefur nú búið hér í 27 ár og talar góða íslensku. Hann talar hins vegar ennþá japönsku við börnin sín tvö. Árið 1999 skildu Toshiki og Helga en Toshiki ákvað þó að vera um kyrrt á Íslandi.

*Kom það til greina að flytja aftur til Japan?*

„Það hefði verið vandkvæðum bundið fyrir mig. Japanska kirkjan velur vel þá nema sem komast inn í prestaskólann og ætlast til þess að þeir starfi lengi í kirkjunni. Ég hafði snúið til baka með skottið á milli lappanna. Ég var líka búinn að eyða miklu púðri í að læra íslensku og á samfélagið hérna. Auk þess hafði ég mikla trú á þessu nýja starfi. Ég vildi ekki glata þessu öllu.“

**Erfiðast að sjá á bak brottviknu fólki**

Starf Toshikis sem prestur innflytjenda hefur tekið breytingum líkt og þjóðfélagið. Hans störf hafa sjaldnast verið lík störfum flestra annarra presta. Mun stærri hluti hefur falist í sáluhjálpi og ráðgjöf varðandi praktísk málefni.

„Fyrstu verkefni voru að aðstoða konur frá Asíu sem höfðu gifst íslenskum mönnum. Þetta voru mjög erfið mál. Það voru nokkur dæmi þess að þær hefðu verið keyptar til landsins og þær einangruðust. Það ríktu einnig miklir fordómar í garð þeirra því þær töluðu ekki íslensku. Mín störf fólust í því að hitta fólk og reyna að finna lausn á vanda þess, óháð trúarbrögðum, líkt og félagsráðgjafi. Á þessum tíma var lítið fjallað um málefni innflytjenda, en kirkjan tók það skref að koma á þessari þjónustu, á undan samfélaginu.“

Til að byrja með hafði hann aðsetur á Biskupsstofu en síðan hefur hann flakkað á milli kirkna. Hann var lengst tíu ár í Nes Kirkju en hefur nú aðstöðu í Breiðholti kirkju. Innflytjendum hefur yfirleitt farið fjölgandi á Íslandi síðan hann tók við. Árið 2004 var Evrópusambandið stækkað til austurs og þá jókst fjöldi Pólverja og annarra Austur-Evrópumanna á Íslandi. Í hruninu dróst allt saman en þegar

birti til aftur fóru flóttamenn að koma hingað í auknum mæli. Síðan 2015 hefur hann nær eingöngu starfað á þeim vettvangi.

„Mér finnst það nokkuð merkilegt að eftir að ég fór að sinna flóttafólkinu hafa störf mín þróast meira í áttina að hefðbundnum prestsstörfum með þeim athöfnunum sem fylgja. En það besta við starfið er hversu mikið frelsi ég hef í verkefnum mínum. Það eru engin fordæmi, en ég fæ að skapa þau fyrir framtíðina.“

*En hvað er erfiðast?*

„Þegar fólk er sent úr landi. Þegar hælisleitandi kemur til mín hugsa ég: Hvort kemur hvítt blóm eða svart blóm? Fær hann að vera eða verður hann rekinn úr landi? Það er erfiðara fyrir okkur presta að takast á við mál sem þessi því við tökum þeim persónulega. Annars á við um lækna og lögfræðinga sem geta dregið skýra línu milli sjálfs sín og skjólstæðinga sinna. Við köllum fólk ekki skjólstæðinga heldur bræður eða systur okkar. Annars gætum við ekki þjónað þeim sem prestar,“ segir Toshiki og játar að hafa grátið í sumum tilvikunum.

Eftir að fólki hefur verið vikið úr landi tekur oft mikil óvissa við. Toshiki hefur reynt að halda sambandi við fólkið, en það hefur ekki alltaf tekist.

„Þetta fær mjög á mig. Fólkið er hrópanni á hjálp, en ég er hér á Íslandi og það sem ég get gert er mjög takmarkað.“

Hann nefnir sem dæmi hjónin Nasr Rahim og Sobo Anwar Hasan, frá Íran og Írak, og lítil börn þeirra, Leo og Leona. Þau komu til Íslands í mars árið 2017 en var vísað úr landi fyrir jólin það ár.

„Þau voru send til Þýskalands og var vísað þaðan líka síðastliðið haust. Þá flúðu þau til Frakklands og höfðust við í skógi og voru á vonarveli. Ég var þá í fríi í Japan en gat vakið athygli á vandræðum þeirra, ásamt nokkrum vinum á Íslandi, með áskorun á netinu. Þá söfnuðust peningar sem komu þeim vel. Mál þeirra er nú komið í vinnslu í Frakklandi og ég vona innilega að þau fái jákvæð svör þar.“

**Létu reyna á kirkjugrið**

Toshiki hefur ekki verið hræddur við að taka slaginn fyrir flóttamenn. Árið 2016 stóðu hann og séra Kristín Þórunn Tómasdóttir fyrir atburði í Laugarneskirkju þar

# Ég held að ég hafi verið of einlægur maður til að lifa af í pólitíkinni

sem reynt var á kirkjugrið. Stóð þá til að vísa tveimur íröskum mönnum, Ali Nasir og Majed, úr landi en þeir biðu þá ásamt prestunum og fleirum í kirkjunni. Toshiki segir:

„Á þessum tíma voru margir frá Írak reknir úr landi. Ég og Kristín ræddum saman og ákváðum að við þyrftum að sýna hvar kirkjan stæði í þessum málefnum. Við vorum þá þegar með reglulegar bænastundir fyrir hælisleitendur, sem við köllum Seekers. En það vantaði meira beinar aðgerðir svo létum við reyna á þetta gamla hugtak, kirkjugrið, til að sýna fram á að við værum á móti brottvísun flóttafólks. Þetta voru samt fríðsamleg mótmæli, við reyndum ekki að stöðva lögregluna með valdi.“

*Áttuð þið von á því að þetta myndi takast?*

„Já,“ segir Toshiki án þess að hika. „Ég vonaðist til þess að lögreglumennirnir myndu ræða við sína yfirmenn og fresta þessu í það minnsta.“

Það gekk hins vegar ekki eftir. Ali og Majed voru handteknir með mikilli hörku, leiddir út úr kirkjunni og þeir síðan fluttir til Norðs. Eftir það tók við óvissan, en Norðmenn hafa sent Íraka aftur til síns heimalands.

„Þetta var erfitt fyrir alla, líka lögreglumennina. Að þurfa að ganga inn í kirkju til að handtaka menn og leiða þá í burtu. En það var algerlega nauðsynlegt fyrir okkur að sýna fram á hvað væri að gerast í málefnum flóttamanna. Fram að þessu voru brottvísanir á

næstum hverjum degi en enginn tók eftir þeim.“

**Fékk hótunarbréf**

Almennt séð er Toshiki ánægður með hvernig Íslendingar taka á móti innflytjendum. Það hafi einnig farið batnandi með hverju árinu. Þó sé alltaf ákveðinn hópur sem streitist á móti, sérstaklega þegar um múslima er að ræða.

„Þegar ég flutti hingað voru Íslendingar mjög kröfuharðir á að útlendingar töluðu strax íslensku. Þegar ég var nýfluttur hingað og talaði ennþá aðeins ensku við fólk, sagði ónefndur starfsmaður Rauða krossins við mig að ef ég ætlaði að lifa á Íslandi yrði ég að tala íslensku. Hjá Ríkisútlendingum var einnig við lýði hreintungustefna og enginn sem talaði bjagada íslensku mátti koma í þætti. Ævar Kjartansson útvarpsmaður breytti þessu vísitandi og bauð útlendingum í þætti til sín, til þess að fólk vendist því að heyra íslensku með hreim.“

Toshiki segir að svo margt hafi breyst varðandi tungumálið. Nú hafi hann meiri áhyggjur af íslenskunni. Unglingar eru farnir að tala ensku sín á milli og allt starfsfólk í búðum. „Við erum farin aðeins of langt fyrir minn smekk,“ segir hann og brosir glettnislega.

Hvað varðar útlendingahatara þá segist Toshiki ekki vera í miklum samskiptum við þá yfirhöfuð. Hann hafi þó fengið hótanir í bréfum í nokkur skipti, þar á meðal líflátshótun. Þó er nokkuð síðan hann fékk bréf síðast.

„Ég verð mikið var við það að

þetta fólk segir að flóttamenn taki peninga af fátækum Íslendingum og öryrkjum. Það er nokkuð stór hópur sem trúir þessu, en þetta á ekki við nokkur rök að styðjast. Fátækt þekktist hér á Íslandi löngu áður en flóttafólk fór að koma hingað og það er vel hægt að aðstoða alla þá sem eru í neyð. Það er enginn í neyð hér á landi vegna flóttafólks.“

**Stuðningur kirkjunnar á Austurvelli**

Hvað hans starf og afstöðu kirkjunnar varðar er Toshiki hins vegar mjög bjartsýnn á framtíðina. Hann segir að eftir að Agnes Sigurðardóttir tók við sem biskup hafi hann notið meiri stuðnings en áður og sé auk þess í betri tengslum við aðra íslenska presta.

„Á mánudaginn fyrir tveimur vikum, var áskorunarsamkoma haldin á Austurvelli, þar sem löggan tróð yfir flóttafólk á eftir. Þarna mættu nokkrir prestar í prestsskyrtum þar á meðal Agnes biskup til að sýna samstöðu kirkjunnar með fólkinu. Einnig var Dómkirkjan opin svo að þátttakendur í samkomunni kæmst í kirkju til að nota klósett, fá kaffi og hvílast aðeins. Þetta var hægt vegna þess sóknarpresturinn, séra Sveinn Valgeirsson, hafði góðan skilning á málinu. Ég held að þjóðkirkjan geti lagt sitt af mörkum í málefnum flóttamanna og verður að gera það. En kirkjan er komin einu eða tveimur skrefum framur en fyrir nokkrum árum,“ segir Toshiki.

„Ég er nýorðinn sextugur og fór að hugsa líf mitt upp á nýtt og forgangsraða. Ég á aðeins tíu ár eftir í mesta lagi. Þess vegna reyni ég að ná til yngri presta sem hafa áhuga á þessum málum. Best væri að vitund um málefni útlendinga væri svo útbreidd að það væri engin þörf á þessu embætti.“

*Hvað gerir þú þegar þú ert ekki að vinna?*

„Góð spurning. Áður fyrr samdi ég ljóð. En nú á ég ekkert tómsundagaman og er vinnulesski,“ segir Toshiki og hlær er við kveðjum hann. ■



## Nett fjölnotataeki MANITOU MLT 625-75 H

**Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar**

- Lyftiget: 2.500
- Lyfthæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

**Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK**

**Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta**

**PON**





# Fiskikónginn Kristján Berg hefur ekki

■ Hlaut dóm fyrir alsælusmygl ■ Erfitt að fyrirgefa sjálfum sér  
■ Sögusagnirnar meiða ■ Skíðaslys eiginkonu breytti sýn á lífið



**K**ristján Berg Ásgeirsson, sem rekur Fiskikónginn, steig nýverið fram og ræddi reynslu sína af fíkniefnum og dóm sem hann hlaut árið 1996. DV ræddi við Kristján um þetta mál og einnig æskuna, frægðina og slysið sem breytti lífsviðhorfinu.

*Nú er langt um liðið, hvað fær þig til þess að koma fram núna?*

„Ástæðan er einföld,“ segir Kristján. „Mér hefur liðið illa út af þessu máli. Þetta hefur setið á minni sál í rúmlega tvo áratugi og ekki liðið sá dagur að mér verði ekki hugsað til þessa. Þetta hefur verið þung byrði að bera og það hefur verið erfitt fyrir mig að fyrirgefa sjálfum mér að hafa leiðst út í þetta. Einnig vill ég koma fram og kenna börnum mínum að það getur verið í lagi að gera mistök, ef maður lærir af þeim, og ef mistök-in verða stór, eins og í mínu tilfelli, þá er alltaf hægt að snúa blaðinu við og byrja upp á nýtt.“

Að ræða hlutina opinskátt er viss þáttur í því að viðurkenna mistök sín og reyna að bæta sjálfan sig. Einnig er ég mjög þakklátur DV, ásamt öðrum fjölmiðlum, fyrir að sýna mér tillitsemi, en það hefði verið hægt að taka mig af lífi í fjölmiðlum fyrir löngu með neikvæðum fréttalutningi. Ég hef alltaf svarað því til að ég eigi eftir

að veita viðtal, en ég verði að velja minn tímamark sjálfur, og mér fannst það bara henta vel núna. Ég óska þess bara að fólk geti jafnvel lært af mínum mistökum.“

#### Breiðhyllingur í húð og hár

„Ég er fæddur í Reykjavík árið 1971, á tvær systur, þær eru tvíburar og tveimur árum yngri en ég. Ég var ættleiddur þegar ég var fjögurra til fimm ára og Ásgeir er því pabbi minn. Uppeldið fór fram í Breiðholtinu, en ég bjó þar í tuttugu ár. Fyrst í Fellahverfi í fimm ár, en svo fluttumst við í Seljahverfið og gekk ég í Seljaskóla. Ég er því Breiðhyllingur og er bara virkilega stoltur af því,“ segir Kristján.

*Hvernig var æskan?*

„Sem krakki og unglingur var ég frekar lífsglaður, var mikið í íþróttum, t.d. fótbolta, bar út DV í mörg ár og var svo að vinna við að rukka á kvöldin smáauglýsingar, sem birtust í DV á sínum tíma. Þá voru ekki til neindir posar, kreditkort, eða tölvur. Fólk pantaði smáauglýsingar í gegnum síma og ég mætti svo viku seinna og innheimti fyrir DV. Ég gekk því hús úr húsi í Breiðholtinu og hef komið að ég held, inn í hverja einustu blokk, hvern einasta stígagang, og sennilega 90 prósent af öllum húsum í Breiðholtinu. Ég þekki Breiðholtið betur en fingur mína. Ég var frekar stríðinn, fannst gam-



# Gurinn Berg t að fela

## Fíknin tók völdin og ég gerði hluti sem ég sé ennþá eftir í dag

ekki planlagt að gera þetta, frekar skyndiákvörðun og má nefna að við fórum ekki einu sinni með gjaldeyri út til London. Ég var nýlega kominn með VISA-kort og það var því bara farið í hraðbankann og tekinn út peningur fyrir þessu.

Ég hef aldrei reykt á ævinni. Aldrei tekið smök og hef aldrei verið í vandræðum með áfengi. Ég hef alltaf verið á móti eiturlyfjum og er þetta eina eiturlyfið sem ég hef tekið inn. Í rauninni finnst mér, og fannst, þetta ekki vera „að dópa“. Þetta lítur út eins og ein saklaus pilla sem maður setur upp í sig og kyngir. „Að dópa“ fannst mér vera þegar fólk er að sprauta sig eða sjúga eitthvað upp í nefið. Þetta virkar saklaust, en er eiturlyf. En það er gott að vera vitur eftir á. Allir þessir fyrrverandi vinir mínir eiga í dag, fjölskyldur og eru í vinnu. Þannig að ég var í rauninni ekki í slæmum félagsskap að mínu mati og tel ég þetta ekki vera þeim að kenna, heldur vorum við ungir strákar í ævintýraleit.“

### Undirbjó afplánun með sálfræðingi

„Ég var handtekinn um tveimur mánuðum eftir að við komum til landsins. Ég hlaut 2,5 ára fangelsisdóm, fyrir innflutning á 250 al-sælutöflum. Reyndar komum við með 500 töflur, en við vorum plataðir uppúr skónum í London og gaurinn seldi okkur eitthvað drasl, sem var löglegt á Íslandi. Þannig að þekking okkar var mjög léleg á þessum efnum. Í dag segi ég bara sem betur fer vorum við plataðir,“ segir Kristján.

*Hvernig var að fá slíkan dóm?*

„Í dag held ég að fyrir sama magn fengi viðkomandi kannski

einn til þrjá mánuði í fangelsi. Dómurinn var fordæmisgefandi. Þetta var fyrsti eða annar dómurinn sem gekk í svona máli á þeim tíma og hann átti að vera harður og fordæmisgefandi, fælandi fyrir þá sem hugsuðu út í þetta. Varðandi að fá dóminn, þá var það að sjálfsgöðu risastórt kjaftshögg fyrir mig. En ég undirbjó mig vel undir þetta, leitaði strax hjálpar og gekk til sálfræðings,“ segir Kristján.

„Ég man vel eftir mínum fyrsta fundi hjá sálfræðingi. Þá rakti ég sögu mína og gat varla talað vegna þess að ég grenjaði svo mikið. Mér fannst þetta rosalega erfitt. Þegar ég var búinn að koma þessu frá mér, þá spurði sálfræðingurinn minn: „Kristján er þetta allt? Er þetta allt sem þú hefur að segja og ert að kveinka þér yfir?“ Ég játti því. Þá sagði hann mér að hann ætti fatlað barn sem þyrfti umönnun allan sólarhringinn. Alla daga, allt árið um kring.“

*Sálfræðingurinn sagði:*

„Ég vildi óska þess að ég gæti skipti við þig. Setið inni í tvö og hálf ár, losnað út og ekki þurft að hafa fleiri áhyggjur. Líf þitt er fullkomið. Þú gerir mistök. Átt eftir að fara í fangelsi. Það er tvennt sem þú getur gert. Annað hvort að halda áfram á sömu braut, leiðast út í frekari afbrot og koma út skemmdur. EÐA! Takast á við vandamálið, læra af reynslunni, snúa við blaðinu, nota þetta sem lærdóm og byggja þig upp. Hvara leiðina viltu fara? Þú hefur valið.“

„Sálfræðingurinn minn á stóran þátt í hvar ég er staddur í dag og er ég honum ævinlega þakklátur fyrir. Ég sat inni á Litla Hrauni í sextán mánuði og síðan í framhaldi í þrjá mánuði inni á Vernd.“

### Tók að sér alla vinnu á Litla Hrauni

*Varstu smeykur við að fara í fangelsi?*

„Já ég var dauðhræddur,“ segir Kristján. „Að sitja inni með morðingjum, barnaníðingum, ofbeldismönnum og mönnum sem hafa misstigið sig í lífinu. Margir þeirra voru ágætis menn, en maður sá að þeir höfðu margir hverjir verið í áralangri neyslu, margir lent í misnotkun og síðan voru sumir sem ekki var hægt að bjarga. Voru og eru bara fæddir sem afbrotamenn.“

*Hvernig nýttir þú tímann?*

„Ég nýtti tíma minn vel. Það er skóli inni á Litla Hrauni og kláraði ég verslunarprófið mitt þar og kom mér í alla þá vinnu sem bauðst. Ég skúraði allt fangelsið, íþróttahúsið, skólann. Ég vingaðist fljótt við alla fangaverðina og finnst mér rosalega gaman að sjá mína fyrrverandi fangaverði koma í dag og versla af mér fisk. Minnisstæðast er þegar ég var beðinn um að þrifa upp eftir tilraun til sjálfsvígs þar sem viðkomandi hafði skorðið sig. Hann hafði brotið klósettíð og komist þannig yfir glerbrot, til þess að skera sig. Allir veggir og loft voru útataðir í blóði. Hann hafði skrifað á veggina með blóði úr sér og var ég beðinn um að þrifa klefann,“ segir Kristján.

„En mér fannst betra að vera að vinna við svona heldur en að hanga inni á klefa. Tíminn leið hratt og ég hafði ágætistekjur, þannig séð. Allan peninginn sem ég fékk sendi ég konunni minni til þess að greiða af láninu á íbúðinni sem við áttum saman. Ég vingaðist við strákanna sem voru þarna inni og hlustaði á sögur þeirra. Það var áhrifaríkt og þetta var mjög lærdómsríkur tími.“

*Hvað var erfiðast við að sitja inni?*

„Frelsissviptingin og fjarveran frá fjölskyldunni var erfiðust. Fangavistin var ekki svo erfið, enda var ég mjög vel undirbúinn. Mörgunum sem ég sat inni með fannst gott að komast í fangelsið. Það var rúttína á öllu; morgunmat, heitur matur í hádeginu, rúmfötin þvegin vikulega ásamt þvotti. Síðan ▶

an í skóla, þá ekki að læra heldur að leika mér og taka þátt í félagslífinu. Tólf eða þrettán ára var ég byrjaður að þeyta skífum og má segja að ég hafði tekið við af Sigga Hlö sem plötusnúður í Seljaskóla.“

### Ætlaði að verða kokkur

*Hvað vildir þú verða?*

„Á mínum yngri árum langaði mig til þess að verða kokkur. Ég gekk í Fjölbaut í Breiðholti fyrsta árið, og var á matvælabraut. Kennararnir þar kenndu mér mjög margt og nýttist það mér enn þann dag í dag. Til dæmis virðingu, umgengni við aðra, kurteisni og svo lærði ég að sjálfsgöðu að elda mat, gera sósar, súpur og pönnukök. Þessi þekking hefur komið sér mjög vel alla mína ævi. Má þar nefna að ég bakaði mjög oft pönnukök í afplánun minni inni á Litla Hrauni,“ segir Kristján og brosir.

„Ég fór snemma að vinna í fiski og lærði fljótt að handflaka fisk. Ég var mjög snöggur og varð sem dæmi Íslandsmeistari í handflökun á karfa á sínum tíma. Ég hafði virkilega góðar tekjur en vinnutíminn var langur, flesta daga vann ég frá 7 til 22 á kvöldin.“

Kristján segir viðskiptavitið einnig hafa komið á þessum tíma.

„Á einum stað fékk ég útborgað í smáýsu, ýsu sem ekki var hægt að selja. Ég flakaði hana eftir að

vinnutíma lauk, gekk í hús og fyrirtæki og seldi. Þannig gat ég tvöfaldað launin mín með þessari smá auka vinnu. Ég hef aldrei sett það fyrir mig að vinna. Þegar ég hugsa út í þetta allt saman hef ég komist að því að ég er sennilega „vinnualki“,“ segir Kristján og brosir. „Árið 1989 stofnaði ég Fiskbúðina VÖR og var hún staðsett í JL húsinu.“

### Fíknin ávanabindandi og hættuleg

„Árið 1995 var ég í félagsskap þáverandi „vina minna“. Við vorum ungir, fullir af ævintýraþrá og vildum prófa okkur áfram í lífinu. Alsæla var á þessum tíma alveg nýtt, það var spennandi og margir krakkar á mínum aldri á þeim tíma vildu prófa. Ég var því miður einn af þeim. Ég prófaði, en þá var bara ekki aftur snúið. Fíknin tók völdin og ég gerði hluti sem ég sé enn þá eftir í dag,“ segir Kristján alvöruglegr.

„Við félagarnir fórum saman í helgarferð til London. Og það var djammað út í eitt. Okkur bauðst að kaupa e-pillur, sem við þáðum. Við keyptum 500 töflur og ætluðum að flytja til landsins, fyrir okkur félagana. Enda vorum við orðnir háðir þessari pillu og fannst skemmtilegt að djamma og dansa, allar helgar á Tunglinu, heitasta staðnum á þessum tíma. Það var

**Dropi af náttúrunni**  
Kaldunnin þorsklifrarólía

„Þegar kemur að næringu og heilsu vel ég aðeins það besta“  
Andri Rúnar Bjarnason  
Knattspyrnumaður Helsingborg

Nýjar bragðtegundir með lífrænum kjarnaólíum úr ferskri grænmyntu, engifer og fennil





„Hann hafði skrifað á veggina með blóði úr sér og var ég beðinn um að þrifa klefann“

töluðu þeir um að félagsskapurinn væri góður. En sumir voru í sömu stöðu og ég, höfðu misstigið sig í lífinu og vildu koma út sem betri samfélagsþegnar. En þeir voru því miður ekki margir.“

#### Ekkert að fela

„Þegar ég losnaði út af Litla Hrauni fór ég á Vernd. Ég fékk að stunda mína vinnu en þurfti alltaf að vera kominn inn fyrir klukkan 18 á kvöldin og mátti fara út klukkan 7 á morgnanna. Á Vernd var ég skyldugur til þess að sækja fundi hjá SÁÁ. Mér fannst það gott. Ég fékk styrk á þessum fundum. Lærði að tjá mig og lærði að hlusta á aðra. Það er mikilvægt í lífinu,“ segir Kristján.

„Þegar upp er staðið, þá finnst mér erfiðast að fyrirgefa sjálfum mér fyrir að hafa brotið af mér. En að mörgu leyti er ég þakklátur fyrir allt saman. Ég hef lært mikið, en þetta var mjög harður skóli og hefur verið erfið lífsreynsla. Hluti af þessu fyrir mig, til þess að finna sálarró er að koma fram, ræða þessa hluti og miðla af minni reynslu. Þetta er líka hluti af því sem mig langar til þess að kenna börnum mínum.“

#### Hver er lærdómurinn?

„Mér finnst gott að krakkar sjái það og læri af foreldrum sínum að öllum getur orðið á í lífinu. Það er hluti af lífinu að mistakast og það verður að kenna krökkum hvernig á að tækla það. Ég tel mig reyndar ekki hafa gert það nógu vel og má

þar nefna að ég sagði elstu drengjum mínum fyrst frá þessu í fyrra. Sem er allt of seint. Mín afsökun var alltaf að þeir væru ekki tilbúnir að hlusta og skilja mig. En ég hafði rangt fyrir mér. Þessi stund með mínum drengjum var sú erfiðasta sem ég hef upplifað, en rosalega mikill léttir á sál minni. Ég þurfti mikinn kjark til þess. Ég sagði svo mínum yngstu frá þessu, í síðustu viku, ræddi við þá um þetta, en þeir eru 8 og 9 ára gamlir. Þeir skildu mig og fannst gott og gaman að pabbi þeirra ræddi svona hluti við þá. Ég fann fyrir því frá þeim að þeir líta upp til mín og það var góð tilfinning.“

#### Sögusagnirnar bita

Síðan málið kom upp og Kristján hlaut sinn dóm, hafa lodað við hann sögur. Sögusagnir hafa reynst honum þungur baggi.

„Maður vill geta varið sjálfan sig. En svona Gróusögur fara á kreik og eignast sjálfstætt líf. Oft eru menn að ýkja og reyna að vera myndir og alltaf er bætt í. Sumar sögurnar festast og þær særa mig alltaf.“

Ein af þessum sögum tengjast þekktum auglýsingum Fiskikóningsins. Sá kvittur komst á kreik að þær væru einhvers konar dulmál fyrir eiturlyfjasölu. Kristján segir þetta ekki eiga við rök að styðjast.

„Sumar sögur eru bara nokkuð myndar og hvernig fólk hefur hugmyndaflug í þetta. En í markaðsfræðinni er talað um að illt umtal

sé betra en ekkert. Ég get ekki annað en þakkað þessu ágæta fólki fyrir að auglýsa fyrir mig, þó ég sé alls ekki stoltur af þessu leiðinlega umtali. En allar sögur særa mig og þá sérstaklega sögur sem eru ekki sannar. Þó svo ég hafði myndað brynju fyrir alls kyns sögum, þá særa þær alltaf og hafa þau áhrif að mér líður illa,“ segir Kristján.

#### Skrytið að vera frægur fiskisali

Við segjum ekki alveg skilið við auglýsingar Fiskikóningsins, enda hafa þær verið lengi í gangi og vekja ávallt athygli. Kristján lýsir því hvernig þær komu til.

„Fiskverslanir hafa ekki mikinn pening til að auglýsa sig og standa í markaðsstarfi. Ég ákvað að hafa auglýsingarnar stuttar, einfaldar og hnitmiðaðar. Stór fyrirtæki framleiða langar og dýrar auglýsingar með miklu sjónarspili. Áhorfandinn er jafnvel kominn í einhverja hugarleikfimi til að átta sig á því hvað sé að gerast á skjánum. Það eru engin geimvísindi á bak við mínar auglýsingar. Ég vil koma sem mestum upplýsingum á sem skemmstum tíma til fólks. Af því að þær eru stuttar get ég birt þær oft. Ég tala sjálfur inn á allar auglýsingarnar og það er einföld ástæða fyrir því, það er ódýrara.“

Fiskikóngurinn er samofinn persónu Kristjáns og auglýsingarnar eru hluti af ástæðunni. Kristján hefur einnig komið sér á framfæri á öðrum sviðum. Til að mynda hefur hann bæði stjórnmál



ad útvarps- og sjónvarpsþáttum, hann hefur verið plötusnúður í 35 ár og rekur einnig fyrirtæki sem selur heita potta. Hann er þó þekktastur fyrir verslunina og er langþekktasti fiskisali landsins.

#### Nýtur þú sviðsljóssins?

„Mér finnst það stórmerkilegt að komast á forsíður blaðanna fyrir að selja fisk. Mér hefur aldrei fundist það merkilegt starf, en heldur ekki ómerkilegt. Frægðin hefur aldrei stigið mér til höfuðs. Ég mæti í vinnuna klukkan sjö og fer heim klukkan sjö. Á þeim tíma reyni ég að vinna sem mest og þéna sem mest. Eftir að ég varð þekktur hef ég hins vegar þurft að passa mig á því að segja ekki hvað sem er. Ég forðast að ræða hitamál eins og stjórnmál og íþróttafélög, það eru þessi tvö atriði sem ég forðast helst að ræða,“ segir Kristján og hlær.

#### Slysið sem breytti lífsviðhorfinu

Kristjáni hefur sjaldnast gengið vel að sitja auðum höndum. Ofan á allt sem hann hafði fyrir stafni áætlaði hann að kaupa bát og koma á legg útgerð árið 2017. En þá lenti Sólveig kona hans í slysi þar sem þau hjónin voru í skíðaferð á Ítalíu. Það slys breytti sýn þeirra á lífið og tilveruna.

„Ég var nærri búinn að missa hana,“ segir Kristján alvarlegur í bragði þegar hann rifjar þetta upp. Einn daginn féll Sólveig harkalega í brekku og sagði Kristjáni að halda áfram að skíða niður. Sólveig er fimm barna móðir með háan sársaukaþröskuld. En Kristján sá í augum hennar að ekki væri allt með felldu. Sólveig var borin inn á hótél, viðpólslaus af kvölum.

„Ég gaf henni eina parkóðin og var að hugsa um að gefa henni svefntöflu líka, svo hún gæti hvílt sig. En þar sem þetta var um miðjan dag ákvað ég að geyma hana fyrir kvöldið,“ segir Kristján. „Og sem betur fer tók hún ekki svefntöfluna því þá væri hún ekki meðal okkar í dag.“

Sólveig og Kristján ákváðu að fara niður í mótuneytið en þar féll Sólveig í yfirlið. Kallað var á sjúkrahúsflí sem flutti þau á lítinn spítala nálægt hótelinu. Síðan var farið á stærra spítala en það gekk illa að komast að því hvað var að. Að lokum þurfti að flytja hana á þriðja spítalann. Þar var lækni sem sá að um miklar innvortis blæðingar var að ræða.

„Hann sagði við okkur að ef við myndum ekki finna lekann, þá ætti hún um það bil tvo til þrjú tíma eftir á lífi. Ég horfði í augun á henni og sá svartnættið en hún var samt að reyna að vera sterk.“

Sem betur fer tókst að bjarga Sólveigu en auk blæðingarinnar var hún tvíbrotin á mjöðm. Þau voru í viku á spítalanum á Ítalíu en tryggingarnar heima á Íslandi vildu flytja hana til landsins sem fyrst. Varð þetta barningur milli spítalans og tryggingafélagsins um peninga og Kristján segir að eftir á að hyggja hafi þau farið of fljótt í flugið. Þegar heim til Íslands var komið var Sólveig útskrifuð af sjúkrahúsi eftir aðeins þrjú daga og Kristján tók sjálfur að sér umönnun hennar í næstum hálf ár.

„Þessi reynsla breytti viðhorfi okkar til lífsins. Við ákváðum frekar að byggja okkur sumarhúsið en fara í útgerð. Huga að okkur sjálfum og börnunum frekar en að stækka sífellt við okkur í rekstrinum. Síðan þá hef ég verið að reyna að verjast hugsunum um stækkun þó að aðstæðurnar bjóði upp á það. Ég hef því haft það að leiðarljósi undanfarin ár að sinna mínum kúnum betur frekar en að reyna að finna nýja. Grasið er grænast þar sem það er vökvað, segir máltækið.“

#### Snapchat á örlagastundu

Á meðan á háskanum í ítölsku Ölpunum stóð var það hlutverk Kristjáns að vera í sambandi við fjölskylduna heima á Íslandi og halda þeim upplýstum um stöðu mála. Fljótlega sá hann að skilvirkasta leiðin væri að nota Snapchat, en hann hafði aldrei notað það að ráði áður.

Síðan hélt Kristján áfram að snappa um líf sitt og störf. Fylgjendurnir bættust hratt við og í dag eru þeir um fimmtán þúsund talsins. Kristján segist gera þetta að gamni sínu og vill síður skilgreina sig sem áhrifavald. Hann segir þó að máttur miðilsins sé ótvíræður.

„Félagi minn rekur Hótel Selfoss og hann bauð mér að koma í söluferð fyrir heitu pottana. Ég gæti haft aðstöðu á planinu hjá sér. Ég byrjaði að snappa um morguninn frá ferðinni, þar á meðal frá hótelinu þar sem ég fékk mér fish and chips, bæði um hádegis og kvöldið. Ég var þarna yfir heila helgi og hann seldi langtum meira magn af fiski en vanalega. Þetta átti samt ekki að vera nein auglýsing, hann vissi ekki einu sinni af þessu,“ segir Kristján og hlær.

Kristján notar miðilinn mikið til að fylgjast með og hefur sérstaklega beðið sjómenn að senda sér snöpp frá störfum sínum, vondu veðri, furðulegum fiskum og þess háttar.

„Ég hef gaman af þessum miðli og er mjög persónulegur. Þarna er hægt að sjá mig eins og ég er.“ ■

# NOKIA

## Nokia 5.1 Plus

Með öflugum 8 kjarna örgjörva fyrir AR leiki





Frábær orkunýting



Android One



13 og 5MP myndavélar



5.8" HD+ skjár



# Allt fyrir dýrin

22. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



LITLA GÆLUDÝRABÚÐIN



## Framúrskarandi þjónusta fyrir alla hundaeigendur

**A**ð veita framúrskarandi þjónustu og gott vöruúrval er stefna Litlu Gæludýrabúðarinnar sem og tilheyrandi netverslun. Auk þess er Litla Gæludýrabúðin með frábæra baðaðstöðu fyrir hundaeigendur. Sú aðstaða er sú eina sinnar tegundar á Íslandi þar sem hundaeigandi getur komið inn og baðað og ryksugað feld hunds og blásið hann. Starfsfólk aðstoðar við baðið og kennir réttu handtökin.

Baðið er sérhannað hundabað þar sem hundur stendur í góðri vinnuhæð fyrir eiganda. Sjampó og næring

blandast í sturtuhaus sem tryggir jafna dreifingu um feldinn og svo er í baðinu öflugur blásari til að þurrka feldinn í lokin. Ryksugan er búin ótal gerðum bursta sem henta öllum feldtýpum og ef hundur er í feldlosi er feldurinn ryksugaður með því að kemba hann og ryksugan tekur í sig öll hár og losar um feldinn.

**Hollusta og velferð í fyrirrúmi**  
PAK ehf hefur flutt inn PROPAC í fjórtan ár og er það eitt besta fóður sem selt er á Íslandi í dag þegar kemur að innihaldi og næringagildi. Það inniheld-


ur enginn aukaefti eða óskilgreind efni eins og animal fat, poultry eða litarefni. PROPAC hentar öllum tegundum hunda.

Það sem Litla Gæludýrabúðin leggjur áherslu á í sínu vöruvali er hollusta og velferð dýranna.

Allir dýraeigendur vilja aðeins það besta fyrir dýrin sín og uppfyllir Litla Gæludýrabúðin þær kröfur.

**Opnunartími skrifstofu er virka daga milli 10:00 og 18:00**

**Síminn er 517-8119.**



**PRO PAC**  
Holistic Food for Dogs  
*ultimates*

### Hunda og kattafóður

**Inniheldur ekki**  
Hveiti, Sykur, Litarefni  
Rotvarnarefni,  
Óskilgreindar afurðir  
eins og animal fat eða poultry

**PRO PAC**  
er framleitt eftir Fixed Formúlu sem tryggir hámarksgæði fóðurs.



**snati.is kisa.is**  
þú pantar við sendum hver á land sem er, enginn sendingarkostnaður.





# Vandaðar vörur fyrir ýmsar tegundir hunda

**B**endir er sérverslun með hundavörur sem hefur verið opin frá árinu 2010 og hefur alla tíð fengið góðar viðtökur auk þess að hafa vaxið jafnt og þétt frá opnun. Verslunin leggur ríka áherslu á góða þjónustu og vandaðar vörur og býður upp á fjölbreytt vöruúrval fyrir vinnuhunda, veiðihunda og venjulega heimilishunda.

Einnig býður verslunin upp á mikið úrval af leikföngum, búrum, ólum og beislum auk margra aukahluta sem eigendurnir geta notið góðs af. Þar á meðal ýmis konar ferða- og öryggisbúnað ásamt DVD-diskum um hundapjálfun.

Þau Einar Páll og Sigríður Oddný, eða Páll og Sigga eins og þau eru kölluð, hafa verið hunda-eigendur í mörg ár og stundað ýmis konar sport tengt hundum. Þau eiga Vorstehunda og eru með ræktunarnafnið Bendishundar, þau hafa tekið þátt í sýningum og veiðiprófum ásamt því að þau veiða með sínum hundum.

Sigga átti sem unglingur blending og seinna meir þýska fjárhunda (Schäfer), bæði innflutta

og ræktaða hér heima. Með þeim hundum stundaði hún t.d. sporapjálfun og hlýðni. Áður en Bendir varð til hafði hún starfað í um 9 ár í gæludýraverslun. Sigga starfaði við Skapgerðarmat á vegum HRFÍ og lærði til figúrant A og B í skapgerðarmati, lauk svo námi sem prófstjóri. Um tíma vann hún á skrifstofu HRFÍ og hefur komið nálægt mörgu hundatengdu, sótt ýmis námskeið, setið í stjórnnum deilda og sinnt ýmsum sjálfbodastörfum fyrir HRFÍ.

Palli átti áður Labradorhunda sem voru mikið með honum á veiðum en hann stundaði skotiþróttir og veiði af miklum krafti með góðum árangri. Hann hefur náð góðum árangri í veiðipjálfun með sína hunda bæði Labrador sem og Vorsteh. Áður starfaði hann í veiðigeiranum og sem leiðsögumaður.

**Þess ber að geta að verslunin sendir vörur um land allt og er staðsett við Hlíðarsmára 12 í Kópavogi.**







FISKÓ:

# Öðruvísi og spennandi gæludýr

**F**ólk er mjög ánægt með úrvalið hjá okkur enda er leitun að öðru eins úrvali af gæludýrum. Við erum með allt frá krúttlegum hömstrum og syngjandi fuglum yfir í liðugar þúsundfætlur," segir Jóhannes Sigmarsson eigandi Fiskó í Kaupúni, Garðabæ.

## Öðruvísi gæludýr

„Ef þig langar í öðruvísi gæludýr þá kemurðu til okkar! Við erum með mikið úrval af froskum og öðruvísi gæludýrum eins og þúsundfætlur og fleira," segir Jóhannes. Það er um að gera að líta við í Fiskó og skoða þessi skemmtilegu dýr. Hver veit, kannski verðurðu ástfanginn af froski!

## Griðarlegt úrval af fiskum

Í Fiskó eru hátt yfir 300 fiskabúr þar sem má finna mörg hundruð tegunda af skrautfiskum. „Einnig erum við með gott úrval af sjávarfiskum og kóröllum auk þess sem við erum með brjóskfiska svo sem skötur og alvöru hákarla. Að sjálfsögðu erum við með allt fyrir fiskabúrið og fróðir starfsmenn okkar ráðleggja þeim sem vilja koma sér upp fiskabúri, hvort sem um er að ræða ferskvatns- eða saltvatnsfiskabúr."

## Úrval af vörum fyrir gæludýr

„Hjá Fiskó erum við með griðarlegt

úrval af vörum fyrir öll gæludýr; hunda, ketti, nagdýr, fiska, fugla, skordýr o.fl. Mitt á milli risanna Costco, Ikea og Bónus höfum við kappkostað að bjóða sanngjörn verð eins og þeir. Þá seljum við flestar tegundir af gæða hundafóðri á góðu verði eins og t.d. Royal Canin, Brit, Brit care, Eukanuba, Barking heads, Acana og lams. Að auki erum við með griðarlegt úrval af öðrum vörum fyrir hunda og ketti og aðra loðna dýravini."

## Þekking, reynsla og þjónusta

„Við leggjum mikla áherslu á ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini. Á þeim þrjátíu árum sem verslunin hefur verið starfandi hefur safnast griðarleg þekking og reynsla hjá starfsmönnum okkar og við hvetjum viðskiptavini okkar alltaf til að leita sér þekkingar hjá okkur um gæludýrið sitt," segir Jóhannes

**Opið alla daga vikunnar: Virka daga frá 10-19,**

**lau. frá 10-18 og sun. 12-18.**


**Kauptún 3, Garðabær, rétt hjá Ikea og Costco.**

**Sími: 564-3364**

**Tölvupóstfang: fisko@fisko.is**

**Facebook: Fiskó dýrabúð**

Nánari upplýsingar má finna á [fisko.is](http://fisko.is)





# DÝRAFÓÐUR.IS

## VEFVERSLUN FYRIR GÆLUDÝRIN



DÝRAFÓÐUR.IS

# Gæði og þekking í þágu dýra



**V**efverslunin Dýrafóður.is var opnuð árið 2017, en hún er rekin af heilsölunni Vetis ehf. sem var stofnuð af nokkrum dýralæknum árið 2002. Heilsalan flytur fyrst og fremst inn gæludýrafóður og ýmiskonar gæðavörur fyrir gæludýr. Auk þess flytur Vetis inn sérvörur, tæki og búnað fyrir dýralækna. Eigandi fyrirtækisins er Gísli Sverrir Halldórsson dýralæknir. „Það er mikill styrkur fyrir fyrirtækið að Gísli hefur verið starfandi dýralæknir í tæp 40 ár og veit þar af leiðandi sínu viti þegar kemur að fóðrun dýra,“ segir Sigrún Pálmadóttir rekstrarstjóri Vetis og Dýrafóður.is.

**Lítið en öflugt fjölskyldufyrirtæki**  
Dýrafóður.is er lítið fjölskyldufyrirtæki en þó mjög öflugt á sínu sviði. „Við leggjum mikinn metnað í skjóta og góða þjónustu. Til dæmis afgreiddum við pantanir sem berast fyrir hádegi samdægurs á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum að sjálfstöðu brennandi áhuga á velferð dýra og skiptum til dæmis eingöngu við framleiðslufyrirtæki sem hafa dýrahagsmuni og náttúruvernd í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á að allar vörur sem við seljum séu framleiddar án þess að komi til dýratilrauna, auk þess sem allar

okkar fóðurvörur eru fyrsta flokks, úr náttúrulegum afurðum, án allra gervibragð-, rotvarnar- eða litarefna,“ segir Sigrún.

### Belcando, hágæðafóður fyrir hundinn

Belcando er hágæða super premium hundafóður fyrir allar stærðir og gerðir hunda. Það er eingöngu unnið úr ferskum kjötvöðva úr dýrum sem henta til manneldis.

„Belcando býður upp á afar breitt vöruúrval fyrir stóra sem smáa hunda, allar tegundir hunda og allan aldur. Þá er þurrfóðurslína fyrir smáhunda upp í allt að 15 kg

og svo vörlínur fyrir stærri hunda, fóður sem henta fjörmiklum hundum, hundum með fáein aukakiló og margt fleira. Þess má geta að allir leitahundar Slysavarnarfélagsins Landsbjargar eru á Belcando og segir það sitt um gæðin.“

### Leonardo, fyrsta flokks matur fyrir kröfuharðar kisu

Leonardo býður upp á breitt úrval af bæði þurr- og blautfóðri fyrir ketti sem gera kröfur. „Við erum bæði með fóður fyrir stóra og litla ketti. Þá er sérlega mikið vöruúrval af kattafóðri með mismunandi bragðtegundum og áferð því kettir geta verið

afar vandlátir þegar kemur að mat. Leonardo-fóðrið má bæði nota sem heildstæða máltíð eða sem bragðbæti og uppbot.“

Nánari upplýsingar má nálgast á vefversluninni [www.dyrarafodur.is](http://www.dyrarafodur.is)

Facebook: [Dýrafóður.is](https://www.facebook.com/dyrarafodur.is)

Sími: **421-8005 og 651-8005**

netpóstur: [lager@vet.is](mailto:lager@vet.is)







MERKISDAGUR Á DÝRASPÍTALANUM Í VÍÐIDAL

# Framkvæmdu í fyrsta skipti hjartaaðgerð á hundi

**D**ýraspítalinn í Víðidal hefur starfað frá árinu 2001. Í dag eru átta dýralæknar við spítalann og sá niundi bætist í hópinn von bráðar, auk tveggja dýrahjúkrunarfræðinga og fjölda góðs starfsfólks. „Við sjúum um alla almenna dýralæknáþjónustu, læknisskoðanir, bólusetningar og ormahreinsanir, sjúkdómsgreiningar, meðferðir og sérhæfðar aðgerðir. Við tökum á móti öllum gæludýrum, hundum, köttum, fuglum og nagdýrum. Hér er fullbúinn hestaspítali og þjónusta fyrir önnur húsdýr eins sauðfé, nautgripi, svín og fleira. Vegna aukinna umsvifa bjóðum við nú upp á tímarpantanir í síma 540-9900 eða í gegnum tímatorg á netinu,” segir Halldóra Hruud Guðmundsdóttir, dýralæknir hjá Dýraspítalanum í Víðidal.

## Paulreyndir dýralæknar sem bjóða upp á sérhæfða þjónustu

Dýralæknar Dýraspítalans í Víðidal eru eins og áður sagði átta talsins og hafa allir sitt áhugasvið. „Við sjúum öll um almennar dýralækningar á stofunni, en við höfum lagt okkar metnað í að sækja framhaldsmenntun á ákveðnum sviðum dýralæknisfræðinnar. Þannig höfum við Katrín Harðardóttir sótt endurmenntun í skurðlækningum. Ólöf Loftsdóttir er fagdýralæknir í sjúkdómum hunda og katta og hefur sótt framhaldsmenntun í hjarta-

sjúkdómum. Lísá Bjarnadóttir, einnig fagdýralæknir í sjúkdómum hunda og katta, er sérmenntuð í augnsjúkdómum. Á staðnum er sérútbúin tannlæknastofa fyrir dýrin, sem er sviðið hennar Hruudar Ýrar Óladóttur. Helgi Sigurðsson er sérfræðingur í hestasjúkdómum og sér um hestaspítalann ásamt Jóhönnu Helgu Þorkelsdóttur,” segir Halldóra.

## Framkvæmdu í fyrsta skipti hjartaaðgerð á hundi

Þann 27. febrúar síðastliðinn framkvæmdu dýralæknarnir í Víðidal hjartaaðgerð á hundi í fyrsta skipti. Um var að ræða ungan hund með opna fósturæð (PDA), sem er meðfæddur hjartagalli, en slíkur hjartagalli er sá eini sem hægt er að laga. Blessunarlega gekk aðgerðin vel og vaknaði hundurinn án aukahljóðs frá hjarta. Hundurinn er nú mun orkumeiri og á möguleika á lengra og betra lífi, þökk sé dýralæknaþeyminu í Víðidal og faglegum vinnubrögðum.

## Nýjar víddir í sjúkdómsgreiningu

„Tove Nielsen, sérfræðingur í myndgreiningu tók til starfa hjá okkur í október síðasta haust og hefur opnað fyrir okkur nýjar víddir í sjúkdómsgreiningu dýra.“ Aðspurð segir Halldóra að hægt sé að mynda öll dýr, bæði stór og smá. Góð tæki eru á staðnum og er hægt að setja naggrisi og fugla, jafnt sem stærri dýr, í röntgenmyndatöku og ómskoðun og til að auðvelda



sjúkdómsgreiningu.

„Yfirleitt förum við ekki heim til fólks í vitjanir nema um sé að ræða heilt got í hvolpa- eða kettlingaskoðun eða heimaaf lifun. Þegar kemur að því að framkvæma læknisskoðun á dýrunum, bólusetja þau og sjúkdómsgreina þá er að sjálfsögðu best að koma með þau

hingað á spítalann þar sem við höfum öll lyf, tæki og tól til þess að bjóða upp á eins góða þjónustu og völ er á.“

Dýraspítalinn Víðidal er staðsettur að Vatnsveituvegi 4, Reykjavík.

**Sími: 540-9900**

Facebook: **Dýraspítalinn í Víðidal.**

**Bókaðu tíma á timatorg.is**





Stiur fyrir hunda



Kattabúr



## HUNDA- OG KATTAHÓTEL SUÐURNESJA

# Hvíldarinnlögn og sumar- búðir fyrir loðna leikfélaga

**H**unda- og kattahótel Suðurnesja var opnað af hjónunum Kristínu Einarsdóttur og Daníel Þorgeirssyni 1. ágúst 2018. „Þetta hafði blundað í kollinum á mér í langan tíma áður en við ákváðum að stíga skrefið til fulls og opna hótel fyrir hunda og ketti. Ástæðan fyrir því að við ákváðum að taka af skarið var sú að maðurinn minn var á milli starfa og okkur langaði að prófa eitthvað nýtt. Sjálf vann ég sem aðstoðarmanneskja dýralæknis og fann að fólk spurðist oft fyrir um dýrahótel.“

Það var greinilega mikill skortur og sem hunda- og kattaeigandi þá fann ég líka fyrir því að það var erfitt að skreppa frá, því það gat verið vandamál að finna pössun fyrir dýrin. Þetta var augljóslega hárréttur tími því það var strax mikið að gera hjá okkur og hefur verið síðan við opnuðum. Nú yfir jólin og áramótin komust færri að með dýrin sín en vildu,” segir Kristín.

„Fólk kemur aðallega með dýrin sín í pössun þegar það fer erlendis eða bara í frí. Einnig vistum við dýr á meðan eigendur þeirra eru á spítala eða í endurhæfingu. Það er líka töluvert um að fólk sem vinnur langa vinnudaga komi með hundana sína í dagvistun. Það hentar sérlega vel að vera staðsett á Suðurnesjum, ekki fjarri Leifstöð. Við tökum á móti dýrum allan sólahringinn og líka á næturna. Þeir sem eru að fara í næturflug geta nýtt sér næturþjónustuna gegn vægu þjónustugjaldi. Einnig geymum við bilinn fyrir þá sem vilja gegn vægu gjaldi.“

### Aðstæður hunda og katta til fyrirmyndar

Á staðnum eru 30 stiur fyrir hunda og

tíu búr fyrir ketti. „Það komast þó fleiri að en það, því ef um er að ræða tvo hunda af sama heimili þá geta þeir stundum deilt stíu.“ Í hverri hundastíu er bæli með mjúku undirlagi og allir fá nagbein og leikfang. Kattabúrin innihalda bæli, klórustaur og kattaklósett. Fóðrun katta og hunda er sniðin eftir þörfum hvers og eins og hafa dýrin öll aðgang að hreinu drykkjarvatni. „Einnig bjóðum við upp á þá þjónustu að baða hunda og klippa klær gegn gjaldi. Sú þjónusta er eingöngu fyrir hótelgesti.“

### Hvíldarinnlögn fyrir ketti

Kettirnir hafa aðgang að stóru innileiksvæði með klórustaurum og fá klapp og knús frá starfsmönnum daglega. „Þarfir þeirra eru mjög mismunandi og reynum við að aðlaga okkur að þörfum hvers og eins eftir okkar bestu getu. Þetta er næstum eins og hvíldarinnlögn fyrir kettina því þarna fá þeir alla þá athygli sem þeir vilja og ná að slappa af í rólegu umhverfi með öðrum köttum.“

### Sumarbúðir fyrir hunda

Útisvæðinu er skipt í fjóra hluta sem nær yfir 1500 fermetra. „Við aðskiljum yfirleitt smáhundana frá þeim stóru en það er auðvitað allur gangur á því hverjir geta verið saman úti. Það fer svo auðvitað eftir veðri hve mikil úti-vera er í boði og auk þess metum við hvern hund fyrir sig. Sumir eru orðnir gamlir og lúnir og þurfa að vera meira inni og hvíla sig, en þeir yngstu og sprækustu eru yfirleitt mjög þreyttir og gladdir þegar eigendurnir koma að sækja þá. Þeir hafa þá verið að leika sér úti stóran part úr degi með hinum hundunum. Þetta er næstum því eins og að senda hundinn sinn í sumarþúðir.“



### Ein mynd segir meira en þúsund orð

„Við tökum nánast daglega myndir af hundunum og köttunum í leik og birtum á Facebook-síðu hótelsins. Við byrjuðum á þessu af rælni en fengum svo góð viðbrögð frá viðskiptavinum að við höfum haldið þessu áfram. Sumir hafa meira að segja rukkað okkur um myndir ef við erum ekki nógu snögg að birta þær. Fólk þykir gott að sjá dýrin sín þegar það getur ekki verið hjá þeim. Ein mynd segir líka meira en þúsund orð og þarna sér fólk að dýrinu líður vel,” segir Kristín.



Nánari upplýsingar má nálgast á [hundaogkattahotelsudurnesja.com](http://hundaogkattahotelsudurnesja.com)

**Facebook:**  
Hunda- og kattahótel Suðurnesja.

Klettatröð 6a, Reykjanesbær

Netpóstur:  
[hundaogkattahotel@gmail.com](mailto:hundaogkattahotel@gmail.com)

Bókanir í síma **777-3828** eða í gegnum messenger á Facebook.





# EUKANUBA

## – frumkvöðlar í 50 ár!

**Smáratorg – Bildshöfði – Fiskislóð – Helluhraun Hfj – Vefverslun**  
 Gæludýr.is rekur 4 lágvöruverðsverslanir með gæludýravörur á höfuðborgarsvæðinu ásamt vefverslun sem þjónustar allt landið. Fyrirtækið hefur verið starfrækt síðan 2009 og skapað virka samkeppni í gæludýravörum. „Við höfum verið ótrúlega heppin með að hafa fengið frábærar vörur á góðu verði frá okkar helstu birgjum en það má alveg segja að okkar mesti styrkleiki sé starfsfólkið okkar. Þau hafa ótrúlega mikinn áhuga á gæludýrum og leggja sig mikið fram um að víða að sér þekkingu um bæði gæludýr og gæludýravörur,“ segir Ingibjörg Salóme, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

**E**ukanuba fagnar í ár 50 ára afmæli. Það eru fáir fóðurframleiðendur sem geta státað af samfelldri 50 ára sögu en Eukanuba hefur ávallt lagt sig fram um að veita hundum og köttum bestu næringu sem völ er á. Frumkvöðulsstarf og rannsóknir hafa einkennt starf Eukanuba þessa áratugi og er fyrirtækið enn 50 árum seinna að bæta uppskriftirnar og reksturinn. Eukanuba er þróað af næringarfræðingum, samþykkt af dýralæknum og mælt er með því af ræktendum.

**Breytt og bætt uppskrift**  
 Í fyrra kynnti Eukanuba upp færðar uppskriftir í kjarnalínunni. Uppfærslan felst helst í auknu magni af ferskum kjúklingi í uppskriftunum, nýju formi á bitunum og nýju unghundafóðri fyrir stærri tegundir. Meira magn af ferskum kjúklingi skilar sér í mun betra bragði en áður. Nýtt sexhyrnt form á bitunum gerir auðveldara að húða þá með DentaDefense steinefninu en það getur dregið úr uppsöfnun tannsteina um allt að 70%.  
 Eukanuba kynnti einnig í fyrra nýtt

unghundafóður fyrir stærri tegundir. Stærri hundar eru mun lengur að vaxa en smærri tegundir og því er mikilvægt að sérsníða næringuna að vaxtarhradanum. Þetta unghundafóður tekur þá við af hvolpafóðri á milli 12 og 14 mánaða aldurs og er notað fram að tveggja ára aldri.

**Vistvæn framleiðsla**  
 Eukanuba er framleitt í Hollandi og kemur allt hráefni í fóðrið frá Evrópu (fyrir utan lambakjöt- ið sem kemur frá Nýja-Sjálandi). Fyrirtækið leggur mikinn metnað í að reyna ekki aðeins að framleiða hunda- og kattafóður sem fer fram úr væntingum eigenda, heldur einnig að framleiðslan raski vistkerfinu eins lítið og hægt er. Meðal þess sem Eukanuba hefur gert til að draga úr áhrifum sínum á vistkerfið er að stór hluti orkunnar sem notuð er, kemur úr vindmyllu sem staðsett er við



verksmiðjuna í Hollandi og er því endurnýjanleg orka. Eukanuba notar einnig við náttúrulegar leiðir til að viðhalda umhverfi sínu og má þar nefna að kindur eru notaðar í stað sláttuvéla til að halda grasinu á svæðinu í skefjum.

**Okkar reynsla af Eukanuba**  
 Gæludýr.is hefur verið með Eukanuba í sölu í á þriðja ár eða síðan það var aftur kynnt á íslenskum markaði. „Síðan við hófum sölu á Eukanuba frá nýjum umboðsaðila á Íslandi hefur salan aukist mjög hratt. Hundaeigendur hafa tekið fóðrinu faanandi enda



þekkt það af góðu frá fyrri tíð. Nýir notendur hafa einnig sýnt fóðrinu mikinn áhuga og mjög góð reynsla hefur fengist á skömmum tíma. Ræktendur hafa einnig verið fljótir að grípa fóðrið enda margir sem þekkja það að utan og margir heimspekkir ræktendur hafa notað Eukanuba í fjölda ára.  
 Helsta umkvörtunarefni eigenda hér áður fyrr voru bragðgæði en þau hafa verið bætt verulega í nýju uppskriftunum og því frábært tækifæri fyrir eigendur að prófa fóðrið aftur. Við höfum svo frá upphafi boðið smakkábyrgð á fóðrinu þannig að ef hundur vill ekki éta fóðrið eða þrífst ekki nógu vel af því að mati eigenda má hreinlega skila pokanum til okkar og fá endurgreitt (líka öðrum þokum).“





## 4 LOPPUR:



# Chris Christensen vörur fyrir heilbrigðan og fallegan feld

**H**eildsöluna 4 loppur stofnaði Svana Runólfsdóttir árið 2014 og kom Hallgerður Kata Óðinsdóttir síðar að rekstrinum. Verslunin einblínir á snyrtivörur og aðrar feldvörur fyrir gæludýr. Tveimur árum síðar opnuðu þær vefverslun með vörunum. Í dag er hægt að nálgast vörurnar í ýmsum sérverslunum fyrir gæludýr og á vefsíðunni 4loppur.is. „Ég er sjálf mikil áhugamanneskja um feldhirðu hunda. Ég var með sýningahunda og hafði lengi leitað að góðum vörum fyrir þá. Því miður fannst mér oft vanta réttar vörur. Einnig fannst mér vanta upp á þekkingu starfsfólks sérverslana sem seldu feldhirðuvörur. Það var ekki fyrr en ég komst í tæri við frábærar amerískar hárumhirðuvörur fyrir hunda, ketti, hesta og aðra loðna vini, sem ég fann loks það sem ég hafði verið að leita að,“ segir Svana.

## Ýkt góðar vörur

Chris Christensen vörurnar koma frá Texas. „Það er satt sem þeir segja um Texas, þar er allt mjög ýkt, og þeir hjá Chris Christensen leggja mjög ýkta áherslu á að framleiða bestu mögulegu vörur sem völ er á. Okkur þykir líka mikill kostur að þeir prófa ekki vörurnar á dýrunum fyrr en

búið er að prófa þær á mannfólki.“ Vörurnar frá Chris Christensen eru vandaðar og góðar vörur sem skila frábærum árangri til langs tíma.

## Réttar vörur fyrir allan feld

Þegar kemur að sýningadýrum er sérstaklega mikilvægt að nota réttar vörur. Hundar eru t.d. með fjórar feldtegundir sem eru mismunandi eftir hundategundum og vörurnar frá Chris Christensen uppfylla þarfir allra þessa feldgerða og meira til. Sýningahundar geta því uppfyllt öll keppnis skilyrði um útlit og heilbrigði feldsins. Sama gildir um sýningaketti og -hesta. Það þarf að velja réttar vörur til þess að fá rétta útkomu og rétt feldástand sem hentar dýrinu og tegundinni. „Vörurnar frá Chris Christensen eru notaðar í sýningum víðast hvar í heiminum og eru þær afar vel liðnar innan sýningageirans. Fjöldi sýningahunda og katta, sem vörurnar hafa verið notaðar á, hafa til að mynda hlotið verðlaun í keppnum.“

## Ekki gott að nota rangar vörur

Útlit feldsins er auðvitað ekki það eina sem skiptir máli. „Við finnum það sjálf á eigin hársverði að þegar við notum hárvörur svo sem hársjampó eða næringu sem er ekki hönnuð fyrir

okkar hárgerð, þá getur það haft miður góðar afleiðingar í för með sér. Það sama gildir um feld hunda, katta, hesta, kanína og annarra dýra. Ef notað er rangt sjampó getur það orðið til þess að hundinn fer að klæja í húðina, hann fær flösu eða annars konar húðvandamál. Hunda getur líka klæjað ef feldurinn er ekki vel skolaður og þrifinn eftir sjóþöð. Þetta eru vinir okkar og auðvitað viljum við að þeim líði vel í feldinum og húðinni. Auk þess sem við klöppum þeim og margir sofa með dýrið uppi í rúmi hjá sér. Þá er það mikill kostur að feldurinn sé heilbrigður og þægilegur viðkomu, en ekki allur klepraður og feitur.“

## Breitt vöruúrval fyrir mismunandi feldi og árstiðir

Einnig skiptir máli hvaða vara er notuð á feldinn út frá því hvaða árstið er. Á veturna getur hársvörðurinn þurrkast upp og því þarf mildara sjampó og mýkri næringu. Á sumrin getur sólin upplitað feldinn auk þess sem dýrin geta líka brunnið í sólargeislunum. „Þá eigum við feldnæringu með sólarvörn. Einnig er til sjampó sem skerpir á hvítum feldi og önnur sjampó sem skerpa aðra liti feldsins. Við leggjum upp með að bjóða upp á breitt úrval fyrir öll dýr með feld.

Við viljum selja rétta vöru sem hentar hverju dýri fyrir sig. Við byggjum upp vöruúrvalið jafnt og þétt því við leggjum áherslu á að prófa allar vörur sem við seljum. Gæðin skipta okkur öllu máli og við viljum geta leiðbeint og mælt með réttum vörum fyrir rétt dýr.“


## Gæði trompa magn!

„Chris Christensen vörurnar eru hágæða feldhirðuvörur. Raunin er sú að vörurnar eru alls ekki dýrar ef litið er á notagildið. Suma sjampóbrúsa má blanda saman við magn af vatni sem er allt að fimmtíu sinnum meira en magn brúsans segir til um. 1 dl af sjampói verður þá 51 dl af nothæfri feldvöru. Það er því ljóst að úr einum brúsa fæst a.m.k. 50 sinnum meira magn af vöru heldur en magn brúsans segir til um.“

Sölustaðir Chris Christensen feldhirðuvara: Dekurdýr, Dýraríkið, Landstólpi á Egilsstöðum, Hundasnyrtistofan Hundaheppi, Dýralæknáþjónusta Suðurlands, Dýralæknáþjónusta Eyjafjarðar á Akureyri og **4loppur.is** Fylgstu með á Facebook: **4Loppur Sími: 695-8581** Netpóstur: **loppur@outlook.com**







# Aldrei of seint að kenna gömlum hundi að sitja

**T**ryggur hundaskóli leggur áherslu á samvinnu milli hunds og eiganda. Skólinn notast við jákvæðar þjálfunaraðferðir sem byggjast á því að verðlauna hundinn fyrir þá hegðun sem eigendur vilja sjá og hunsu þá hegðun sem þeir vilja ekki sjá.

Það er þolinmæði, samvinna, virðing og traust sem eru höfð að leiðarljósi hjá Trygg og eru það þær Sandra Sjöfn Helgadóttir og Björk Ingvarsdóttir sem standa að skólanum. Þær eiga báðar tvo hunda. Sandra er með tvo Border Collie/Íslenska blendinga, þau Ronju og Atlas, og Björk er með Labrador Retriever og Golden Retriever, þær Tinnu og Zandý. Að sögn þeirra er aldrei of seint að kenna gömlum hundi að sitja.

## Hvernig varð þetta til hjá ykkur?

„Við kynnumst upphaflega í gegnum Björgunarhundasveit Íslands. En þangað mættum við báðar á vetrarnámskeið árið 2012. Við

smullum strax saman og áhugi okkar beggja á hundum og þjálfun þeirra leyndi sér ekki. Fljótlega skráðum við okkur saman í nám í hundapjálfun hjá Vores Hundecenter í Danmörku. Þetta var 15 mánaða nám sem við fórum saman í gegnum og var mjög krefjandi og skemmtilegur tími. Eftir þetta skráum við okkur svo í atferlisfræðinám við sama skóla en það er 2ja ára nám. Eftir þetta fórum við að þjálfa sjálfstætt og í sitthvoru lagi en vorum alltaf að hjálpa hvor annarri. Svo við ákváðum að sameinast sem Tryggur Hundaskóli og hér erum við í dag.“

## Hvað hefur reynt eftirsóknarverðast?

„Það eru einkatímarnir, og yfirleitt er það út af einhverjum sérstökum vandamálum. Vandamál sem snúa að tilfinningum eða ákveðnum aðstæðum er yfirleitt best að taka á í einkatíma. Þá fær eigandinn greiningu á vandamálinu,

kennslu og sérsniðið þjálfunarplan með þarfir einstaklingsins í huga.“

## Hversu mikilvæg er þolinmæðin í svona ferli?

„Þolinmæðin er mjög mikilvæg í allri þjálfun. Það eru yfirleitt engar töfra-lausnir á vandamálum, sem leysa þau strax. Öll þjálfun tekur tíma og maður er í raun aldrei alveg „búinn“ að þjálfa, það þarf alltaf að viðhalda þjálfun svo lengi sem hundurinn lifir. Svo við myndum segja að þolinmæði sé eitt það allra mikilvægasta sem hundaeigendur þurfa að hafa að leiðarljósi við þjálfun.“

## Hvernig viðbrögð hafið þið fengið?

„Viðbrögðin hafa verið mjög góð og fólk vonandi almennt ánæggt með þjálfunina okkar. Það er alltaf gaman þegar maður sér árangur og glaða eigendur að vinna með hundana sína.“

## Hvað finnst ykkur vera mest gefandi við þetta starf?

„Það er ótrúlega gefandi að hitta mismunandi hunda, alls konar karaktera, kynnast mörgum tegundum og eiginleikum þeirra. En sérstaklega gefandi er þegar maður getur hjálpað og séð árangur með þjálfuninni.“

## Eru einhverjir viðburðir á næstunni hjá ykkur?

„Næst á dagskránni er hlýðni-námskeið fyrir hunda á öllum aldri helgina 12.-14 apríl. og við hlökkum mjög til þess. Í sumar er svo stefnan tekin á landsbyggðina og erum við með nokkra staði í kortunum til að halda námskeið. Svo erum við auðvitað með bókaða einkatíma hér og þar.“

Hægt er að fylgjast með Trygg á Facebook, Instagram og [www.tryggur.net](http://www.tryggur.net)





# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





# Brot af því besta

22. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



## Flutningur.is - Traustur félagi í flutningum

**F**lutningur.is er gróin sendibíla-  
stöð sem hefur veitt trausta  
þjónustu í yfir þrjú áratugi og  
hefur yfir að ráða afar fjölbreyttum  
bílaflota fyrir hin ýmsu verkefni. Auk  
þess er stöðin með öll nauðsynleg  
léttitæki sem þörf er á við flutninga,  
hvort sem er á búslóðum eða við  
vöruflutninga.

Stöðin býður upp á allar stærðir  
sendibíla sem henta bæði í lítil og stór  
verkefni. Bílstjórnarnir eru reynslumiklir  
og færir og leggja sig fram um að  
veita góða þjónustu. Þeir sem standa  
í búslóðaflutningum geta treyst  
því að búslóðin sé flutt hratt en af  
varkárni á milli staða.

### Vöruflutningar

Flutningur.is sér um að losa gáma  
hjá skipafélögum og koma vörunni til  
fyrirtækja og einstaklinga. Hægt er

að flytja tvo gáma í einu og losa þá  
við húsdyr fyrirtækja og einstaklinga  
fyrir mjög hagstætt verð. Flutningur.  
is hefur yfir að ráða góðum gáma-  
lyftum og ýmsum öðrum hjálpar-  
búnaði við flutninga og fylgist vel með  
nýjungum og þróun tækjabúnaðar á  
þessu sviði.

Ef þú þarft að flytja eitthvað, stórt  
eða lítið, búslóð, vörur eða eitthvað  
annað, þá er Flutningur.is líklega  
mjög heppilegur kostur fyrir þig.  
Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni  
flutningur.is og í síma 575-3000.

### Nokkur góð ráð varðandi flutninga frá Flutningi.is:

- Sankaðu að þér sterkum kössum í nokkrum stærðum. Einnig er gott að hafa eftirfarandi við höndina þegar pakkað er: kúplplast, dagblöð, skæri, sterkt límband og góðan merkipenna.

- Pakkaðu þungum hlutum, eins og bókum, í minni kassa svo þeir verði ekki of þungir. Í stærri kössum skulu þyngri hlutir vera neðst og þeir léttari efst. Pakkið hverjum hlut í dagblöð eða kúplplast ef þeir eru viðkvæmir. Ef of rúmt er um hluti í kassanum, fylltu þá upp í hann með dagblöðum eða öðru slíku.

- Pakkaðu öllu því sem á að fara í sama herbergi í sama kassa og merktu hann herberginu. Taktu fyrir eitt herbergi í einu, pakkaðu fyrst litlum munum til að koma þeim frá. Merktu utan á kassann hvað er í honum.

- Pakkaðu og merktu sérstaklega þá kassa sem opna á fyrst af öllum þegar komið er á áfangastað. Í kassanum eiga að vera ómissandi hlutir sem notaðir voru fram á síðasta dag,

líkt og uppbvottalögur, klósettþappír, plastdiskar og hnifapör og ýmislegt það sem fjölskyldan þarf að nota áður en hægt er að taka upp úr öllum kössunum.

- Þegar stærri hlutir eru teknir í sundur, líkt og borð, hillur og skápar, er gott að geyma verkfæri í einum vel merktum poka eða kassa til að auðvelda samsetningu á nýja staðnum. Skrífum er gott að tylla og jafnvel líma aftur í þau göt sem þær eiga að vera í.

- Settu allan rafeindabúnað eins og fjarstýringar, millistykki og straumbreyta á einn stað.

- Staflaðu kössunum þegar búið er að loka þeim. Gott er að nýta eitt herbergi undir kassana, þannig er hægt að klára að þrifa hinn hluta hússins.



CODELAB:

Theódór Magnússon, eigandi CodeLab.



# Allt á milli himins og jarðar í hugbúnaði

**C**odeLab útbýr sérsniðnar hugbúnaðarlausnir út frá þörfum viðskiptavinarins. „Við gerum í rauninni allt á milli himins og jarðar, þ.e. hugbúnaðarlega séð. Við setjum upp og hönnum vefsíður og vefverslanir, hönnum snjallsímaöpp, vefkerfi, hreyfiauglýsingar, erum í grafískri vinnslu og svo margt fleira. Það er fullt af fólki þarna úti með flottar vörur til sölu eða frábærar hugmyndir um stórsniðug snjallsímaöpp í kollinum. Við hjálpum viðskiptavinum okkar að koma hugmyndum sínum og vörum á framfæri til umheimsins og sjáum til þess að lausnin sé einföld, falleg og uppfylli ströngustu kröfur,“ segir Theódór Magnússon, eigandi CodeLab.

## Ferlið frá a-ö

Þegar kemur að því að hanna hugbúnaðarvöru er ferlið á eftirfarandi hátt:

Fyrsta skrefið er náttúrulega að hafa samband við okkur hjá CodeLab. Við greinum ítarlega þarfr viðskiptavinarins og högum allri vinnu sem kemur í kjölfarið eftir þeirri greiningu.

Næst förum við í það að setja fram hönnun á hugbúnaði, vefsíðu eða hvað það er sem kúnninn sækist eftir. Þá er búin til prótótýpa sem er auðvelt að breyta og bæta þar til fullbúin hönnun er sett fram.

Þriðja skrefið er forritun, en eftir greiningu og hönnun er hægt að taka ákvörðun um það hvaða

forritunarmál og kerfi verður notast við. Áður en hægt er að demba sér í kóðun þarf alltaf að stilla upp viðeigandi skipulagstólum svo hægt sé að þróa kerfið eftir SCRUM aðferðafræði.


Nú halda flestir að hugbúnaðarvaran sé tilbúin, en svo er ekki. Lokaskrefið er alltaf að gera prófanir og skjölun. Prófanir koma t.d. í veg fyrir alls kyns vandamál þegar kerfið stækkar og skjölunin tryggir að kaupandi fái bæði notenda- og tæknileiðbeiningar sem lýsa eiginleikum kerfisins á einfaldan og auðskiljanlegan hátt.

## Breiður hópur viðskiptavina

„Viðskiptavinahópur CodeLab er afar fjölbreyttur enda bjóðum við upp á ákaflega breiða þjónustu og erum með afar færa forritara og hönnuði á okkar snærum. Okkar mottó er að við gerum allt. Viðskiptavinur kemur til okkar með hugmynd eða vandamál og við búum til langtímalausn sem hentar kúnnanum. Þess má geta að við bjóðum upp á verkefnagreiningu viðskiptavininum að kostnaðarlausu,“ segir Theódór.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni [codelab.is](http://codelab.is). Þar er einnig hægt að hafa samband við okkur ef þú vilt frjá verkefnagreiningu!

CodeLab ehf. er staðsett að Katrinartúni 2, 16. hæð, 105 Reykjavík.  
Netpóstur: [codelab@codelab.is](mailto:codelab@codelab.is)







ICEPHONE KRINGLUNNI

# Markmiðið er hröð og jákvæð þjónustuupplifun

Fyrirtækið Icephone opnaði árið 2015 og býður upp á hraða þjónustu í síma- og iPadviðgerðum á öllum sísum, símafylgihluti og eldri uppgerða síma. Einnig býður fyrirtækið upp á tölvu- og iPadviðgerðir. „Hjá Icephone er þetta spurning um að veita góða, hraða og ekki síst gegnsæja þjónustu. Okkar markmið er að viðskiptavinurinn gangi hédan út ánægður og hefur það gengið eftir alveg síðan við opnuðum, af umsögnum á Facebook og Google að dæma,“ segir Halldór S. Steinssen, framkvæmdastjóri Icephone.

**Slagorðið er 90 mínútna viðgerðir** Snjallsímar eru viðkvæmir og algengt að þeir lendi í vatnsskaða eða höggskemmdum. Hvorutveggja er yfirleitt utan ábyrgðar framleiðanda. „Við fáum talsvert af slíkum tilfellum til okkar, auk þess sem við sjáum mikið af sísum sem eru með slappa rafhlöðu. Margir sjá fyrir sér að vera símalesir í marga daga, jafnvel vikur þegar kemur að því að fara með símann í viðgerð. Það er allt í símanum hjá fólki í dag, vinirnir, vinnan og samfélagsmiðlarnir þannig að viðskiptavinurinn má alls ekki við því að missa tækið í marga daga.

Við förum því af stað með slagorðið 90 mínútna viðgerðir, þannig að fólk getur jafnvel sinnt erindum sínum í Kringlunni á meðan við gerum við símann. 90 mínútna viðgerðir þarf þó að panta fyrirfram. En ef við fáum til dæmis iPhone, sem þarf skjáviðgerð, inn fyrri part dags, þá erum við oftast að klára viðgerð á tækinu sama dag. Við erum mest



að gera við iPhone og Samsung, enda eru það algengustu símarinn á markaðinum. Okkar markmið er að vera sneggri en hinir og reyna að klára viðgerð samdægurs eða daginn eftir.“

**Ekkert skoðunargjald hjá Icephone** „Við höfum tekið eftir því að viðskiptavinir eru oft stressaðir yfir hvað viðgerð kostar. Kosturinn við okkar starfsemi er að við tökum ekkert skoðunargjald. Við tökum einfallega við símanum, greinum hann fyrir viðskiptavininn og höfum síðan samband og segjum honum hvað sé að tækinu og hvað viðgerð muni kosta. Þá getur viðskiptavinurinn ákveðið hvort hann vill láta gera við símann eða ekki. Íhlutir eru þó oft dýrir og skjáir eru dýrir. Við notum original Samsung-íhluti, en það er meira framboð af íhlutum frá þriðja aðila í iPhone. Við erum með ágætis reynslu af okkar birgjum þannig að við treystum okkur til að bjóða sex mánaða ábyrgð á þeim íhlutum sem við notum,“ segir Halldór.

**Umhverfisvænn kostur** „Einnig bjóðum við viðskiptavin-



um, sem koma til okkar með nýlega Samsung eða iPhone-síma í skoðun vegna rafhlöðuvandamála, brotins skjás eða annarra vandamála sem getur verið kostnaðarsamt að gera við, að kaupa af þeim símana. Þá gerum við símana upp og seljum aftur. Þetta er umhverfisvænn kostur fyrir þá sem vilja kaupa notaða síma á lækkuðu verði, en hentar líka þeim sem vilja frekar kaupa sér nýjan síma en að láta gera við gamla símann. Við erum mörg hver svolítið giruð í að vera alltaf með nýjustu týpuna þó að ekkert sé að eldri símanum, en með þessu höldum við símanum lengur í notkun. Uppgerðu símunum fylgir 6 mánaða ábyrgð.“

**Ýmsir símafylgihlutir til sölu** Icephone selur einnig fylgihluti fyrir síma. „Við seljum hulstur, skjáfílmur,

hleðslutæki, fyrirframgreidd símakort, vatnshelda poka, höggvarnarsnúror og margt fleira. Auk þess erum við með Popsocket, sem er mjög vinsælt í dag, en það er sett aftan á símann til að halda betur á honum eða tylla honum á borð,“ segir Halldór.

Nánari upplýsingar má finna á **icephone.is**

Icephone er staðsett í Kringlunni á bíóganginum og verkstæðið er á þriðju hæð

**Sími: 546-5444**

Opnunartími er frá kl. 10–18 alla daga nema sunnudaga

**Facebooksíða: IcePhone Viðgerðir**





LITLA TRÉSMIÐJAN:

## „Hverri kistu fylgir ákveðin tilfinning“

**L**itla trésmiðjan, líkkistuvinnustofa og trésmiðja var stofnuð á Akureyri í janúar árið 2010. Flestar kisturnar eru seldar í gegnum Útfararstofu Kirkjugarða Akureyrar, en einnig selur Litla trésmiðjan út fyrir Akureyri. Fólk kemur til Litlu trésmiðjunnar til að skoða og segir eigandi hennar það alltaf góða tilfinningu.

„Ég er aðallega að smíða líkkistur,“ segir Sigurður Óli Þórisson, trésmiður og eigandi Litlu trésmiðjunnar. „Einnig smíða ég glugga og opnanleg fög í eldra húsnæði og stundum hurðir. Svo eru húsgagnaviðgerðir hluti af starfseminni, bæði á nýjum og svo eldri húsgögnum.“

Sigurður Óli flutti 17 ára til Akureyrar, lærði húsasmíði og fékk meistararéttindi og hefur unnið við trésmíðar meira og minna allt sitt líf, eins og hann segir sjálfur. Eftir hrun hannaði hann, ásamt Sæmundi Friðfinnssyni, líkkistuna sem fyrst var framleidd hjá Tréborg á Akureyri. Árið 2010 ákvað Sigurður Óli að halda einn áfram með líkkistusmíðina og hefur hann starfað við það síðan.

### Umræðan um andlát orðin opnari frá því sem áður var

„Það er opnari umræða í dag, andlát og útfarir voru lítið rædd á almannafæri áður fyrr. Nú er fólk opnara fyrir þessum hlutum. Það er

betra að það sé þannig. Eftir fæðingu verður dauðinn ekki umflúinn. Hins vegar eru endalokin ekki alltaf tímabær því miður.“

### Íslensk hönnun smíðuð af kostgæfni

Líkkisturnar eru aðallega smíðaðar úr MDF-plötum og sprautaðar hvítar. „Í gamla daga voru líkkisturnar svartar, þá voru þær bikaðar. Síðan urðu þær hvítar, en ég hef einnig sprautað þær í lit eftir óskum hverju sinni. Við hönnun fórum við aftur í tímann með formið og fólk finnst vel hafa til tekist. Maður er ánægður og stoltur,“ segir Sigurður Óli. „Maður er einn að vinna við smíðina, þannig að hún er íslenskt

handverk og hönnun, ekki verksmíðjuframleiðsla. Ég vinn hverja kistu alveg frá upphafi til enda, ég smíða krossa, alla fylgihluti og bólstra kistuna. Gæðaeftirlitið er þannig, að þegar ég er orðinn ánægður með handverkið má afhenda kistuna. Ein kista er gott dagsverk. Stærri kistur eru meiri vinna og því aðeins dýrari. Samt stenst Litla trésmiðjan allan verðsamanburð. Innflutningur er stærsti keppinauturinn.“

Litla trésmiðjan er að Austursíðu 2, Akureyri. Síminn er 898-7686 og heimasíðan er kistur.is.







# Hlý gólf til frammbúðar

**G**ólfkúldi er hvítleiður og það er notalegt að ganga á hlýjum gólfum í hilylum sínum, ekki síst þegar kalt er í veðri. Sífellt fleiri fá sér gólfhitakerfi en fyrir utan þægindin þá eykur slík aðgerð verðmæti fasteigna og gerir þær mun eftirsóttari.

## Svona færðu gólfhita í eldra húsnæði

Í langflestum nýbyggingum í dag er gert ráð fyrir gólfhita en við byggingu flestra eldri húsa hefur eingöngu verið gert ráð fyrir gamaldags ofnakerfi. Fyrirtækið Gólfhitalausnir hefur tekið í notkun vél sem fræsir fyrir hitalögnum með áhrifaríkum hætti og nánast ryklausum.

Áður fyrr þurfti að fræsa gólf með tvíblöðungi og múrbrjót til að koma að gólfhitalögnum og gat það verk tekið marga daga, sem hafði í för með sér mikið rask. Kúnnahópurinn á þeim tíma var eingöngu efna-meira fólk. En með þessari nýju aðferð hafa miklu fleiri ráð á að koma sér upp gólfhita.

## Gólfhiti þýðir aukin lífsgæði á heimilinu

Þegar hiti hefur verið lagður í gólf er tryggt að íbúar verða aldrei aftur varir við gólfkúlda. Þetta er notalegt kynding sem heldur iljunum hlýjum. Það er miklu notalegra að ganga á hlýju gólfi en köldu, það eykur ánægju og lífsgæði á heimilinu.

## Ofnar eru ljótir og taka pláss

Ofnar eru lítið augnayndi og taka sitt pláss. Margir viðskiptavinir finna mikinn mun á pláss og nýtskulegheitum við að losna við ofnana. Ofnar dreifa hitanum ekki nærri því eins vel og gólfhitinn.

## Lægri kyndingarkostnaður

Það að kynda með gólfhita er einnig ódýrara en að hita með ofnum. Munurinn í kostnaði getur verið á bilinu 20-30%.

Sjá nánar á vefsíðunni **golfhitalausnir.is** og **Facebook-síðunni: Gólfhitalausnir**.







# Grillað á staðnum og enginn þarf að vaska upp

Vinsælast hjá okkur í dag er heilgrillað lambalæri og grillaðar kalkúnabringur. Með þessu eru gjarnan ostagratín-kartöflur, salat með fetaosti, bernaise-sósa og rauðvínssósa,” segir Svanur Hafsteinsson, eigandi Grillvagnsins, sem hefur boðið upp á veisluþjónustu síðan árið 1990.

„Allur undirbúningur fer fram í stóreldhúsi okkar í Mosfellsbæ, ekið er á veislustaðinn og klárað að elda í bilunum sem búnir eru fullkomnu eldhúsi.“ Starfsemin hófst með einum grillvagni en í dag hefur fyrirtækið yfir að ráða sjö misstórum grillbílum og tveimur grillvögnum, og veitir ekki af.

## Grillvagninn í öllum veðrum

Svanur segir marga eiga erfitt með að trúa því að Grillvagninn bruni í hlað um hávetur og menn taki til við að grilla lamb úti í kuldanum en þetta er í boði í öllum veðrum. „Síðan förum við inn í hús og setjum upp borð þar sem við afgreiðum matinn en við komum alltaf með kokka í veisluna. Það setur skemmtilegan brag á veisluna og fólk hefur líka gaman af að sjá grillbílinn fyrir utan og okkur að störfum þar,” segir Svanur.

Úrvalið er fjölbreytt en áherslan er á kjötrétti. „Í seinni tíð eru hamborgaraveislur orðnar mjög vinsælar í ferminum. Það er líka í boði að bæta við kjúklingalundum á spjóti og sumir vilja líka grillaðar pylsur með.“ Grillvagninn kappkostar að hafa eingöngu úrvalshráefni í hamborgurunum og öllum öðrum mat. „Maður lærdi það fljótt í þessum bransa að

það margborgar sig að hafa topphráefni.“

## Lamb og purusteik fyrir austan fjall


„Sumir kjósa að hafa nautalundur í veislunni sinni og það er auðvitað rosalega flott þó að það kosti sitt. Þá eru bakaðar kartöflur, bernaisesósa og piparsósa. Eldra fólk, þeir sem komnir eru yfir sjötugt, vilja hins vegar oftast en ekki bara lamb.“

Grillvagninn þjónustar landsbyggðina líka og segir Svanur að matarsmekkur sé dálítið breytilegur eftir landsvæðum. „Ef við keyrum austur fyrir fjall er það yfirleitt alltaf lamb eða purusteik. Það er alveg magnað hvernig þetta breytist um leið og maður er kominn yfir Ölfusbrúna, þar er fólk lítið í fuglakjötinu.“ Grillvagninn býður líka upp á kalkún og margir velja saman lambalæri og kalkúnabringur í veisluna sína.

## Við vöskum allt upp

Þjónusta Grillvagnsins hentar í alls konar veislur, brúðkaup, fermingar, stórafmæli og útskriftir. „Við komum með alla diska og hnifapör rúlluð inn í hvíta servíettu og tökum allt óhreint með okkur. Það er því ekkert uppvaska eftir veisluna og mörgum þykir afskaplega þægilegt að losna við það,” segir Svanur.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni [grillvagninn.is](http://grillvagninn.is). Tekið er á móti fyrirspurnum og pöntunum í síma **898 3189** og á netfanginu [grillvagninn@grillvagninn.is](mailto:grillvagninn@grillvagninn.is).





EM SENDIR:



# Persónulega og hjálpsama sendibílaþjónustan

**EM** Sendir er lítil sendibílaþjónusta sem sérhæfir sig í að veita fjölbreytta og persónulega þjónustu bæði einstaklingum og litlum fyrirtækjum. EM Sendir reynist mörgum ómetanleg hjálparhella, vinnur verk sem aðrir taka ekki að sér og kemur oft til bjargar við aðstæður þegar fólk veit hreinlega ekki hvert á að snúa sér, til dæmis varðandi úrgang og sorp sem ekki er veitt móttaka á hefðbundnum endurvinnslustöðvum, og við margvíslegar aðrar aðstæður.

EM Sendir er í eigu þeirra Einars Margeirs Kristinssonar og tengdabroður hans, Hafþórs Harðarsonar, en þeir hafa yfir að ráða tveimur meðalstórum sendibílum. Bílarnir henta í minni búslóðarflutninga hjá þörum eða einstaklingum en auk þess veita þeir félagar alls konar þjónustu, aka með sorp, skutlast með vörur fyrir fyrirtæki og sinna jafnvel tiltekt, til dæmis í bílskúrum og ruslageymslum.

„Varðandi búslóðaflutninga þá hentar okkar þjónusta best til dæmis stúdentum, þeim sem eru að flytja að heiman frá sér í fyrsta skipti og jafnvel þeim sem eru að flytja á síðasta heimilið sitt, þ.e. dvalarheimili,” segir Einar.

## Mikil þörf fyrir svona þjónustu

„Fólk er oft hissa á hvað við veitum mikla þjónustu. Þegar allt er á hvolfi í bílskúrnum þínum getum við komið, farið með ruslið og gengið frá því. Það sama gildir um ruslið í garðinum og svo framvegis. Oft erum við ruslakarlar fyrir það sem hin almenna sorphirða tekur ekki. Við erum oft fengnir í alls konar sérkennileg verkefni sem fólk situr uppi með. Gott dæmi er iðnaðarrusl sem verður eftir þegar fólk hefur farið í gegnum breytingar á húsnæði og það veit



Dæmi um úrgang sem EM Sendir losar viðskiptavinum sína við

ekkert hvar það getur losað sig við slíkan úrgang. Stundum eru þetta stórir steypuklumpar sem veiga hundruð kílóa. Þá mætir maður bara með mannskap og burðarbönd og leysir málið.”

Viðskiptavinahópur EM Sendis er mjög fjölbreyttur og ljóst er að mikil þörf er fyrir þessa þjónustu: „Þetta er bara öll flóran en fyrst og fremst er venjulegt fólk sem þarf á þessari þjónustu að halda, persónulegri þjónustu varðandi verkefni sem það getur ekki leyst sjálf. Fólk sem á bara fjölskyldubíl eða jafnvel engan bíl, þarf að taka til í geymslunni sinni og hefur oft engin tækni að losa sig við ruslið. Þarna komum við inn og leysum vandann. Eða þegar eldra fólk klippir tré í garðinum sínum. Hver á að fara

með greinarnar á Sorpu ef þetta er ekki tekið? Það hentar ekki öllum að setja þetta í skottið á bílnum sínum.”

## Þjónusta við veitingahús

Eins og áður kom fram vinnur EM Sendir töluvert fyrir fyrirtæki, sérstaklega við smærri vörusendingar á morgnana fyrir til dæmis heilðsölur. En þeir félagar vinna einnig fyrir veitingastaði: „Ég hef bakgrunn úr hótél- og veitingarekstri og sú reynsla meðal annars gerir okkur kleift að þjónusta veitingastaði. Við losum þessa aðila við ruslið sem þeir hafa ekki hugmynd um hvert á að fara með. Eða ef afgangsolían er ekki hirt reglulega af efnamóttökunni þá vitum við hvert á að fara með hana. Það sama gildir um endurvinnslugler

og ýmsar aðrar ruslaferðir þar sem sorphirðan tekur af einhverjum ástæðum ekki við, en við vitum hvert á að fara með þetta efni. Við vitum líka hvort það kostar að farga hlutum og hvað það kostar.”

Þess má geta að þeir Einar og Hafþór aka líka fyrir Nýju Sendibílastöðina og þess vegna eru bílar þeirra merktir henni. Nýja Sendibílastöðin virkar eins og bílaleigustöðin fyrir utan að bílstjórnarnir eiga hlut í henni.

Þeir sem vilja nýta sér þjónustu EM Sendis eða fá frekari upplýsingar geta sent skilaboð inni á Facebook undir: **EMSendir** en einnig má hringja í síma **696-0420 eða 896-6283**.





# Alhliða garðapjónusta – hellulagnir, pallasmíði og skjólveggir

**G**arðapjónusta Kópavogs er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í alhliða garðapjónustu. Kópavogsbúar þekkja vel til vandara verka fyrirtækisins sem hefur um árabil séð um að prýða garða, hreinsa beð og helluleggja. Helgi Bersi Ásgeirsson garðyrkjumaður segir að aðaláhersla fyrirtækisins sé lögð á almennt viðhald á gördum sem og gerð nýrra garða.

„Við sérhæfum okkur meðal annars í að helluleggja en það er einmitt mikið um að fólk sé að helluleggja um þessar mundir. Við aðstoðum einnig viðskiptavini við hönnun og skipulag á gördum,“ segir hann.

Einnig smíðar Garðapjónusta Kópavogs palla og skjólveggi.

## Hvers kyns garðapjónusta

„Garðapjónusta Kópavogs sinnir einnig tyrfinngu, jarðvegsskiptum, trjáfellingu og trjáklippingu. Þótt fyrirtækið sé eyrnamerkt Kópavogi þá förum við gjarnan yfir bæjarmörkin og vinnum viðs vegar um höfuðborgarsvæðið, ef því er að skipta. Við leitumst líka við að hagræða verkefnum og vinnutíma eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni.“

Garðapjónusta Kópavogs er með áratuga reynslu í hvers kyns garðapjónustu og leggur mikinn metnað í að þjónusta fjölda einstaklinga, fyrirtækja og húsfélaga í almennu garðaviðhaldi yfir allt sumarið.

**Garðapjónusta Kópavogs**  
**Austurkór 63, Kópavogur. Sími: 859-7090.**  
**Garðapjónusta Kópavogs er á**  
**Facebook: gardakop**



## ÖLL ALMENN GARÐVINNA

Hellulagnir, Þökulagnir, Jarðvegsskipti, Beðahreinsun, Trjáfellingar, Trjáklippingar og margt fleira.



Austurkór 63, Kópavogi  
Sími: 859 7090

**Garðapjónusta Kópavogs**

facebook.com/gardakop  
gardakop@gmail.com





PARKETSLÍPUN MEISTARANS:

# Ástriða, þekking og reynsla

**B**estu fagmennirnir eru þeir sem hafa ástriðu fyrir sínu fagi. Parketslípun Meistarans er fyrirtæki sem rekið er af ástriðu fyrir því að skila framúrskarandi vinnu á sínu sviði og standa undir tilkomumiklu nafni fyrirtækisins. Parketslípun Meistarans sérhæfir sig í parketslípun, parketlögnum, sólpallasmiði og ýmsum öðrum skyldum verkefnum, fyrir einstaklinga jafnt sem fyrirtæki. Einnig býður fyrirtækið upp á alhliða málningapjónustu sem og flísalagningu á gólfi og veggjum.

## Vanda til verka

Fáir, ef nokkrir, hafa lagt og slípað parket jafn víða og Parketslípun Meistarans en parketlögnum og parketslípun er handverk sem krefst mikillar og stöðugrar þjálfunar. Leggur fyrirtækið sig fram um að þjálfa og mennta sitt starfsfólk vel til þessara vandasömu verka.

## Aðeins það besta á markaðnum

Fyrirtækið tekur einnig að sér alla almenna smíðavinnu, þar á meðal smíði sólpalla, uppsetningu hurða, uppsetningu á eldhúsinnréttingum, sem og alla sérsmíði. Gott lakk er afar mikilvægt og Parketslípun

Meistarans notast aðeins við það besta á markaðnum, einnig hvað varðar parketefnið sjálft en fyrirtækið er með framúrskarandi parketvörur frá Bona og Junckers. Einnig býður fyrirtækið þetta góða parketefni til sölu á hagstæðu verði.

## Fyrsta flokks tækjabúnaður

Parketslípun Meistarans hefur yfir að ráða fyrsta flokks tækjabúnaði, meðal annars beltavél, kantslípivél, hornavél, juðara, bónvél og öfluga sérhæfða ryksugu. Þessi tæki eru einnig boðin til útleigu á hagstæðu verði.

Parketslípun Meistarans ábyrgist vandaða vinnu við öll sin verkefni en veitir viðskiptavinum jafnframt gjaldfrjálsa ráðgjöf t.d. um frágang sem og val á parketi, flísum og málningu. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni parketslipunmeistarans.is og á Facebook-síðunni: **Parketslípun Meistarans**.

Einnig er gott að hafa samband við Adam í síma **762 5668** eða senda fyrirspurn á netfangið **parketslipun@parketslipunmeistarans.is** hvort sem þú óskar eftir þjónustu, ráðgjöf, tækjaleigu eða kaupum á parketvörum.







# Heiti potturinn og allt fyrir hann

## LAUGIN:

Laugin ehf. hefur starfað frá árinu 2012 og er í dag einn helsti sölu- og þjónustuaðili í heitum pottum og skyldum vörum. Jafnframt býður Laugin ehf. upp á alhliða viðgerða- og viðhaldsþjónustu fyrir eigendur allra heitra potta og sundlauga, gildir einu hvar pottarnir hafa verið keyptir. Viðgerðar- og viðhaldsvinnu sinna eingöngu fagmenn en hjá fyrirtækinu starfa pipulagningameistari og rafeindavirki.

Laugin sinnir viðtækri þjónustu fyrir einka- og almenningsundlaugar með hreinsiefni, dælur, sandsiur, varahluti og fleira, jafnframt því að sinna breytingum og viðhaldsvinnu fyrir sundlaugar.

Laugin býður upp á gott úrval fylgi-

og varahluta í flestar gerðir potta, meðal fylgihluta má nefna: Tröppur, lokalyftur, siur, hitamæla, háfa, klórskammtara, fljótandi glasabakka og ýmislegt fleira. Og meðal varahluta eru t.d. dælur, hitaelement, barkar, nuddstútar, kúlulokar og margt fleira.

Úrvalið er mikið og fróðlegt að skoða það í vefversluninni á laugin.is eða í versluninni sjálfri að Smiðjuvegi 4. En hér er vert að nefna annars vegar hina rómuðu heitu potta Caldera Spas frá Bandaríkjunum. Þetta er eitt þekktasta merkið í bransanum og hafa pottarnir verið fánlegir á Íslandi í hátt í 15 ár, en þeir voru áður seldir í Byko. Caldera Spa-pottarnir eru mjög hátt metnir í erlendum fagritum.

Laugin býður upp á mikið úrval

hreinsiefna en þar ber helst að nefna Aqua Finesse Hot Tub, umhverfisvæna hreinsiefnið frá Special Water Europe. Vinsældir Aqua Finesse stafa af því hversu árangursríkt og einfalt það er í notkun. Góð umhirða og viðhald eru mjög mikilvægir þættir fyrir góða endingu heitra potta. Ef þú hefur verið að eignast heitan pott eða ert ekki alveg klár á hvernig best er að sinna umhirðu, þá er hægt að kíkja við í Lauginni eða bara hringja og fá ráðgjöf.

Laugin rekur öflugna vefverslun á vefsvæðinu laugin.is sem kemur sér vel fyrir þá sem búa á landsbyggðinni og geta keypt sér á netinu heita potta, rekstrarvörur og varahluti á hagstæðu verði, og ef þeir eru á

ferðinni í Kópavogi er um að gera að kíkja við og versla og fá góð ráð í kaupbæti. Flestir viðskiptavinir fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu koma hins vegar í verslunina og gera sín innkaup þar og fá í leiðinni góða, faglega ráðgjöf.

Meðal umboða: Caldera Spas, Fantasy Spas, Aqua Finesse, Bayrol, Pleatco, Waterway, ACC, Procopi, Poolmaster, o.fl.

**Laugin er sem fyrr segir til húsa að Smiðjuvegi 4 og er opið virka daga frá kl. 9 til 17.30.**







# Áman – „Allir geta búið til bjór og vín ef þeir vilja og hafa áhuga“

**N**afnið Áman á sér yfir 40 ára sögu, en fyrirtækið hefur verið staðsett á Tangarhöfða 2, 110 Reykjavík, síðan í byrjun árs 2016 en var áður til margra ára í húsi sem flestir þekkja, gamla Austurbæjarapótekínu, Háteigsvegi 1 við Rauðarárstíg, sem lengi var talað um sem „Rauða húsið.“ segir Magnús Axelsson, framkvæmda- og rekstrarstjóri Ámunnar ehf.

Verslun og aðgengileg netverslun Áman flytur inn og selur vörur til bjór- og vingerðar og er með smásölu, netverslun og endursöluaðila víða um landið. Magnús segir það verulega til hagsbóta fyrir landsbyggðina, þar sem kaupandinn þarf þá ekki að greiða sendingargjald undir vöruna og varan er á svipuðu verði hjá flestum endursöluaðilum eins og í versluninni í Reykjavík. Í netverslun Ámunnar, aman.is, má finna allar vörur sem fyrirtækið flytur inn og er netverslunin mjög vel flokkuð og aðgengileg.

„Við leggjum okkur fram við að þjónusta einstaklinga sem hafa áhuga á að gera eigin bjór og vín,“ segir Magnús. Bæði er hægt að kaupa tilbúin sett, sem er búið að forvinna, og svo öll efni og áhöld sem þarf til að gera bjór frá grunni.

**Bjór- og vingerð er áhugamál hjá stórum hópi fólks**  
Magnús segir að síðustu ár hafi verið ákveðin vakning hjá fólki um að gera bjórinn frá grunni.

„Bjórbruggun hefur verið vaxandi áhugamál hjá fólki sem er ekki að hugsu um tímunn, einfaldleikann eða

kostnað, en stofnkostnaður er einhver þó að hann sé ekki verulegur,“ segir Magnús. Um er að ræða áhugamál hjá stórum hópi fólks, sem kemur vikulega að kaupa hráefni til bjórgerðar. Fyrir þá sem eru að gera bjór frá grunni þá eru til leiðbeinandi upplýsingar, en margir brugga bjór eftir eigin hugmynd.

„Þegar þú ert farinn að gera bjór frá grunni þá verður þetta áhugamál og menn verða fljótlega sérfræðingar, sumir verða bara bjórmeistarar heima hjá sér,“ segir Magnús. „Allir geta búið til bjór og vín ef þeir vilja og hafa áhuga.“

Sá hópur sem gerir sín eigin vín uppgötvar að þau eru holl, bragðgóð og oft mildari og ferskari en verksmiðjuframleidd vín. Þá er vingerð heillandi og skemmtilegt tómstundagaman. Framboð af nýjum tegundum og betri efnum eykst stöðugt og með betri hjálparefnum og tækjum er heimavin fyllilega samþærilegt borðvínunum frá hinum frægu vínæktarlöndum. Segja má að óðum minnki bilið á milli besta heimavínsins og hinna svokölluðu eðaltegunda.

**Hvort sem þú ert að gera bjór eða vín þá snýst þetta um þolinmæði**

„Bjórbruggun frá grunni er ekki flókið mál en það þarf ákveðið bjórger, malt/korn, humla, að meskja við ákveðið hitastig og síðan sjóða virtan sem fæst úr meskingunni, kæla, gerja og svo framvegis. Þetta er ákveðið ferli, sem er ekki langt, en tíminn frá því að bjórgerð hefst og hann settur á flöskur er um tvær vikur,“ segir Magnús.



Kosturinn við heimavingerð er sá að hún er einföld og þægileg auk þess að vera ódýr kostur. Lítið pláss þarf á heimilinu fyrir vingerðina og henni fylgir nánast engin lykt. Vinið er mjög gott, þrúgunar og vingerðarlíkin eru fyrsta flokks í dag, mjög vönduð vara.

**Aldurshópur viðskiptavina er breiður**

Fólk skiptist í tvo hópa, þá sem eru að leita að ódýrum lausnum fyrir til dæmis afmæli eða giftingu og svo þá sem hafa vín og bjórbruggun sem áhugamál og vilja gera góð vín og góðan bjór og leggja tíma og peninga í bruggunina. Aldurshópur viðskiptavina Ámunnar er einnig breiður.

**Stofnkostnaður til bjór- og vingerðar er ekki verulegur**

Aðspurður um hver stofnkostnaðurinn sé segir Magnús að hægt sé

að kaupa pakka með bjórgerðarefni inniföldu á undir níu þúsund krónum og áhaldapakki til vingerðar, þar sem að efni er ekki innifalið, er um 14.000 krónur. Hægt sé að gera bjór frá grunni á ódýran hátt, en ef eigi að gera það af alvöru getur stofnkostnaður hlaupið á nokkrum tugum þúsunda.

Allt sem þarf til bjór- og vingerðarinnar er til sölu hjá Ámunnni, efni til bjór- og vingerðarinnar sjálfar, flöskur, tappar, og allt þar á milli.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá Ámunnni, Tangarhöfða 2, í síma **533-1020** eða á netfanginu **aman@aman.is**.

Verslunin er opin virka daga frá kl. 10–18.





# Fjölskyldu- fyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum.

Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar sem hefur yfir 35 ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,“ segir hann.

## Formaður Félags íslenskra útfararstjóra

Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um síðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sæk einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Síðareglur evrópskra

**Útfararþjónusta  
Rúnars Geirmundssonar**

**Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi**

Sími · 567 9110 · [utfair@utfair.is](mailto:utfair@utfair.is) · [www.utfair.is](http://www.utfair.is)

útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku síðareglanna,“ segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað síðareglur félagsins.

## Virðingin og alúð

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljóga, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.“

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst,“ segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna

af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við sjúum um allt er lýtur að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.“

## Íslensk hönnun og handverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast ströngustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hin- ar hefðbundnu hvítu kistur en alltaf

er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóni. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur, sem eru algengastar, en einnig töluvert úrval af viðarkistum.“ Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sérstaka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar,“ útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulegan máta.“

Nánari upplýsingar er að finna á **utfair.is** eða í síma **567-9110** allan sólarhringinn, alla daga ársins.



# Kísilsteinefnið inniheldur hreinan jarðhitakísil

**K**ísilsteinefnið geoSilica inniheldur hreinan jarðhitakísil sem unninn er úr jarðhitavatni Hellisheiðarvirkjunar. Læknisfræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós að kísill gegnir mikilvægu hlutverki í mannlíkamanum og er honum nauðsynlegur. Kísill er sérstaklega mikilvægur fyrir heilsu beina enda örvar hann myndun kollagens í líkamanum, en kollagen er helsta uppstaða bandvefjar sem er að finna í beinum, húð, hári, nöglum, liðböndum, sinum og brjóski.

Kísill hjálpar einnig kalki að koma sér fyrir í beinvef og er því mikilvægt að taka inn kísil samhliða kalkinntöku til að kalkið nýtist sem best. Inntaka kísilsteinefnis gæti haft fyrirbyggjandi áhrif gegn beinþynningu.

Kísilsteinefnið geoSilica styrkir bandvef, styrkir hár og neglur og vegna betri myndunar kollagens getur inntaka kísilsins stuðlað að sléttari og fallegri húð.

Fyrirtækið geoSilica Iceland hefur þróað vöruna, framleiðir hana og selur. Þau Fidur Abu Libdeh og Burkni Pálsson, ásamt Ögnum ehf., stofnuðu fyrirtækið árið 2012. Um haustið það ár fékk geoSilica verkefnastyrk Tæknipróunarsjóðs til rannsókna og þróunar á vörunni. Hún kom síðan á markað í desember árið 2014: 100

prósent hágæða náttúrulegt íslenskt kísilsteinefni í vökvaformi, tilbúið til inntöku.

**Nýjar vörur frá geoSilica slá í gegn** geoSilica hefur eflt mjög vöruþróun á síðustu misserum og hafa nýjar vörur frá fyrirtækinu slegið rækilega í gegn. geoSilica kísilsteinefni eru á metsölu-listanum Top 10 Best Sellers in Silica Mineral Supplements á Amazon US.

**geoSilica býður nú upp á eftirfarandi vörulínu:**

- geoSilica kísill  
- Íslenskt kísilsteinefni
- geoSilica Renew  
- Fyrir húð, hár og neglur
- geoSilica Recover  
- Fyrir vöðva og taugar
- geoSilica Repair  
- Fyrir liði og bein

Nánari upplýsingar um vörurnar og virkni þeirra er að finna á vefsíðunni [geosilica.is](http://geosilica.is). Þar er einnig að finna merkilegar reynslusögur margra Íslendinga sem hafa notað vörurnar frá geoSilica með undraverðum árangri. Við látum eina fljóta hér með:



## Ásdís Geirsdóttir

„Nokkrum mánuðum eftir að ég átti yngri dóttur mína í nóvember 2014 fór að bera á miklu hárlosi hjá mér. Ásamt því var ég mjög slæm í húðinni og neglurnar á mér brotnuðu endalaust. Mér var þá bent á kísilsteinefnið frá geoSilica. Það er 100% náttúrulegt steinefni sem er þróað og framleitt á Íslandi úr jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun. Kísilsteinefnið kemur í vökvaformi og ætlast er til að maður taki inn 1 msk. (10 ml) á hverjum degi. Það sem mér fannst líka virkilega gott við kísilinn er að hann inniheldur engin aukaefti – aðeins kísil og vatn – og er einnig bragðlaus. Ég ákvað að prófa enda orðin frekar langþreytt á þessu ástandi og búin að prófa bæði sjampó fyrir hárlos, ýmis krem og naglaherði. Ein flaska dugði mér í einn mánuði og eftir um 2 vikur var ég farin að sjá verulegan mun á húðinni, hárinu og nöglum. Ég ákvað því að taka aðra góða törn og keypti flöskur næstu tvo mánuðina og árangurinn lét ekki á sér standa!

Ég náði svo að sannfæra manninn minn um að prófa kísilinn líka. Hann er með psoriasis en kísillinn hefur reynst fólki með psoriasis einstaklega vel. Hann sá einnig mikinn mun á húðinni sinni og margir blettir sem hann var með urðu þynnri og minnkuðu til muna.

Síðan þá höfum við nokkrum sinnum tekið tærni með kísilinn frá geoSilica og alltaf sé ég jafn mikinn mun á mér og þá sérstaklega á húðinni og nöglunum. Auk þess finnst mér þetta minnka slen og stirðleika sem oft hellist yfir marga yfir vetrartímann.“





Snorri Már, Theódór Magnússon og Gunnlaugur A. Gunnlaugsson.

# Markaðsgreining að kostnaðarlausu!

## MARKEND:

Internetið getur verið frumskógur þegar kemur að því að átta sig á hvernig fyrirtæki gengur á markaði. Hægt er að afla þar ýmskonar upplýsinga og það býður einnig upp á fjölda lausna til þess að styrkja stöðu fyrirtækisins á markaði. Ferðin í frumskóg internetsins getur gefið af sér safaríkan ávöxt fyrir þá sem þekkja til, en aðrir eiga á hættu á að tynast í þeim myrkviði upplýsinga sem þar er að finna.

### Frí markaðsgreining

Markaðsgreining Markend er stórsniðug lausn fyrir t.d. rekstrarstjóra, framkvæmdastjóra, markaðsstjóra, fyrirtækjaeigendur og fleiri til þess að átta sig á raunverulegri stöðu rekstursins á netinu. Þá er sýnileiki fyrirtækisins á leitarvélunum greindur auk þess sem hægt er að sjá hvernig reksturinn stendur gagnvart samkeppni aðilum.

Markend býður upp á fría markaðsgreiningu fyrir alla. „Það eina sem þú þarft að gera er að skrifa inn vefsíðu fyrirtækisins á vefnum markend.is og við sjáum um að afla upplýsinga um vefsíðuna og ráðleggjum hvað mætti betur fara í sýnileika fyrirtækisins og markaðsherferða þess á netinu,“ segir Snorri Már, meðeigandi Markend.

### Markend sér um stafrænar markaðsherferðir og samfélagsmiðla

Í framhaldinu getur viðkomandi ráðið Markend til þess að sjá um stafræna rekstrarhlíð fyrirtækisins. „Við tryggjum viðskiptavinum okkar sýnileika á leitarvélum eins og Google og á samfélagsmiðlum eins og Facebook. Einnig leggjum við áherslu

á að vefsíður viðskiptavina okkar séu ávallt í toppstandi því tæknilegir kvillar, hægur hleðslutími eða slæm notendaupplifun getur hrakið fólk frá vefsíðunni. Auk þess sem leitarvél eins og Google vilja allra helst beina notendum sínum á áreiðanlegar og fljótvirkar síður.

Einnig bjóðum við upp á þjónustu í markaðsherferðum og pössum alltaf upp á að viðskiptavinir okkar hafi nóg af nýju og fersku efni til að knýja stafrænu herferðirnar og skila árangri.“ Hjá Markend starfa hæfileikaríkir myndatökumenn, grafískir hönnuðir og almennir margmiðlarar sem tryggja öflugan straum af nýjum hugmyndum og framúrskarandi efnistöfum. Þetta er aðeins toppurinn á ísjakanum af þeirri þjónustu sem Markend býður uppá.


### Alltaf skýrar niðurstöður

Skýrar og auðlesanlegar niðurstöður geta skipt sköpum í almennum rekstri fyrirtækja enda er ótakmarkað hvað hægt er að lesa út úr þeim. „Við hjá Markend leggjum megináherslu á að skila auðskiljanlegum niðurstöðum stafrænna herferða til viðskiptavina okkar eftir hvern mánuð fyrir sig. Þessar niðurstöður leiða í ljós nákvæm áhrif herferðanna sem í gangi hafa verið. Þar er hægt að lesa úr t.d. fjölda smella í gegnum það efni sem hefur verið í gangi, birtingar auglýsingaefnis og beinum sölum og/ eða bókunum,“ segir Snorri.

Nánari upplýsingar má nálgast á markend.is

Markend er staðsett að Katrínartúni 2, 16 hæð, 105 Reykjavík. Vefpóstur: markend@markend.is Sími: 588-0088

Hvernig á Facebook auglýsingin að líta út?



spa

All Images Maps Videos News More

Settings Tools

About 2,410,000,000 results (0.62 seconds)

LaugarSpa | Baðstofan | laugarspa.com

[Ad] www.laugarspa.com/ 553.0000

Í Betri stofu Lauga Spa er einstakt tækifæri til að endurnæra líkama og sál. Hágæða ræktarstöð. Aðgengi að Laugardalslaug, Heitir Pottar. Services: Súkkulaðinnudd, Paranudd, Steinarudd, Saltinnudd, Saltskrúbb, Slökunarnudd, Sportnudd.

Meðferðir · Ræktin · Veitingar

Google beinir fólk á fljótvirkar og áreiðanlegar síður.



Páll Þorbjörnsson, Páll.



Kristinn Sigurbjörnsson, Kiddi.



ALLT FASTEIGNIR:

# Traust, heiðarleiki og metnaður í framsetningu

**A**llt Fasteignir er framsækin hágæðafasteignasala sem leggur áherslu á ánægjuvög bæði kaupenda og seljenda. Einnig leggur fasteignasalan mikið upp úr heiðarleika, öryggi og nákvæmni í öllum vinnubrögðum. „Það er þess vegna sem fólk leitast til okkar þegar það vill selja eða kaupa. Það treystir okkur því við veitum einfaldlega góða þjónustu,“ segir Kristinn Sigurbjörnsson, eða Kiddi eins og hann er alltaf kallaður, löggiltur fasteignasali hjá Allt Fasteignum.

Þrátt fyrir ungan aldur er Kiddi reynslubolti enda er hann einnig löggiltur húsasmíðameistari, byggingarstjóri, hefur leyfi til eignaskiptasamninga og er í námi í byggingafræði í Háskólanum í Reykjavík. „Frá unglingsaldri hef ég unnið við byggingar

og tekið að mér bæði smá og stór verkefni. Ég hef tekið að mér ástandsskoðun fasteigna og er á skrá dómstóla yfir dómskvadda matsmenn í fasteignageiranum. Reynsla mín hefur verið mér og viðskiptavinum mínum ómetanleg við fasteignasölu og í öllu því sem henni fylgir,“ segir Kiddi.

#### Starfstöðvar víða

„Við erum aðallega með fasteignir til sölu en tökum þó að okkur leiguhúsnæði víða um land. Okkar starfstöðvar á Íslandi eru í Reykjavík, Reykjanesbæ, Grindavík og Vestmannaeyjum. Hjá fasteignasöluinni starfa sex löggiltir fasteignasalar sem allir sjá um sína starfsstöð, og Elinborg Ósk Jensdóttir sem starfar sem lögfræðingur hjá okkur. Arn-

dis María Kjartansdóttir sér þá um starfsstöðina í Vestmannaeyjum, Páll Þorbjörnsson, löggiltur fasteignasali, fiskeldisfræðingur og með réttindi til eignaskiptayfirlýsinga, er í Grindavík og Þorbjörn Pálsson, faðir Páls, er í Reykjanesbæ ásamt Gunnari Ólafssyni. Einnig sér Þorbjörn um erlendu eignirnar okkar, ásamt Páli, í gegnum Sólareignir sem rekið er af Allt Fasteignum.

Að auki eru fjórir aðrir starfsmenn hjá okkur og þar af ein sem aðstoðar á skrifstofu og við auglýsingamál. Svo eru þrír namar en tveir af þeim útskrifast á næstu mánuðum sem löggiltir fasteignasalar. Í sumar verða því alls átta löggiltir fasteignasalar starfandi hjá fasteignasöluinni. Á Spáni eru Sólareignir með skrifstofu í miðbæ Torrevieja ásamt því að

vera með sölusamninga í Portúgal, á Tenerife á Spáni og í Orlando og mikilvægt er að vera með löggiltan fasteignasala í því ferli.“

#### Leggja metnað í framsetningu eigna

„Ég útskrifaðist í fyrra sem löggiltur fasteignasali en byrjaði að vinna hjá Allt Fasteignum fyrir tveimur árum. Sjálfur er ég nú yfir starfsstöðinni í Reykjavík og erum við með töluvert af fallegum og góðum eignum á skrá hjá okkur þar. Við erum með fasteignir í öllum stærðum, gerðum og verðflokkum, hvort sem um er að ræða heimili, sumarbústaði, skrifstofur eða atvinnuhúsnæði. Við leggjum einnig mikinn metnað í framsetningu og kynningu á eignum sem eru til sölu eða leigu hjá okkur. Það er hagur okkar og viðskiptavina okkar að eignir séu settar fram á faglegan og lýsandi máta,“ segir Kiddi að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á [alltfasteignir.is](http://alltfasteignir.is)

**Sími: 560-5500**

Kiddi, beinn sími: **612-3524** og netfang: [kristinn@alltfasteignir.is](mailto:kristinn@alltfasteignir.is)

Páll, beinn sími: **426-555** og **698-6655** og netfang: [pall@alltfasteignir.is](mailto:pall@alltfasteignir.is)

Netpóstur: [alltfasteignir@alltfasteignir.is](mailto:alltfasteignir@alltfasteignir.is)





# Háþróuð öryggistæki og eftirlitskerfi fyrir heimili og fyrirtæki

PRONET:

**P**roNet er sérhæft fyrirtæki á sviði fjarskiptalausna með áratuga reynslu af uppbyggingu á ljósleiðarakerfum og öðrum fjarskiptakerfum, öryggis- og myndavélakerfum, bæði á Íslandi og erlendis.

ProNet rekur öfluga framkvæmdadeild með starfsmönnum sem hafa viðamikla reynslu úr tæknigeiranum. Tækjabúnaður fyrirtækisins samanstendur af nýjustu og bestu tækjum sem völ er á, og starfsmennirnir eru þrautþjálfaðir í að leysa öll verkefni, stór sem smá, hvort sem um er að ræða byggingu nýs kerfis, eða mælingu, úttekt eða viðhald eldri kerfa.

ProNet rekur öfluga heildsölu/ smásölu og flytur m.a. inn efni fyrir lagna- og netkerfi, verkfæri, raftæki o.fl. Styrkur fyrirtækisins felst í að bjóða vörur á mjög hagstæðu verði, en kannski ekki síður að vörurnar eru valdar af fagmönnum með mikla reynslu.

Helstu birgjar ProNet í öryggiskerfum eru Tiandy (myndavélar og myndþjónar), Protec (brunaviðvörðunarkerfi), Digifort (myndavéla-hugbúnaður), TELL (vöktunarkerfi) og Maxkin (öryggiskerfi).

## Tiandy – öryggismyndavélar og videóþjónar

Frá Tiandy býður ProNet upp á myndavélar frá 2Mp upp í 12. Til eru vélar með föstum linsum, stillanlegum (varifocal) og stýranlegum (motorised). Ávallt eru til a.m.k. tíu

gerðir á lager hverju sinni. Einnig eru í boði PTZ-vélar með frá 20 og upp í 44 x optical aðdrátt sem staðalbúnað.

Enn fremur eru í boði videóþjónar frá Tiandy (NVR upptökutæki) frá 4 og upp í 80 rása með 1 og upp í 8 harða diska. Þessi tæki eru bæði til með PoE og án. Einnig eru til PoE-beinar til að bæta við kerfum.

Kerfin eru einföld í uppsetningu og stillingum. Reyndar eru flest kerfi afhent stillt og uppsett. ProNet setur einnig upp tengingu við síma og spjaldtölvur fyrir viðskiptavinum, þeim að kostnaðarlausu.

## Protec – brunaviðvörðunartæki

Protec Algo-Tec(tm) 6100 er hringtengt, stafrænt og tölvustýrt eldskynjunar- og viðvörðunarkerfi sem hentar fyrir litlar og meðalstórar byggingar, s.s. verslanir, hótél og skrifstofur. Stjórnborð kerfisins er hannað og smíðað af Protec og uppfyllir EN 54-2 og 4 eldvarnarstaðla ESB. Stjórnborðið er hægt að festa á vegg, en einnig hægt að fella það inn, sé þess þörf.

Algo-Tec 6100 stjórnborðið er hringtengt með getu til að tengjast og stýra 192 tengipunktum, auk þess að geta tengst og stjórnað öllum stjórnborðum, nemum, viðvörðunarbjóllum, viðvörðunarljósum og handvirkum neyðarboðum.

Algo-Tec 6000PLUS línuna er einnig hægt að tengja inn í Algo-Tec 6300 upplýsingaskjái sem sýna

viðburði með sjálfvirkum flettingum á texta.

Með þeim möguleikum sem þetta kerfi býður upp á er hægt að byggja upp öflugt og öruggt stafrænt eldvarnarkerfi, með mun einfaldari lagnavinnu en áður, með þeim sparnaði sem því fylgir.

Fjöldi aukahluta er fánlegur með stöðinni. Optískir reykskynjarar, skynjarar með viðvörðunarbjóllu, hitanemar, sambyggðir reyk- og hitanemar, handboðar, geislanemar, loftstokkanemar, sirenur og margt annað.

ProPoint PLUS Aspirating er reyksogskerfi, sérstaklega hannað fyrir loftstokka, lyftugöng og t.d. fangelsi eða aðra staði þar sem rafbúnaður hentar ekki. Í staðinn fyrir hefðbundna reykskynjara er kerfið byggt upp þannig að það sýgur loft í gegnum litla pípu og sendir sýni í greiningarbúnað sem skilgreinir agnir og lætur vita ef grunur er um eld. Kerfið er meðal annars notað þar sem hátt er til lofts og viðhald og eftirlit getur verið kostnaðarsamt.

## Digifort – myndaeftirlitskerfi

Digifort myndaeftirlitskerfi er í ferns konar útfærslu eftir fjölda myndavéla og möguleika sem kerfi bjóða upp á. Fjöldi myndavéla í Digifort Explorer er 4-16, í Standard 4-32, í Professional 8-64 og Enterprise 8-ótakmarkað.

Einnig er hægt að bjóða upp á númeraplötugreiningu, ítarlega videógreiningu, andlitsgreiningu og

viðvörðun og sjálfvirkni (Alarm and Automation). Möguleiki er á því að tengja allar þessar einingar við hvaða kerfi sem er. Digifort hugbúnaðurinn gengur með myndavélum frá flestum framleiðendum heims.

T.E.L.L. eru öryggiseiningar sem hægt er að tengja við hvaða tæki sem er og senda þaðan boð í vöktunarmiðstöð. Einingarnar eru til í IP og 3G og allt frá 1 rás upp í 6 rásir. Enn fremur er ProNet að prufukeyra sitt eigið vöktunarkerfi sem kynnt verður á næstunni.

Maxkin – þráðlaus öryggiskerfi fyrir heimili og lítil fyrirtæki

Frá Maxkin koma öryggiskerfi sem henta fyrir heimili og lítil fyrirtæki. Kerfin geta tengst WiFi og GSM-neti. Hægt er að fá auka lykka-borð, reykskynjara, fjarstýringar, hurðanema, vatnsnema, sirenur og fleira.

Nánari upplýsingar um þessar vörur og margar fleiri er að finna á vefsíðunni **pronet.is**

Pronet er einnig með vörur frá General Cable, TecnoSteel, Coromatic, AblereX, Cubis, Lantech, LinkBasic og Moxa.

**ProNet er til húsa að Ögurharvi 2, Kópavogi. Símanúmer er 540-3520.**







# Snjallkerfi á heimilið og þú veist um allt sem gerist þar

**H**raðasta þróunin í dag er án efa í snjallkerfum og við hjá IPT erum með SmartHome-snjallkerfi sem geta vaktað og stjórnað heimilinu. Kerfin vakta þá ýmist innbrot, eld, gas og vatn. Hægt er að vera með ýmsan aukabúnað tengdan við snjallkerfin svo sem dyrasíma sem lætur app vita ef hringt er dyrabjöllur. Þá getur þú stjórnað kerfinu í snjallsímanum, tekið mynd af viðkomandi og opnað hurðir. Annar aukabúnaður eru hreyfanlegar ip-innimyndavélar, fjöldi gerða af útmyndavélum og stjórnkerfi fyrir ljós og fleira á heimilinu eins og bílskúrshurðir, hitastig, rakastig og fleira. Með Alexa frá Amazon geturðu talað við kerfið og stjórnaði því þannig. Það eru engin takmörk fyrir því hvað hægt er að gera með þessum kerfum.

WIFI-dyrasími getur verið hluti af snjallkerfinu eða starfað sjálfstætt. Þessi dyrasími er vinsæll hjá t.d. gistiheimilum, airbnb, leiguíbúðum,

lagerhúsnæðum og skrifstofum. Búnaðurinn gefur eigendum frelsi til að vera hvar sem er en geta þó séð um gesti. Dyrasímarnir fást einfaldir með bjölluapp eða með lyklaborði og nándarlesara sem notar dropa til að opna hurðir.

IP-myndavélar geta einnig verið hluti af snjallkerfi eða starfað sjálfstætt. Þessar myndavélar hafa í dag gríðarleg gæði og öll samskipti eru orðin fyrsta flokks með 4G. Þessar myndavélar geta haft sd-minniskort sem geyma myndefni sem þú getur skoðað hvar sem er. Þær hafa hreyfiskynjun. T.d. ef myndavél er í garði þá getur þú sett hana á vörð og hún lætur þig vita ef einhver er í garðinum. Eins getur hún sett myndir á sd-kort.

Ljósastýring er þannig að ljósarofa í vegg er skipt út fyrir snjallrofa sem snjallkerfið getur kveikt á á vissum tímum. Rofarnir eru með snertitækni. Einnig getur þú notað fjarstýringu

eða snjallsímann. Snjallkerfið getur stjórnað næturlýsingu á heimilinu og hægt er að fá útgangseiningar til að virkja tækið á heimilinu.

Allur snjallbúnaður er tengdur tölvuskýi sem tengir það við snjallsíman, þannig að kerfin eru afar ódýr í rekstri.

**Þú veist allt sem gerist á heimilinu**  
Með snjallkerfinu geturðu verið komin heim til þín á 5 sekúndum, svo að segja. Það er alger óþarfi að greiða föst mánaðargjöld fyrir þjónustu sem þú getur stjórnað sjálfur. Þetta eru einfaldlega breyttir tímar. Þú veist um allt sem gerist á heimilinu og getur alltaf tengt þig inn og séð raunmynd af heimilinu. Eins geturðu t.d. fylgst með hvenær krakkarnir skila sér heim úr skólanum.

## Comelit-dyrasímakerfi

Stoltastir erum við af Comelit-dyrasímakerfunum okkar fyrir einbýli og fjölbýli.

Comelit hefur framleitt margar gerðir af kerfum síðan 1956. Þetta er einstaklega vandaður búnaður og þar er þróunin einnig hröð.

Þú getur látið dyrasímann elta þig hvar sem þú ert staddur svo framfarlega sem GSM-samband sé þar, þ.e. dyrasíminn hringir þá í GSM-símann og þú getur talað við þann sem er við hurðina, hvar sem þú ert staddur í heiminum. Eins er hægt að hafa þennan búnað í fjölbýli og þá þurfa ekki allir í fjölbýlinu að vera með þennan búnað. Hægt er að blanda þessu saman við snjallbúnað og venjulegan dyrasíma.

Nánari upplýsingar má finna á [ipt.is](http://ipt.is)

tölvupóstur: [ipt@ipt.is](mailto:ipt@ipt.is)

Sími: 763-8831







# Steinar Smári Guðbergsson er Meindýraeyðir Íslands

**F**yrr all löngu síðan bjó Steinar Smári Guðbergsson með fjölskyldu sinni á sveitabæ. Honum blöskraði músa- og köngulóamergðin á heimilinu og tók að halda ófögnuðinum í skefjum með meindýravörnum. Efni sem aðgengileg eru almennungi nægðu ekki í þessi verk og því leitaði Steinar sér menntunar á sviði meindýravarna. Allt frá árinu 2005 hefur hann starfað sem meindýraeyðir og starfsemin er í sífelldri þróun en fyrirtæki hans ber heitið Meindýraeyðir Íslands ehf.

Margir vita ekki að starf meindýraeyðis snýst ekki bara um að farga fyrirbyggjandi meindýrum heldur einnig að sinna forvörnum: „Fyrirtækjum í matvælagæiranum, bæði þeim sem framleiða og framreiða mat, ber skylda til að vera með meindýraeyði á samningi sem setur upp meindýravarnir og heldur uppi eftirliti, sem miðar að því að halda meindýrum frá framleiðslu fyrirtækja. Það er réttur neytandans að neysluvaran sé sem best á allan máta,” segir Steinar.

„Margir Íslendingar hugsa sjálfkrafa að ef minnst er á meindýraeyði þá sé eitthvað að. En það er alls ekki þannig. Forvarnirnar eru einn mikilvægasti þáttur í starfinu. Ef þú ert með meindýraeyði þá þýðir það að þú sért með hlutina í lagi. Þú ert að fyrirbyggja að meindýr komist í matinn sem þú ert að framleiða eða framreiða fyrir neytandann.”

Starfsemin er því tvíþætt, annars vegar tilfallandi útköll og hins vegar meindýraeftirlit og forvarnir. „Það eru ekki endilega bara matvæla-fyrirtæki og veitingastaðir sem þurfa á svona forvörnum og eftirliti að

halda. Flugfélög, skólar, stofnanir og margs konar önnur fyrirtæki sem eru með viðkvæman og dýran búnað þurfa líka að fá eftirlitsþjónustu hjá meindýraeyði til að koma í veg fyrir að nagdýr skemmi leiðslur og þess háttar. Hótel og gististaðir hafa einnig þurft að eiga við veggjalús (bed bugs) og eru því oft með Meindýraeyði Íslands á hraðvalli í símanum sínum.”

Almenningur getur líka þurft á forvörnum meindýraeyðis að halda: „Til dæmis er ágætis vani að láta eittra húsnæðið sem fólk ætlar að flytja í, því það veit ekki hvaða óæskilegu sambýlingar biða spenntir eftir því. Einnig er sniðugt að láta meindýraeyði eittra á nýja staðnum, sérstaklega ef meindýra varð vart á gamla staðnum, því það kemur í veg fyrir að meindýrin sem flytjast með, nái sér á strik í nýja húsnæðinu.”

**Óvelkomnum gestum fer fjölgandi**  
Steinar Smári segir að skordýrum hafi fjölgað hér á landi, bæði í tegundum og magni, með auknum fjölda ferðamanna. „Veggjalús hefur fjölgað mikið, sem fyrir segir. Kakkalökkum hefur líka fjölgað og það er reglulega hringt í mig út af þeim. Þá hafa bæst við gestir sem hafa jafnvel ekki fengið íslenskt nafn ennþá. Fyrir ekki löngu fannst hér í fyrsta skipti svokallaður „ghost ant“ og fékk heitið draugamaur,” segir Steinar.

Enn fremur hefur köngulóm fjölgað á Íslandi, sérstakleg krossköngulónni, en með hlýrra veðri og auknu skjóli frá stærri trjágróðri hefur henni fjölgað mikið.

„Það eru 84 tegundir af köngulóm á Íslandi. Hins vegar eru geitungategundirnar bara tvær,

holugeitungur og trjágeitungur. Holugeitungurinn er minni en búin þeirra eru stærri og þeir eru mun árásargjarnari,” segir Steinar Smári og kveður síðan niður algenga bábilju um köngulær:

„Það er oft sagt að þar sem mikið sé um köngulær sé lítið um flugur. En þar sem ég kem til að eittra fyrir köngulóm er yfirleitt mikið um flugur líka, það fara nefnilega ekki allar flugur í vefina. Og svo þegar údað hefur verið fyrir köngulómum þá hverfa flugurnar líka því eitrið virkar líka á þær.”

## Rottur upp úr röri

Það gefur auga leið að meindýraeyðar lendi í mörgu eftirminnilegu og stundum er það tengt rottugangi. Steinar segir okkur eina slíka sögu. „Þar sem eldri hús eru liggja oft rör frá þakrennum niður að jörðu og stingast svo ofan í gömlu steypu rörin sem notuð voru mikið hér áður fyrr. Oft fer álrorið neðan úr rennuni að ryðga og tærast og steypurörið molnar, þá myndast gat sem rottur komast upp úr. Á einu heimili voru tveir Bengal-kettir og þeir ákváðu að gleðja húsbændur sína með því að draga fjórar spriklandi rottur inn í hús. Húsbændunum leist hins vegar ekki betur en svo á gjöfina að þeir hringdu í ofboði í meindýraeyðinn! Þegar ég hafði náð veiði kattanna, fór ég að kanna ástæður þess af hverju þessi ófögnuður hafði borist inn. Þar sem mig grunaði að fráfallsrör frá þakrennu væri ástæðan ásamt veiðigleði kattanna, fór ég út fyrir til að kíkja á, grunur minn reyndist réttur því ég sá tvo aðra ketti sem biðu við rörið, tilbúnir

að hremma meiri bráð sem upp úr gatinu kæmi.” – Var strax farið í það að setja fyrir gatið.

## Góður tækjabúnaður og óreglulegur vinnutími

Meindýraeyðir Íslands leggur metnað sinn í að hafa ávallt nýjasta og besta tækjabúnað sem til er á markaðnum og er því ávallt vel tækjum búinn, ásamt því að halda menntun sinni við og fylgjast með öllum nýjungum á sviði meindýravarna hjá einstaklingum og fyrirtækjum.







„Sem dæmi um tól sem ég þarf að beita eru til dæmis gufubýssa, hita-býssa og skammbýssa annars vegar og hins vegar alls konar ferómón, gildrur og límspjöld. Límbúnaðurinn er á undanhaldi og ég beiti honum bara í neyð og þá undir stöðugu eftirliti. Ég er með mjög góðar dætur til notkunar bæði inni og úti.”

Eins og nærri má um geta er vinnutími meindýraeyðis mjög óreglulegur en í grundvallaratriðum má segja að Steinar sé alltaf til taks: „Ég loka nú oftast ellefu eða tólf á kvöldin. En ef það er neyðartilvik, til dæmis rotta í svefnherberginu, þá kem ég á vettvang á hvað a tíma sólarhringsins sem er. En það er óþarfi að bregðast það hratt við ef þú sérð silfurskottu, því það þarf meiri undirbúning ásamt því að enginn má vera inni við án öndunargrímu.”

**Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni [www.eydir.is](http://www.eydir.is) og í síma 897-5255. Einnig er hægt að finna Meindýraeyði Íslands á Facebook.**



# Helgarkrossgátan

		fugl	málmur	2 eins					
	hent								
	klukkan								
	uppkast	3							fésugurnar
	þoka farartæki								meidda
<small>Tekning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð</small> 	ytt	tikk	stétt	<small>krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510</small> brall					
rakar				9	freni söngródd			52 vikur fuglar	
næringin					veruleiki mædd				
dínámór					þjóð furða				
brambolt			hljóðfærið	5					mati
<small>Höfundar- réttur skilyrtur.</small> 	miði slytti	6			bægsli			gripdeild skyggni	
hret		2 eins	núningur drykkur						borg
litað					hreysi ómur				beyg
									
ármynni			sko	ambátt verkfærið				stroff skordýr	
ánetjaður							dýrahljóð		kjötstappa
	hosurnar	hestur ferð				raka tunnan	1		
málmur						lagður			söngl
kvendýr			angan fuglinn				8	tímabil þjónn	
mísræði				7	gjaldmiðill	svara fuglinn			
		úrcoma	rösk					2	slaka
erfð				4				5 eins	
	geimvera samtök				árna				frá glíma
elgurinn						spendýrin			
elska					táldrag			bakki	

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

# Sudoku

## Auðveld

	2	7	5			1		
	5		4		2			
8		1	6			2		
7	3		8		5	6		1
							9	
6	1		7				8	
1					8	7	3	5
2					6			
	9	3	1	4		8		

## Erfið

						7		
1		7	4			5		
3			2				9	
						2		4
	8					3		5
9	6					8		
			7			8		
	1	2	9			4		
		5				6	1	3

# Verðlaunagáta

**Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.**  
 Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...  
**Guðrún Tómasdóttir**  
**Skógum**  
**861 Hvolsvöllur**  
 Lausnarorðið var **SKÓGARÞRÖSTUR**  
**Guðrún hlýtur að launum**  
**bókina Heklugjá – leiðarvísir**  
**að eldinum**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-  
 blaðsins er bókin Tuð vors lands:  
 litla bókin um ólundina

Höfundar: Lotta Sonninen, Bjarni Guðmarsson þýddi  
 Ertu komin/n með upp í kok af að vera alltaf jákvæð/ur?  
 Snúðu við blaðinu og leggðu rækt við ólundina í þér. Vertu versta útgáfan af þér.

Vertu neikvæð/ur!  
 Berðu lóminn!  
 Taktu aðra til bæna!

Varúð: Sérlega viðkvæmt efni. Feldu bókina fyrir öllum sem þú þekkir og þér finnst vænt um.



# NÓTTIN SEMI

## ■ Buddy Holly og fleiri stjórnur fórust í flugslysi ■ Samsæriskenningar á lofti

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Þriðjudagurinn 3. febrúar 1959 verður að eilífu skráður í sögubækurnar en þennan dag lést ein stærsta tónlistarstjarna samtímans ásamt þremur öðrum í hörmulegu flugslysi. Tólf árum síðar lýsti bandaríski söngvarinn og lagahöfundurinn Don McLean þessum degi sem deginum sem tónlistin dó. Þetta gerði hann í hinu klassíska lagi sínu American Pie.

Aðeins fjórum mínútum eftir flugtak frá Mason City Municipal-flugvælinum, sem er nærri Clearlake í Iowa, hrapaði lítil flugvél til jarðar þann 3. febrúar 1959. Flugmaðurinn var Roger Peterson, 21 árs, en hann var reynslulít-

ill flugmaður. Auk hans voru í vélinni Buddy Holly, 21 árs, Ritchie Valens, 17 ára, og J.P. Richardson, 28 ára, en hann var kallaður The Big Bopper.

Þremmingarnir, en þó aðallega Buddy Holly og Ritchie Valens, voru í fararbroddi rokksins sem fór sigurför um heiminn á þessum tíma. Það var þó byrjað að láta aðeins undan og hélt sú þróun áfram á sjötta áratugnum. Sú þróun lagði samtímis grunn að annarri tónlistarbyltingu.

Árið 1959 voru margar af helstu stjórnur rokksins í pásu eða gátu ekki sinnt tónlistinni. Elvis Presley var í Þýskalandi þar sem hann gegndi herþjónustu. Little Richard hafði sífellt meiri áhuga á gospeltónlist og Chuck Berry var

mikið í umræðunni fyrir ýmislegt annað en tónlist. Bar þar einna hæst kynferðisofbeldi. En víkjum aftur að hinum unga Buddy Holly. Eitt helsta vörumerki hans voru stór gleraugu með svartri umgjörð. Hann naut mikilla vinsælda með hljómsveit sinni, The Crickets, og hafði átt marga smelli á vinsældalistum. Má þar nefna That'll Be The Day, Not Fade Away og Peggy Sue. Ritchie Valens sló í gegn 1958 með lögnum La Bamba og Donna. Sama ár sló J.P. Richardson í gegn með Chantilly Lace.

### Löng tónleikaferð

General Artist Corporation vildi nýta sér þessar miklu vinsældir þremminganna og sendi þá því saman í langt og strangt tónleikaferðalag undir heitinu The Winter Dance Party. Það hófst 23. janúar í Million Dollar Ballroom í Milwaukee í Wisconsin. Þar kom Buddy Holly fram með hljómsveit sem Waylon Jennings, Tommy Allsup og Carl Bunch skipuðu. Ritchie Valens, J.P. Richardson og Dion DiMucci komu einnig fram ásamt hljómsveitinni The Belmonds.

Það var ljóst frá upphafi að eina markmið General Artist Corporation var að græða peninga og það hratt. Velferð tónlistarmannanna var algjört aukaatriði. Halda átti 24 tónleika í 24 borgum og bæjum í Miðvesturríkjunum og voru tónleikar á hverju kvöldi. Tónlistarmennirnir voru fluttir á milli staða í gömlum rútum sem biluðu oft. Þeir þurftu stundum að aka 500 kílómetra á milli tónleikastaða. Skipulagningin var slæm og oft þurfti að aka marga ónauðsynlega kílómetra vegna þess. Það var ekki til að bæta ástandið að veturinn var harður, allt að 30 stiga frost. Tónlistarmennirnir urðu oft að halda hita á sér með því að kveikja bál í bílunum og reyna að þrúka ískaldar næturnar.

Aðstæðurnar urðu til þess að margir þeirra fengu kvef og háan hita og aðra kól. Trommuleikarann Carl Bunch kól svo illa að hann var lagður inn á sjúkrahús í Wisconsin. Stemningin í hópnum var því allt annað en góð þegar örmagna hópurinn kom í Surf Ballroom í Clearlake í Iowa að kvöldi 2. febrúar. Buddy Holly hafði fengið nóg af þessum ömurlegu aðstæðum sem tónlistarmönnum var boðið upp á. Hann leigði því flugvél á næsta flugvelli til að fljúga með til Moorhead í Minnesota næsta

Ritchie Valens Aðeins sautján ára gamall.



Buddy Holly Ein skærasta tónlistarstjarna síns tíma.

dag en þar áttu tónlistarmennirnir að koma fram á The Armory um kvöldið.

### Örlogaríkt sætaval

Vandinn var að vélin var eins hreyfils og gat aðeins tekið þrjá farþega. Það lá í augum uppi að Holly yrði einn þeirra en ólíkum sögum fer af því hvernig hinir tveir voru valdir. Ein sú lífseigasta er að Holly hafi beðið Waylon Jennings og Tommy Allsup að fljúga með sér en að J.P. Richardson hafi verið svo veikur og magnvana að hann

hafi talið Jennings


á að láta sitt pláss eftir. Ritchie Vallens er sagður hafa verið svo ákafur í að komast með að hann og Allsup köstuðu mynt upp á hvor fengi síðasta sætið. Tommy Allsup staðfesti þessa frásögn í ítarlegu viðtali við AP 2007.

Að tónleikunum í Surf Ballroom loknum var þremmingunum ekið til

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR  
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI  
ÁL • STÁL • PLAST



# TÓNLISTIN DÓ

Brak vélarinnar Samsæriskenningar hafa grasserað um afdrifin.



Mason City Municipal-flugvallarins þar sem Roger Peterson tók á móti þeim. Hann hafði ekki hlotið þjálfun í að fljúga blindflug en það var nauðsynlegt í þeim aðstæðum sem voru þessa nótt, snjókomu og myrkri. Vélin tók á loft klukkan 00.55 og tók stefnuna á Hector-flugvöllinn í Fargo en sá flugvöllur var næst The Armory í Moorhead. Fólk sem var á flugvellinum fylgdist með flugtakinu en fljótlega hvarf vélin sjónum. Aðeins fjórum mínútum eftir flugtak hvarf hún alveg og fjarskiptasambandið rofnaði. Eigandi vélarinnar fór strax til leitar næsta morgun í annarri flugvél og kom fljótlega auga á flugvélinna þar sem hún hafði hrapað til jarðar á snæviþakinn akur skammt frá flugvellinum.

Þegar Bill McGill lögreglustjóri kom á vettvang fyrstur manna sá hann gjörónýta flugvélinna og limlest lík tónlistarmannanna þriggja við hlið hennar. Lík Peterson fannst í flakinu.

Hinir tónlistarmennirnir í hópnum fóru með rútu til The Armory eins og fyrirhugað var. Þeir fréttu ekki af slysinu fyrr en þeir komu á áfangastað. Þrátt fyrir hið hörmulega slys voru þeir nánast neyddir á svið og tónleikaferðinni var síðan haldið áfram án þremminganna.

Slysið og dauði þessara þriggja ungu tónlistarmanna hafði mikil áhrif í Bandaríkjunum og víða um heim. Það var og er sérstaklega Buddy Holly sem hefur lifað í minningunni og verið sagður áhrifavaldur margra tónlistarmanna. Margar hljómsveitir sem slógu í gegn á sjötta áratuginum hafa nefnt Holly sem mikla fyrirmynd og áhrifavald og má þar nefna Bítana, Rolling Stones, Elton John og Eric Clapton.

Í lok september 1959 komst rannsóknarnefnd flugslysa að þeirri niðurstöðu að orsök flugslyssins hefði verið sú að Peterson var ekki nægilega þjálfður til að fljúga við jafn slæmar veðurfarslegar aðstæður eins og voru þessa nótt og hafi ekki getað flogið blindflug.

**Samsæriskenningar fóru á kreik**  
Tveimur dögum eftir slysið voru lík hinna látnu krufin. Krufningarskýrslurnar hafa síðan verið krufnar ofan í kjölinn af mörgum. Ýms-

ar samsæriskenningar hafa verið á lofti um dánarorsök þremminganna og því hafa margir talið nauðsynlegt að kafa djúpt ofan í krufningarskýrslurnar. Það var ekki til að draga úr hugmynda-smíði samsæriskenningasmiða að við hlið flugvélarinnar fannst skammbyssa, sem er talin hafa verið í eigu Buddys Holly. Óstaðfestur orðrómur komst á kreik um að skotgöt hefðu verið á flugmanns-sætinu og að skotið hefði verið úr skammbyssunni. Þetta kom síðan af stað öðrum orðrómi um að flugmaðurinn hefði verið skotinn skömmu eftir flugtak, þó ekki að yfirlögðu ráði heldur hafi verið um slysaskot að ræða. Auk þess var orðrómur um að J.P. Richardson hefði orðið fyrir voðaskoti. En ekki nóg með það því einnig flaug sú fiskisaga að hann hefði lifað í töluverða stund eftir slysið og reynt að ganga af stað til að sækja hjálp, en hefði síðan hniگیð örendur niður.

J.P. Richardson var lagður til hinstu hvílu í Forest Lawn Cemetery í Beaumont í Texas. Þegar ríkið vildi setja bronsstyttnu á gróf hans 2007 krafðist stjórn kirkjugarðsins þess að lík hans yrði flutt í aðra gróf. Í tengslum við þann flutning lét sonur hans, Jay Richardson, kryfja líkið á nýjan leik. Jay fæddist eftir lát föður síns. Niðurstaða krufningarinnar, sem var gerð í byrjun mars 2007, var að J.P. Richardson hefði ekki getað gengið eitt einasta skref eftir slysið. Hann lést samstundis eins og hinir þrír. Einnig var hægt að vísa á bug orðrómi og samsæriskenningum um að Richardson hefði verið skotinn.

Það má síðan geta þess að upprunaleg líkkista J.P. Richardson var um tíma til sýnis á Texas Musicians Museum í Hillsboro í Texas og síðan í útibúi sama safns í Waxahachie. Hún var síðan til sýnis í Roadside America Museum í Hillsboro. Það vakti mikla reiði 2009 þegar fyrrnefndur Jay Richardson reyndi að selja kistuna á eBay. Hann hætti síðan við það en ekki er vitað hvar kistan er nú niðurkomin.

**Eiginkonan frétti af slysinu í útvarpinu**

Eiginkona Buddys Holly, Maria Elena Holly, frétti af dauða eiginmannsins í útvarpinu. Hún brotn-

aði algjörlega saman og nokkrum vikum síðar missti hún föstur. Þetta varð til þess að settar voru reglur um að ekki mætti skýra frá nöfn-um þeirra sem farast af slysförum fyrr en búíð væri að tilkynna ættingjum um slysið.

Marie var svo illa á sig komin eftir slysið að hún gat ekki verið viðstödd útför eiginmannsins og hefur aldrei farið að gróf hans. Árum saman hlustaði hún ekki á tónlist hans en hún samþykkti,



J.P. Richardson  
Gekkt undir nafninu  
The Big Bopper.

fyrir áeggjan eiginmanns síns, 1978 að gerð yrði Hollywoodmynd um Buddy Holly, The Buddy Holly Story. Hún hefur alla tíð staðið vörð um arfleifð Buddys og vörumerkið sem hann er, en það veltir enn háum fjárhæðum.

Í Lubbock í Bandaríkjunum er sérstakt safn til heiðurs Buddy Holly, The Buddy Holly Center, og reglulega eru haldnir tónleikar og farið í tónleikaferðir til að minnsta hans.

**Ný kenning**

Fyrir fjórum árum sagði flugmaðurinn L.J. Coon að hann hefði fundið óvefengjanlegar sannanir fyrir að ástæðan fyrir flugslysinu hafi verið að þyngdardreifing í vélinni var mjög ójöfn. Slysið hafi ekki haft neitt með reynsluleysi flugmannsins að gera. Bandaríska flugslysanefndin fhugaði að taka málið aftur til rannsóknar en tilkynnti í apríl 2015 að hún hefði ekki fundið neitt sem styddi kenningu Coon og því var ekkert aðhafst. ■

**LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM**  
Sjálftandandi greiðslulausnir og handfrjálssir posar

Allir posar frá Verifone taka við snertilausum greiðslum með farsímum

**Verifone**

Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum



# Elsta vínflaska heims frá tímum Rómverja

## ■ Þora ekki að opna flöskuna ■ Hugsanlega eitrad

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Hvernig ætli elsta vín heimsins smakkist? Ábyggilega illa, enda er það nærri 1.700 ára gamalt, kekkjótt og orðið óáfengt. Hugsanlega er það eitrad. Langelsta vín sem fundist hefur er Rómervínið sem fannst í grafhýsi Rómverja og er nú geymt í litlu safni í Þýskalandi.

### Fannst árið 1867

Að eldast eins og gott vín er máltæki sem flestir þekkja. Mörg vín

verða betri með aldrinum en árgangar eru þó misjafnir að gæðum. Til að mynda þykja Bordeaux-vín frá árinu 1961 mjög góð en sams konar vín frá 1960 hreinasti óþverri.

Þó að vín séu innsiglið breytast þau með tímanum og eftir ákveðinn tíma verða þau vond og ódrekkandi. Slíkt á ábyggilega við um hið fræga Rómervín sem fannst árið 1867. Rómervínið er langelsta vín sem fundist hefur og talið vera frá árunum 325 til 350 eftir Krist. Til samanburðar má nefna að hið næstelsta er frá árinu 1472.

Rómervínið fannst í grafhýsi í Rínarhéruðum Þýskalands, nálægt bænum Speyer. Grafhýsið var í eigu rómversks aðalsmanns og í því fundust kistur karlmanns og konu. Í kistu karlsins fundust tíu vínflöskur og sex í kistu konunnar. Aðeins ein flaskan var heil og enn með víni í.

### Ekki hægt að rannsaka vökvann

Rómervínið er geymt og haft til sýnis í héraðssafni Speyer. Fræðimenn og víná hugamenn hafa lengi deilt um hvort eigi að opna

„Talið er að allt alkóhól sé farið úr henni

sem er hvað forvitnilegast varðandi flöskuna er að hún er úr gleri. Gler var afar sjaldan notað til þess að geyma vín á tímum Rómverja.

### Safnstjórinn sá eini sem þorir

Í Speyer er grannt fylgst með Rómervíninu. Ludger Tekampe, safnvörður á héraðssafninu, segist ekki hafa séð neina breytingu á því síðan hann tók við fyrir 25 árum. Vínið hefur verið geymt á sama stað í safninu í meira en öld. Tvisvar hefur Tekampe handleikið það en aðrir starfsmenn hafa ekki þorð að snerta flöskuna.

En hvernig myndi vín sem er tæplega 1.700 ára gamalt smakkast? Fræðimenn eru sammála um að það sé ekki sniðugt að smakka það. Hugsanlega er vínið orðið eitrad. Ef ekki þá er bragðið að öllum líkindum viðbjóðslegt og vínandinn farinn. ■

flöskuna og rannsaka innihaldið. Þó að talið sé að flaskan innihaldi vín er ekki hægt að fullyrða það fyrir en flaskan hefur verið opnuð. Margir óttast hins vegar að mikil edlisbreyting gæti orðið ef innsiglið rofnar og vökvinn kemst í beina snertingu við andrúmsloftið.

Að öllum líkindum er þó um vín að ræða og staðurinn sem flaskan fannst á er frægt víngerðarhérad. Fræðimenn hafa reynt að greina innihaldið án þess að opna flöskuna. Talið er að allt alkóhól sé farið úr henni. Í vínið hafa verið settar ýmsar jurtir og þykk ólífuolía. Þetta sést á því að vökvinn er lagskiptur, tær neðst en þykkur við barminn. Heitt vax hefur síðan verið notað til þess að innsigla flöskuna. Það



Rómervínið Ábyggilega viðbjóður á bragðið.

Ludger Tekampe Sá eini sem þorir að snerta flöskuna.

**Flóra**  
SÍÐAN 1935

**Netverslun með stærri einingar**

Vilko.is • Sími 452 4272 • Húnabraut 33 • 540 Blönduósi



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum  
Verð frá **58.500 kr.**

**GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



# Henry Steinn var óléttur transmaður

Föðurhlutverkið,  
fjölmíðlafárið og  
fordómarnir

Fyrsti transmaðurinn Henry Steinn er fyrsti transmaðurinn á Íslandi til að vera óléttur í kynleiðréttingarferli. Mynd: Hanna/DV

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir  
gudrunosk@dv.is



Henry Steinn kom fyrst fram í sviðsljósið á Íslandi fyrir þremur árum. Þá átti hann von á barni sem hann bar sjálfur undir belti. Henry Steinn er fyrsti transmaðurinn á Íslandi sem verður óléttur í miðju kynleiðréttingarferli. Margir fjölmiðlar, bæði íslenskir og erlendir, fjölluðu um Henry og sögu hans á sínum tíma. Síðastliðin þrjú ár hefur Henry mestmegnis haldið sig frá sviðsljósinu og einbeitt sér að föðurhlutverkinu.

Blaðamaður DV hitti Henry til að spjalla um lífið sem faðir og transmaður. Við ræddum um fæðinguna, brjóstgjöfina, fjölmíðlafárið og fordómanna.

#### Fór á hinsegin fund

Við hittum Henry Stein á kaffihúsi í Grafarvogi. Hann býr á Dalvík með

dóttur sinni, en kom til Reykjavíkur vegna aðgerðar sem hann er að fara í daginn eftir viðtalið. Henry er einlægur og brosmildur. Það er stutt í hláturinn og hann skellir oft upp úr meðan á viðtalinu stendur.

Henry Steinn fór í fyrsta sinn á hinsegin fund þegar hann var í níunda bekk. Hann fór með vin konu sinni sem var að koma út sem lesbía og vantaði stuðning. „Við fórum á hvern einasta fund í nokkra mánuði. Með tímanum áttaði ég mig á því að ég hafði ekki bara áhuga á karlmönnum og opnaði á þann möguleika að ég væri tvíkyhnneigður,“ segir Henry.

#### Komst að því í sögutíma að hann væri trans

Nokkrum árum síðar, eftir fyrstu önn sína í framhaldsskóla, kom Henry út úr skápnunum sem trans. Hann segir að samtökin Hinsegin Norðurland hafi hjálpað honum mikið á þessum tíma.

Henry segir söguna af því hvornig hann uppgötvaði að hann væri trans vera frekar myndna. „Ég hafði lengi spáð í hvað trans væri og var orðinn frekar fróður um það allt saman. Svo einn morguninn í sögutíma í VMA, sem ég var augljóslega ekki mikið að fylgjast með, poppaði þetta allt í einu upp í hausnum á mér. Að ég væri sennilega bara ekki kvenkyns. Út frá því fór ég að láta fólk vita að ég ætlaði að prófa mig áfram og reyna að finna mig. Ég byrjaði að klæða mig frekar karlmannlega, hætti að reyna að passa í eitthvert norm og var bara ég,“ segir Henry og heldur áfram:

„Það liðu ekki margar vikur af þessari tilraunastarfsemi þar til ég áttaði mig á að það gladdi mig vandræðalega mikið þegar fólk „ruglaðist“ og notaði karlkyns fornöfn og karlkyns lýsingarorð yfir mig. Ég fór svo á mannanafnanefndarsíðuna og

## Það hafa verið fjölskylduerjur á milli fólks út af þessu

skrollaði þar þangað til ég fann nafn sem ég tengdi við.“

#### Kom út sem transmaður

Tveimur til þremur mánuðum seinna ákvað Henry að koma út úr skápnunum sem transmaður.

„Ég boðaði mömmu á kaffihús,“ segir Henry og hlær. „Ég vildi ná henni í einrúmi. Mömmu grundaði að ég ætlaði að segja henni eitthvað, maður boðar ekki aðra á kaffihús sí svona. Það fyrsta sem hún spurði eftir að ég kom út sem trans var: „Þarftu ekki að prófa að

vera með stelpum fyrst?“ Ég svaraði því neitandi og sagði henni að það virkaði ekki svoleiðis. Ég útskýrði þetta betur fyrir henni, að kyn og kynhneigð séu ekki samtengd. Við erum og höfum alltaf verið rosalega góðir vinir. Ég er langyngstur af fimm systkinum og við vorum aðeins tvö í langan tíma.“

#### Pabbi lengur að samþykkja

Faðir Henrys Steins var lengi að taka hann í sátt eftir að hann kom út úr skápnunum. „Ég held hann ▶

**Castello**  
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR  
EÐAL PIZZUR  
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU  
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI  
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



sé búinn að átta sig á því að það er annaðhvort að samþykkja mig eða það slitni upp úr sambandi okkar. Nú er ég kominn með barn svo það er aðeins meira í húfi, og ég er einkabarnið hans. Pabbi er að reyna og hann hefur bætt sig helling," segir Henry.

Þeir feðgar búa saman og segir Henry það hjálpa. „Með því að búa hjá honum er ég að bjóða honum upp á að kynnast mér og þessu betur. Þá þarf hann að umgangast mig á hverjum degi, frekar en til dæmis að hringja einu sinni í viku.“

### Sjálfsstraustið jókst

Eftir að Henry kom út úr skápnum sem trans fór hann að nota karlkyns fornöfn. Aðspurður hvort það hafi verið erfitt fyrir fólk í kringum hann að nota rétt fornöfn fyrir hann svarar Henry játandi.

„Já, það var erfitt fyrir mig líka," segir Henry og brosir. „Þetta voru viðbrögð fyrst. Það var tímabil þar sem ég hreinlega forðaðist að nota fornöfn. Mér fannst það eitt-hvað skrytið. En svo fór þetta að passa. Ég áttaði mig líka á því að þegar aðrir notuðu rétt fornöfn jókst sjálfsstraustið heilmikið. Þess vegna fattaði ég að þetta passaði vel. Mest svekkjandi var þegar einhver notaði rétt fornöfn og leiðrétti sig svo og notaði þá rangt fornöfn," segir Henry og hlær.

### Óléttur transmaður

Henry Steinn er fyrsti transmaðurinn sem verður óléttur í kynleiðréttingarferli. Hann var tiltölulega nýbyrjaður í kynleiðréttingarferlinu þegar í ljós kom að hann gekk með barn undir belt.

„Ég var svolítið smeykur við það að láta transteymið vita að ég væri óléttur. En það gekk vel. Ég tók pásu frá viðtölum hjá transteyminu á meðan ég var óléttur og meðan dóttir mín var á brjósti. Þegar ég hætti með hana á brjósti fór ferlið aftur í gang," segir Henry.

Henry var með dóttur sína á brjósti í mánuð. „Ég held að það hafi verið stressið í kringum nafnaveisluna sem gerði það að verkum að ég hætti með hana á brjósti. Ég var að hugsa hvernig ég ætti að




Stoltur pabbi Mynd úr einkasafni.



Henry Steinn og Védís

fara að þessu á almannafæri. Mér fannst það ekki þægileg tilhugsun.

Mér fannst líka brjóstgjöf ekki vera þessi dans á rósum sem allir



Óléttur Henry Steinn á síðustu metrum meðgöngunnar. Mynd úr einkasafni.

„Það eru ótrúlegustu hlutir sem manni hefði ekki dottið í hug að myndu gleðja mann

tala um. Þetta var erfitt fyrir mig, andlega og líkamlega. Meira stress en gleði. Það eru til vísindamenn sem sérhæfa sig í að búa til fullkomna næringu fyrir ungbörn. Af hverju ekki að nýta sér það?" segir Henry og bætir hlægjandi við: „Ekki allir geta sagt að pabbi sinn hafi verið með sig á brjósti.“

### Fæðingardeildin

Henry átti dóttur sína, Védís, þann 13. apríl 2016. Til að búa sig undir fæðinguna gekk Henry í Facebook-hóp fyrir transmenn sem eru, hafa verið eða vilja verða barnshafandi.

„Frá meðlimum hópsins fékk ég þá hugmynd að skrifa efst í fæðingarskýrsluna mína: „Ég heiti Henry Steinn og nota karlkyns fornöfn. Ég vil biðja ykkur að virða það.“ Ég gerði það og svo var mamma mín viðstödd fæðinguna. Hún sagðist ætla að passa upp á þetta og að ég ætti ekki að hafa áhyggjur af neinu nema að fæða," segir Henry og hlær.

„Mamma hefur verið stöð mín og stytta. En fyrir utan fæðinguna sjálfa þá var þetta allt mjög auðvelt.“

Henry Steinn og barnsfaðir hans hættu saman stuttu eftir fæðingu dóttur þeirra. Þeir ákváðu að búa saman fyrstu mánuðina í lífi Védísar svo að þeir gætu notið þess dýrmæta tíma með henni.

Hann segir það ekki hafa verið skrytið að búa saman eftir sambandsplitin. „Við höfum alltaf verið góðir vinir.“

### Sviðsljósið

Þegar Henry Steinn var óléttur kom hann fram í mörgum viðtölum á Íslandi, meðal annars við DV og Gay Iceland. Gay Iceland er alþjóðlegur fjölmiðill um hinsegin menningu á Íslandi. Viðtalið birtist því á ensku og fljótlega fóru erlendir miðlar að veita Henry og sögu hans áhuga. Í kjölfarið fór Henry að sjá fréttir um sig á mörgum erlendum fjölmiðlum, eins og Daily Mail.

J&S Watch co.  
REYKJAVÍK



VELDU ÚR MEÐ SÁL  
101 ART DECO

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is





Jól 2018 Feðgin á jóluum. Mynd úr einkasafni.

# Það var tímabil þar sem ég hreinlega forðaðist að nota fornöfn.

„Ég er ekki að missa af neinu. Þetta er þá ekki fólk sem ég vil vera í sambandi við. Þeir vinir sem hafa sýnt einhverja mótspyrnu eru ekki lengur vinir mínir,“ segir Henry, en bætir við að það hafi aðeins verið ein vinkona sem hann hafi þurft að loka á.

### Kynleiðréttingarferlið

Henry fór í brjóstnáám 17. október 2017. Hann segir að það hafi verið allt annað líf eftir það.

„Það eru ótrúlegustu hlutir sem manni hefði ekki dottið í hug að myndu gleðja mann. Ég get núna gengið í hvítum bolum,“ segir hann og bætir við að hann sé ekki viss hversu langt hann ætlar í kynleiðréttingarferlinu.

„Ég er ekki búinn að taka endanlega ákvörðun þar sem neðri aðgerðir í dag eru ekki komnar á það stig sem ég vildi óska. Ég ætla að gefa því nokkur ár. Ég hrífst meira af karlmönnum en konum og er bara sáttur við það sem ég hef í rauninni. Það er að nýttast mér ágætlega,“ segir Henry og hlær. „Ég er ekki að stressa mig á því.“

Aðspurður hvort hann langi í fleiri börn verður Henry hugsí. „Sko, já og nei. En ég veit ekki hvort ég myndi leggja það á mig að ganga með það. Það er alveg klárlega í myndinni að ættleiða eða taka barn í fóstur. Ég veit ekki hvort ég myndi höndla það að ganga aftur með barn.“

### Föðurhlutverkið

„Það mjög skemmtilegt, en mjög erfitt á sama tíma,“ segir Henry um föðurhlutverkið.

„Ég er búinn að átta mig á því að Védís skilur þetta hefðbundna fjölskyldumynstur. Ef hún er í

einhverjum leik þá er það alltaf mamma og pabbi, en hún á tvo pabba. Það fer örugglega að koma að því að hún átti sig á því að það er ekki eins. Ég stefni að því að svara því þegar þar að kemur. Það kemur henni algjörlega við,“ segir Henry. Hann segist ekki vera stressaður fyrir því en kvíði fyrir öðrum hlutum.

„Ég er ekki stressaður fyrir því að tala við hana um þetta, heldur frekar fyrir því hvort hún verði fyrir aðkasti. Líka að þetta eigi eftir að hafa einhver áhrif á hana á mæðradaginn til dæmis,“ segir Henry og rifjar upp atvik sem er honum sérstaklega minnisstætt.

„Við Védís vorum stödd á Akureyrarflugvelli. Védís var að hlaupa um og ein eldri kona fylgdist með henni. Védís fór til hennar að spjalla og konan spurði hvar mamma hennar væri. Ég sagði að hún væri ekki í myndinni. Mér var frekar brugðið og vissi ekki alveg hvernig ég átti að svara þessu. Konan spurði þá hvort Védís þekkti mömmu sína og hvort hún væri að taka á móti okkur hinum megin. Ég endurtók mig og sagði að hún væri ekki í myndinni. Ég hugsaði með mér eftir þetta, hvort þetta væri komið til að vera. En ég hef ekki lent í þessu aftur.“

Atvik eins og þetta veldur Henry hugarangri en hann segir kvenímyndirnar ekki skorta í lífi Védísar.

„Védís á þrjár ömmur og tvær langömmur. Það var gott tímabil sem allar ömmurnar hétu mamma. Hún áttaði sig ekki á muninum þar á milli, þar sem þetta eru hennar kvenímyndir. Það er hægt og rólega að koma núna.“ ■

„Það sprakk allt út fyrir landsteina eftir að ég fór í viðtal hjá Gay Iceland. Áður en ég vissi af voru fjölmargar erlendar fréttasíður að fjalla um mig og sögu mína. Það voru myndbönd á YouTube um mig og ég var að finna þetta alls staðar,“ segir Henry.

Aðspurður hvernig það hafi verið að vera skyndilega í sviðsljósinu og í öllu fjölmiðlafárinu, segir Henry:

„Það voru alveg viðbrigði. Samþýlismaður minn á þeim tíma, hinn faðir dóttur minnar, fékk alveg nóg. Þegar ég var boðaður í þriðja viðtalið spurði ég hann hvort honum þætti þetta orðið of mikið. Hann sagði að svo væri. Ég kláraði viðtalið sem ég hafði lofað mér í og ákvað síðan að stíga til hlíðar,“ segir Henry.

„Það var líka skrítið að fólk var farið að heilsa mér úti á götu og tala við mig. En ég bjóst svo sem alveg við því á þessu litla landi.“

### Tekur spurningum fagnandi

Henry Steinn segir að hann hafi fengið fjölmargar vinabeiðnir á Facebook í kjölfarið. Hann segir að honum hafi liðið eins og fólk hafi viljað fylgjast með honum frekar en að tala við hann. Henry segist taka öllum spurningum og skilaboðum fagnandi, en vill síður að ókunnugt fólk njósní um hann og persónulegt líf hans á Facebook.

„Ég setti inn opna færslu þar sem ég tók það fram að ég hleypti ekki hverjum sem er inn, ég væri að fara að eignast barn og vildi

hafa það út af fyrir mig. En ef fólk langaði að þekkja mig og spyrja mig spurninga þá mætti það senda mér skilaboð, það væri meira en velkomið,“ segir Henry.

### Fordómar á netinu

Athugasemdirnar voru vægast sagt „líflugar“ við viðtölin við Henry og greinarnar um hann. Henry segir að fólk hafi gert það að reglu að segja ekki ljóta hluti við hann heldur um hann. Athugasemdakerfið væri mjög vinsæll vettvangur fyrir neikvæð ummæli.

„Ég náttúrlega skoðaði kommentakerfin við greinarnar um mig, þar var margt sem ekki allir myndu höndla. En ég veit alveg að fólk skilur þetta ekki og að þetta er bara fáfræði sem býr til fordóma. Þetta hafði lítil áhrif á mig þannig séð,“ segir Henry. „En ég var líka duglegur að svara spurningum þar.“

Kostur við athugasemdakerfin að sögn Henrys Steins er sá að auðvelt er að velja út fólk sem hann vill ekki eiga neina samleið með.

### Fjölskylduerjur

Ekkí hafa allir í fjölskyldu Henrys Steins tekið honum opnum örmum. Hann segir þó fjölskyldumeðlimi aldrei segja neitt beint við hann.

„Ég heyri það frá öðrum fjölskyldumeðlimum sem þau hafa talað við. Það hafa verið fjölskylduerjur á milli fólks út af þessu. Um mig. Til hvers?“ segir Henry Steinn

og hlær og verður svo alvarlegri á brún.

Gerid gæða- og verðsamanburð

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

MEMORY Deluxe

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 74.900.-**

VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 74.900.-**

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstjöfnun í yfirdýnu sterkir hlöðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:

80x200 cm  
**Verð aðeins kr. 94.900.-**

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal | Höfn | Bara snilld ehf. | Egilsstöðum



# Hér búa ráðherrarnir

Tíu ráðherrar skipa ríkisstjórn Íslands. DV kannaði, með því að skoða opinberar upplýsingar, hvar og hvernig ráðherrarnir búa.

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



Fimm búa í Reykjavík, einn í Garðabæ og einn í Kópavogi. Þrír eru skráðir með lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins en það eru Ásmundur Einar Daðason, sem er með lögheimili í Borgarnesi, Kristján Þór Júlíusson, sem er með lögheimili á Akureyri, og Sigurður Ingi Jóhannsson, sem er með lögheimili á Flúðum.

DV tekur í dag saman staðlaðar upplýsingar um ráðherrana. Meðalaldur þeirra tæp 47 ár. Sá elsti er 56 ára, Sigurður Ingi Jóhannsson, en sá yngsti 31 árs, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir. Ráðherrarnir eru allir, fyrir utan Guðmund Inga Guðbrandsson, í skráðri sambúð, samkvæmt Þjóðskrá.

Til gamans tók DV saman skráð fasteignaverð, en allir búa ráðherrarnir í eigin íbúð. Ekki fæst séð að neinn þeirra sé á leigumarkaði. Fasteignaverð gefur þó ekki nema grófa hugmynd um verðgildi eignarinnar.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir er nýskipaður dómsmálaráðherra, en hún tók við embættinu tímabundið 14. mars eftir afsögn Sigríðar Á. Andersen. Ljóst er því að Þórdís mun hafa nóg á sinni könnu, þar sem starfstíll hennar felur nú í sér fjóra ráðherratitla.

Ráðherrarnir búa flestir í sérbýli, ef Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Katrín Jakobsdóttir og Svandís Svavarsdóttir eru undanskilin, þau búa í fjölbýlishúsi. Þá býr Lilja Alfreðsdóttir í raðhúsi.

Vel fer á því að fjármála- og efnahagsráðherrann, Bjarni Benediktsson, búi í þeirri eign ráðherranna sem hefur hæsta fasteignamatíð en það hleypur á tæpum 166 milljónum króna. Að meðaltali eru fasteignirnar skráðar á rúmar 65 milljónir, samkvæmt fasteignamati.

## Bjarni Benediktsson

Fjármála- og efnahagsráðherra

Aldur: 49 ára Afmælisdagur: 26. janúar Maki: Þóra Margrét Baldvinsdóttir Heimili: Bakkaflöt 2, Garðabæ Fermetrar: 451,1 Fasteignamat: 165.900.000 kr.



## Guðlaugur Þór Þórðarson

Utanríkisráðherra

Aldur: 51 árs Afmælisdagur: 19. desember Maki: Ágústa Þóra Johnson Heimili: Logafold 48, Reykjavík Fermetrar: 197,3 Fasteignamat: 62.900.000 kr.

## Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Umhverfis- og auðlindaráðherra

Aldur: 41 árs Afmælisdagur: 28. mars Maki: Enginn Heimili: Sólvallagata 74, risibúð, Reykjavík Fermetrar: 62,3 Fasteignamat: 36.400.000 kr.







**RÁIN ER ALHLIÐA VEITINGAHÚS**  
í *hjarta* REYKJANESBÆJAR

**MATSÖLUSTAÐUR**

**SKEMMTISTAÐUR**

**RÁÐSTEFNUR**

**ÁRSHÁTÍÐIR**

**VEISLUR**





**Svandís Svavarsdóttir**  
Heilbrigðisráðherra

Aldur: 54 ára Afmælisdagur: 24. ágúst Maki: Torfi Hjartarson Heimili: Hjarðarhagi 28, 2. hæð Reykjavík (Svandís ein skráð) Fermetrar: 120 Fasteignamat: 50.700.000 kr.



# Vir - Bjarni býr best

**Katrín Jakobsdóttir**  
Forsætisráðherra  
Aldur: 43 ára Afmælisdagur: 1. febrúar  
Maki: Gunnar Sigvaldason Heimili: Dunhagi 17, 3. hæð, Reykjavík Fermetrar: 108,3  
Fasteignamat: 47.250.000 kr.

**Pórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**  
Dómsmála-, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra  
Aldur: 31 árs Afmælisdagur: 4. nóvember Maki: Hjalti Sigvaldason Mogensen  
Heimili: Helgubraut 11, Kópavogi Fermetrar: 211,3 Fasteignamat: 68.700.000 kr.




**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra  
Aldur: 56 ára Afmælisdagur: 20. apríl Maki: Ingibjörg Elsa Ingjaltdóttir Heimili: Syðra-Langholt, Flúðum, tvær landspildir ásamt öllum gögnum og gæðum Fermetrar: 18 hektarar Fasteignamat: 43.290.000 kr.



**Kristján Þór Júlíusson**  
Mennta- og menningarmálaráðherra  
Aldur: 61 árs Afmælisdagur: 15. júlí Maki: Guðbjörg Ringsted Heimili: Ásvegur 23, Akureyri  
Fermetrar: 331,5 Fasteignamat: 64.400.000 kr.




**Ásmundur Einar Daðason**  
Félags- og barnamálaráðherra  
Aldur: 36 ára Afmælisdagur: 29. október Maki: Sunna Birna Helgadóttir Heimili: Helgugata 11, Borgarnesi Fermetrar: 180,1  
Fasteignamat: 30.100.000 kr.




**Lilja Alfredsdóttir**  
Mennta- og menningarmálaráðherra  
Aldur: 45 ára Afmælisdagur: 4. október Maki: Magnús Óskar Hafsteinsson Heimili: Hulduland 22, Reykjavík Fermetrar: 195,1 Fasteignamat: 80.550.000 kr.



**Hádegis tilboð**  
alla virka daga frá 11.30 - 14.00

Humarsúpa  
brauð & Þorskspjót  
2.850 kr




**Sægreifinn**  
Geirgötu 8 • 553 1500





# Tímarvélín



## Gamla auglýsingin

Tíminn 20. nóvember 1933



Matgæðingar DV  
Slæmur dagur  
fyrir bragð-  
laukana.

## Vondar vorrúllur á boðstólum

Daloon verstar að mati dómnefndar

**H**austið 1993 tók DV af skarið og útkljáði hvaða vorrúllur væru bestar á markaðinum. Vorrúllur voru geysivinsælar á þessum tíma, skyndimatur sem hentaði vel þeim sem unnu mikið. Voru vorrúllur mikið auglýstar og flestir þekktu vitaskuld Daloon vorrúllurnar. En hvernig komu þær út í samanburði við aðrar tegundir á markaði?

Matgæðingar DV voru Úlfar Eysteinnsson, Dröfn Farestveit og Sigmar B. Hauksson. Þau voru margreynd og með bragðskerpuna upp á tíu. Mátu þau þær fjórar tegundir frystra vorrúlla sem á markaði voru; Daloon, Tortelle, Hverdag og Oriental Express. Samkvæmt pakningum voru þó mismun-

andi aðferðir notaðir við hitun. Daloon og Tortelle skyldu hitaðar í ofni en hinar á pönnu. Kvarðinn var sá sami og gjarnan var notaður hjá DV, einkunn frá einum upp í fimm.

### Heilt yfir ólystugar og með slæmri áferð

Athygli vakti að enginn matgæðingur gaf fimm stjörnur og munurinn á rúllunum heilt yfir var lítill. Fór svo að Tortelle sigraði með tíu stig, Hverdag hlaut níu en Oriental Express og Daloon rak lestina með átta.

Tortelle rúllurnar voru að mati Úlfars „matarmiklar og bragðgóðar“ en áferðin of lin. Dröfn var á öndverðum meiði og fannst kakan seig. Urðu það að teljast vonbrigði og áfellisdóm-

ur að þetta væru virkilega bestu vorrúllurnar sem Íslendingum bauðst.

Hverdag náði silfri en fékk ekki beint skjallandi umsagnir. „Lítið spennandi,“ sagði Dröfn og „frekar lin og bragðlítill,“ sagði Úlfar. Það var hins vegar Sigmar sem hífði Hverdag upp í einkunn.

Allir þekktu Daloon rúllurnar og gátu sungið lagið úr auglýsingunni. Engu að síður fengu þær brotlendingu hjá matgæðingum. Dröfn gaf þeim að vera „fallegastar í útliti“ en laukurinn yfirgnæfði allt. Sigmar sagði „bragðið vont og kryddið undarlegt.“ Úlfar var sá eini sem kunnir að meta Oriental Express rúllurnar. Dröfn sagði þær „vondar og ólystugar“.



Húsleit Tæki  
til eimingar  
fundust við  
Laugaveg.

## Stóra spíramálið

Þúsund lítrum stolið frá ÁTVR og seldir til unglinga

**H**austið 1982 kom upp sérstætt sakamál sem laut að sölu spíra. Hafði starfsmaður ÁTVR stolið um þúsund lítrum og selt til landasala á höfuðborgarsvæðinu. Var spírinn síðan aðallega áframseldur til unglinga. Lögreglan hafði hraðar hendur og kallaði til sérsveit til þess að leysa málið.



Spíri  
Fannst á  
þekktum  
vinsölustað  
unglinga.

### Þekktur vinsölustaður

Fimmtudagskvöldið 11. nóvember árið 1982 voru tveir lögreglumen í venjubundnu eftirliti í miðbæ Reykjavíkur. Á Laugaveginum sáu þeir tvo fimmtán ára unglinga, pilt og stúlku, standa við tröppur verslunar. Þau helltu áfengi úr kókflösku yfir í aðra flösku. Þegar lögreglan náði þeim kom í ljós að hreinn spíri var í kókflöskunni.

Farið var samstundis með unglingana niður á lögreglustöðina þar sem þau játuðu að hafa keypt flöskuna á 140 krónur af fimmtugum manni á Laugaveginum. Sögðu þau íbúðina vera þekktan vinsölustað á meðal unglinga í Reykjavík.

Kallaði lögreglan þá saman sérsveit og sendi að umræddu húsi til þess að gera húsleit. Fundust þá fjórutíu lítrar af hreinum spíra og tæki til eimingar. Var maðurinn samstundis handtekinn. Við yfirheyrslu vísaði maðurinn á þann sem hafði selt honum spírann. Sá maður var handtekinn á föstudagskvöldinu og viðurkenndi að hafa selt spírann til þriggja landasölmanna, þar á meðal mannsins sem húsleitinn var gerð hjá. En jafnframt sagðist hann hafa fengið spírann hjá starfsmanni ÁTVR.

### Forstjórinn grunlaus

Umræddur starfsmaður ÁTVR starfaði við áfengisblöndun og

hafði því aðgang að spíranum. Þegar gengið var á starfsmanninn viðurkenndi hann að hafa stolið meira en þúsund lítrum af spíra frá stofnuninni og selt áfram til landasala. Stjórn ÁTVR var grunlaus þegar málið kom upp. Í samtali við DV þann 19. nóvember þetta ár sagði Jón Kjartansson, forstjóri:

„Nei, það var enginn grunur farinn að vakna innan fyrirtækisins um að spíranum hefði verið stolið. Starfsmaðurinn, sem valdur er að þjófnaðinum, var búinn að starfa hér hjá okkur í um þrjú ár og var ákaflega vel liðinn.“

Fannst mörgum það skrytið hvernig svona mikið magn af spíra gat horfið frá ÁTVR án þess að neinn yrði þess var, hvorki í bókhaldi né annars staðar. Þúsund lítrar hreinlega láku út. Ef reiknað er með því að hver kókflaska af spíra kosti 140 krónur má reikna heildarsöluverðmæti spírans á 700 þúsund krónur.

Kjartan sagði að þetta mál væri einsdæmi í 47 ára sögu ÁTVR og hefði komið öllum á óvart. Umræddur starfsmaður hefði haft góð meðmæli.

Allir sem komu að stuldinum og dreifingu spírans játuðu samstundis á sig brotin. Hafði þjófnaðurinn staðið yfir í nærri heilt ár án þess að nokkur tæki eftir. Var málið talið upplýst. ■

## ÚRVAL AF HJÁLUM OG ÚLPUM



**CMP herra  
úlpur frá  
29.995 kr.-**





**Allir barna  
hjálmar  
9.995 kr.-**





**Fullorðins  
hjálmar frá  
19.995 kr.-**













**ALPARNIR**

Faxafn 12  
108 Reykjavík

Sími 534 2727  
alparnir.is

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA



# Eina brjóstamynd íslenskrar póstkortasögu?

Danskennarinn Rigmor Hanson

Íslenska konan eða réttara sagt birtingarmynd hennar á póstkortum og svokölluðum sígar-ettumyndum er á meðal ótal sýningarefna á veglegri hátíðarsýningu Myntsafnarafélags Íslands helgina 22.-24. mars næstkomandi, í tilefni af hálftrar aldar afmæli félagsins. Frá upphafi íslenskrar póstkortasögu hafa konur leikið þar hlutverk, ekki síst klæddar í skautbúning, faldbúning eða uppplut fyrstu áratuginna, en síðar meir sem norrænar þokkagyðjur í leik og starfi, til dæmis sem fegurðardrottningar og flugfreyjur.

## Klám síns tíma

Óvenjuleg undantekning frá þessum kappklæddu konum eru póstkort sem danskennarinn Rigmor Hanson lét sjálf útbúa á 4. áratug liðinnar aldar, en þar sést hún léttklædd í hinum ýmsu dansstillingum, og kannski það sem óvenjulegast þykir er að á einu kortinu sést nakið annað brjóst hennar. Nekt á íslenskum póstkortum fyrirfinnst varla að öðru leyti og má geta sér til um að myndin hafi ógrað velsæmiskennnd einhverra þeirra sem hana sáu á þessum tíma.

Frumkvöðlar í listrænni ljósmyndun á 19. öld tóku margir hverjir nektarmyndir og var þá fyrirsætunum ósjaldan stillt upp með sígild málverk að fyrirmyndum sem höfðu skírskotanir til fornalda eða goðsögulegs heims. Fyrirsætunarnar voru þá í hlutverki gyðja eða valkyrja eða álfadísu, svo eitthvað sé nefnt. Þessar myndir þóttu hafa erótískt yfirbragð á siðprúðum Viktoríutímanum og gengu í blóra við þjóðfélagsleg gildi á því skeiði, og fyrir vikið var þukrast með þær og þeim aðeins dreift í þröngum og lokuðum hópum.

Við lok 19. aldar og upphaf 20. aldar hófst síðan talsverð framleiðsla á póstkortum með nöktum eða hálfnöktum fyrirsætum í Frakklandi og á Englandi, og kölluðust þau yfirleitt „frönsk póstkort“ í enskumælandi heimi, og má ef til vill kalla klám þess tíma. Þessi kort voru ekki ætluð til almennra póstsendinga. Í fámennu samfélagi á borð við Ísland, þar sem allir þekktu alla, voru vitaskuld engar forsendur fyrir því að fólk sæti fyrir nakið hjá ljósmyndurum, hvað þá í erótísku samhengi.

## Frumkvöðlar í dansi

Rigmor Hanson átti merkilegan feril. Hún fæddist árið 1913, dóttir Hannesar Snæbjarnarsonar Hansson frá Helgafellssveit, og Gerdu S.P. Hanson, danskrar konu. Systur Rigmorar voru Ruth og Ása og má geta þess að Ruth varð fyrst íslenskra kvenna til að synda Engseyjarsund, árið 1927. Rigmor byrjaði að æfa listdans aðeins fjögurra ára gömul og sýndi listir sínar fyrst tólf ára. Hún sigldi reglulega utan og bætti við þekkingu sína í dansmennt í hinum ýmsu löndum Evrópu, þekkingu sem hún flutti síðan til Íslands og miðlaði í danskennslu sinni. Mjög lof-

„Í fámennu samfélagi á borð við Ísland, þar sem allir þekktu alla, voru vitaskuld engar forsendur fyrir því að fólk sæti fyrir nakið hjá ljósmyndurum, hvað þá í erótísku samhengi“



Myndir: Rigmor Hanson, Reykjavík, Ísland

samleg umfjöllun um Rigmor í Alþýðublaðinu árið 1929 endaði með orðunum: „Ungfrú Rigmor kann að dansa eins og á að dansa. Dans hennar er list.“

Ruth kenndi dans árum saman í Reykjavík og naut hjálpar Rigmor við kennsluna, en þegar Ruth gifti sig til Englands tók Rigmor við keflinu og rak dansskóla um áratugaskeið, auk þess að kenna látbragðsleik fyrstu árin. Ásamt örfáum öðrum frumkvöðlum sköpuðu þær systur nýtt viðhorf hjá Íslendingum til danslistarinnar. Mikil aðsókn var um langt skeið að skóla Rigmorar og einnig hélt hún lengi vel fjölsóttar danssýningar með nemendum sínum. Árið 1932 sá hún um fyrstu sjálfstæðu ballettsýninguna hér á landi á vegum Leikfélags Reykjavíkur.

Rigmor giftist Sigurjóni Jónssyni vélstjóra og járnsmíðameistara árið 1932 og átti með honum eina dóttur, en þau slitu samvistum eftir ríflega tuttugu ára hjónaband. Rigmor rak dansskóla, bæði listdansskóla og samkvæmisdansskóla, til margra áratuga. Hún bjó síðan um tíma í Danmörku og kenndi þá tungumál í kvöldskóla á veturna en var fararstjóri á sumrin, lengst af við Miðjarðarhafslöndin. Árið 1974 kom hún heim og kenndi þá aðallega tungumál hjá Málaskólanum Mími, Námsflokkum Reykjavíkur og Námsflokkum Hafnarfjarðar. Hún lést árið 2008. ■

Höfundur: Sindri Freysson, rit höfundur og blaðamaður



## REYKJAVÍK RAINCOATS

**ÁÐRIR ÚTSÖLUSTADIR**  
 EPAL - LAUGAVEGI 70  
 EPAL - HARPA  
 AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

**REYKJAVÍK RAINCOATS**  
 HVERFIGATA 82, VITASTÍGSMEGIN  
 WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM  
 SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM



# Eldar rétti *Evrópulanda* í stafrófsröð

Ingibjörg Sólrún fékk nóg af því að elda alltaf sömu réttina

Aníta Estíva Harðardóttir  
anita@dv.is



Ingibjörg Sólrún Ágústsdóttir hefur alltaf haft gaman af því að elda góðan mat og baka ljúffenga eftirrétti. Hún var hins vegar komin með leiða af því að vera alltaf að elda sömu gömlu réttina sem hún þekkti og ákvað því að skora á sjálfa sig í skemmtilegu verkefni.

raun bara það sem heillar mig hverju sinni. Albanía lék mig örlítið grátt með öðruvísi uppskriftum og bragði sem er langt frá því sem ég er vön.“

Ingibjörg ákvað að bjóða fólki að koma með sér í Evrópu-reisu sína í eldhúsinu og deilir uppskriftunum og reynslu sinni af eldamenskunni á Instagram undir notandanafninu: ingaagusts. ■

„Albanía lék mig örlítið grátt“



COCA brauð / Myndir: Instagram: ingaagusts

## Eldar sig í gegnum Evrópu

„Ég var eins og margir aðrir, fóst í sömu gömlu réttunum og orðin smá leið. Ég fékk þá hugmynd að elda mig í gegnum Evrópu í stafrófsröð. Hvert land fær eina viku og því lík fjölbreytni. Þetta byrjaði nú bara sem smá hugdetta hjá mér, en mér finnst þetta svo ótrúlega skemmtilegt að ég ákvað að deila því hvernig mér gengur og hvað ég er að brasa,“ segir Ingibjörg.

Aðspurð hvaðan hugmyndin hafi sprottið segist Ingibjörg hafa fengið hana eftir að hún hafði au pair á heimilinu sem hafði mikinn áhuga á Íslandi.

„Hún hafði mikinn áhuga á Íslandi og fannst mjög gaman þegar ég eldaði venjulegan íslenskan heimilismat. Hún sagði oft að hún hefði haldið að Íslendingar borðuðu bara súrmat og aðra skrítna rétti og var hissa á því hvað íslenskur heimilismatur væri góður. Þá fór ég að velta því fyrir mér hvað væri dæmigerður heimilismatur í öðrum löndum og áttaði mig á því að ég vissi afskaplega lítið hvað aðrar þjóðir eru að borða.“

Ingibjörg fór því beint í að leita sér upplýsinga og fannst mjög spennandi að skoða matarvenjur í öðrum löndum.

## Flest allt verið ljúffengt

„Einnig virtist þetta vera frekar einfalt í framkvæmd. Með þessu vonaðist ég eftir fjölbreytni í eldamenskuna hjá mér og hef svo sannarlega fengið hana. Ég hef reynt að finna uppskriftir sem eru gerlegar, ódýrar og þægilegar. Ég hef bæði bakað og eldað og flest hefur verið mjög ljúffengt þó svo að það hafi ekki alltaf orðið raunin. Ég reyni að gera þrjá rétti frá hverju landi en er þó ekki með ákveðna reglu á því. Ég geri í



„Hvert land fær eina viku og því lík fjölbreytni“

Tómatpastasósa



Apfelstrudel



LOKAÐIR STURTUKLEFAR  
MEÐ TOPPI, SPORNA  
GEGN RAKA OG MYGLU

Kíktu á [sturta.is](http://sturta.is) og  
skoðaðu úrvalið  
S. 856 5566







# Umhverfisvænni, hraðvirkari og nú á afslætti

## EPSON WORKFORCE PRO PRENTARAR:

Í mars er 10.000–60.000 króna afsláttur af Epson WorkForce Pro fyrirtækjaprenturum.

Epson hefur verið leiðandi í prenturum í heiminum um þónokkurt skeið. Þeir eru hraðvirkir og hagkvæmir í rekstri og eru fánlegir í úrvali stærða og gerða fyrir ólíkar þarfir einstaklinga og fyrirtækja. Epson WorkForce Pro fyrirtækjaprentararnir skila lægri prentkostnaði, eru umhverfisvænir og hraðvirkir.

### Hagkvæmir og skilvirkir og komast fyrir á skrifborðinu

Fjölnota prentarar eru ekki aðeins lúxus fyrir stórfyrirtæki heldur framleiðir Epson gæðaprentara sem einnig skanna, ljósrita og senda fax og henta sérstaklega vel á heimaskrifstofuna. Í nútímasamfélagi þar sem nýsköpun er fagnað taka margir af skarið og stofna fyrirtæki úr stofunni heima. Epson vill styðja við þessa framtakssömu einstaklinga og hefur framleitt flotta prentara sem uppfylla allar helstu þarfir fyrirtækisins, án þess að leggja undir sig heimilið. Hagkvæmir og skilvirkir prentarar komast nú fyrir á skrifborðinu, jafnvel þeir sem prenta í A3 stærð.

Dæmi um slíka prentara eru Epson Workforce 4720 og 7720 sem eru báðir þráðlausir fjölnota prentarar sem skanna, ljósrita og senda fax. Þeir prenta auk þess báðum megin sem kemur sér vel þegar spara þarf pappír eða gera bæklinga. 7720 prentarinn prentar síðan A3 stærð þegar smáfyrirtæki þurfa að finna ódýrar lausnir í t.d. auglýsingagerð og merkingum.

**Epson Workforce 7720 er auk þess á 50% afslætti í mars á aðeins 24.995 krónum, var áður á 49.995**

### Allt að 50% lægri prentkostnaður

Epson framleiðir einnig prentara fyrir vinnuhópa og smærri fyrirtæki, þau sem hafa mögulega útskrifast úr heimaskrifstofunni yfir í smærri rými í atvinnuhúsnæði og bætt við sig starfsfólki. Þá er kostur að prenta hratt með minna bleki. Epson WFC 5210 prentarinn hefur allt að 50%



EPSON Workforce 5710



EPSON Workforce 7720



5790

EPSON Workforce 5210



Epson WFC 8610



EPSON Workforce 4720



lægri prentkostnað en sambærilegir laserprentarar samkvæmt könnun sem Epson gerði. Sjá betur á vefsíðu Epson.

### Viðkvæm gögn eru örugg með Epson

Sum fyrirtæki vinna með viðkvæm gögn og þarfnast meira öryggis í prentun en önnur. Epson WFC 5710 hefur úrval forrita og tóla sem auka öryggi og skapa betra vinnuflæði við prentun. Prentarinn skannar, ljósritar og prentar auk þess báðum megin, sendir fax og prentar allt að 34 síður á mínútu í lit og svarthvítu. Þannig uppfyllir hann allar helstu þarfir minni fyrirtækja.

**Í mars kostar hann einungis 29.995 krónur í Tölvulistanum, var áður á 49.995**

### Umhverfisvænn og prentar á flestar gerðir pappírs

Fyrir stærri vinnuhópa og meðalstór fyrirtæki er Epson WFC 8610 rétti prentarinn en hann er sannkallaður fyrirtækjaprentari. Hann prentar A3 og allt minna en það, auk þess sem hann skannar, ljósritar og prentar báðum megin. Getur prentað á flestar gerðir pappírs þar á meðal ljósmyndapappír, umslög og limmiða. Prentarinn er umhverfisvænni og hagkvæmari með hitalausri tækni og prentar allt að 5.800 síður á einum blekskammti.

**WFC 8610 er á tilboði á aðeins 119.995 krónum, var áður á 179.995**

Workforce prentara má skoða á vefsíðu Tölvulistans.

Einnig má fletta í gegnum bækling Tölvulistans þar.

Nánari upplýsingar um fyrirtækjaprentara frá Epson má nálgast hjá sölufulltrúum fyrirtækjasviðs í Tölvulistanum í síma **414-1710** og í tölvupósti **sala@tl.is**



# Helga tók stúlku í fóstur með dags fyrirvara

## Blóðforeldrarnir í eiturfjaneyslu

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Helga Magnea Eyþórsdóttir háði marga mánaða baráttu fyrir bandarískum dómstólum til að fá forræði yfir fósturdóttur sinni. Litla stúlkan, sem síðar fékk nafnið Viktoría, var rúmlega sólarhrings gömul þegar Helga fékk hana fyrst í fangið en blóðmóðir hennar hefur háð baráttu við eiturfjafkni og

blóðfaðir afplánar fangelsisdóm. Að fá forræði var stórt skref en þar með er þó aðeins hálfur sigur unninn. Helga vinnur nú að því að fá að ættleiða Viktoríu og sér fram á langt og kostnaðarsamt ferli.

### Draumur að verða fósturmóðir

Helga hefur verið búsett í Bandaríkjunum undanfarin sjö ár, nánar tiltekið í Virginíufylki og unnið hag sínum vel vestanhafs.

„Ég flutti ásamt strákunum

mínunum til Virginíu, árið 2011 til þess að hefja nám. Ég var í East Carolina University og útskrifaðist með BS gráðu í viðskiptafræði. Eftir að ég kláraði skólann, ákvað ég að vera áfram í Virginíu og fór að vinna sem fasteignasali.“

Helga segist alltaf hafa átt sér þann draum að verða fósturmóðir.

„Ég vissi að við strákarnir mínir gætum boðið börnum sem þyrftu á okkur að halda betra líf, ást, hlýju og öruggan stað til að vera á. Ég fór

Mæðgur Fjölskyldur blóðforeldra eru sammála um að Viktoríu sé best borgið hjá Helgu.



að kynna mér þetta betur á meðan að ég var í háskólanum og ákvað að byrja ferlið. Það var margt sem þurfti að skoða og það var ekki einfalt, sérstaklega af því að ég er íslensk, einstæð móðir og í námi. Fyrsta barnið sem við vorum með í fóstur var lítil stelpa en hún kom til okkar aðeins tveggja vikna og var hjá okkur í þrjú mánuði áður en hún fór til fjölskyldu sem ættleiddi hana.“

### Hafði aðeins klukkustund

Það var síðan árið 2017 að Helgu bauðst að taka að sér nýfædda stúlku, sem síðar fékk nafnið Viktoría.

„Viktoría á þrjú eldri bræður, sammæðra sem voru allir í fóstur á meðan mamma þeirra gekk með Viktoríu. Til þess að byrja með var ég með elsta bróður hennar í stuttan tíma þar til hann fór annað og yngsti bróðir hennar kom til mín og miðbróðurinn var komið fyrir hjá vinkonu minni. Yngsti bróðirinn var þá nýorðinn tveggja ára og ég hafði ekki hugmynd um að móðirin gengi með annað barn. Á sama tíma var ég með annað barn í fóstur hjá mér sem þá var aðeins átta mánaða, en hún kom frá annarri fjölskyldu.“

6. júní 2017 fór ég að sækja þann litla úr heimsókn frá föðurfólki sínu og þar var mér sagt frá því að mamman hefði eignast stúlku kvöldið áður. Það var ekki vitað hvað myndi gerast með litla barnið þar sem hún átti annan föður. Ég fór heim í hálfgerðu

sjokki, hugsandi hvað yrði um það barn.

Morguninn eftir var ég að vinna og fékk símtal kl. 10:30 þar sem mér var tilkynnt að félagsmálayfirvöld væru að taka Viktoríu af foreldrunum og var ég beðin um að koma á skrifstofu félagsmálayfirvalda sem fyrst til þess að taka hana í fóstur,“ segir Helga en hún hafði aðeins rúma klukkustund til að útvega helstu nauðsynjar fyrir litlu stúlkuna, sem var ekki enn komin með nafn og var kölluð „baby girl“.

### Flókin barátta

Næsta hálf árið tók virkilega á hjá Helgu, sem skyndilega var orðin einstæð móðir sex barna. Viktoría gekk í gegnum fráhröf þar sem móðir hennar hafði neytt eiturfjafa á meðgöngunni, og var þar að auki magakveisu- og eyrnabarn.

„Hún grét meira og minna fyrstu þrjú og hálf mánuðinn. Að vera með þrjú pínulítill börn sem öll eru með einhverjar sérþarfir var rosalega erfitt. Bróðir Viktoríu er á einhverfurofi með snertióþól og fleiri greiningar. Hin stúlkan sem ég fóstur á sama tíma er með snertióþól líka og mikla þroskaskerðingu.“

Í desember 2017 fluttu bræður Viktoríu til föðurfjölskyldu sinnar. Blóðmóðir Viktoríu bað hins vegar Helgu um að ættleiða dótturina. Blóðfaðir Viktoríu hafði stuttu áður verið handtekinn fyrir morðtilraun og sölu og vörslu eiturfjafa og kemur til með að sitja af sér



## Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS



### Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeyrsluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

IOI  
ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14-16 | Sími 412 1200  
110 Reykjavík | www.isleifur.is



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS  
One®  
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is





**Helga Magnea**  
Hefur búið í Bandaríkjunum í sjö ár.



**Viktoría** Glímdi við heilsufarsvandamál vegna neyslu blóðmóður.

fangelsisdóm næstu árin. Blóðmóðir Viktoríu flutti frá fylkinu af ótta við föðurinn.

Málin flæktust hins vegar talsvert þegar félagsmálayfirvöld stigu inn í málið og reyndu að fá föðurfjölskyldu Viktoríu til þess taka hana að sér.

„Félagsmálayfirvöld í Bandaríkjunum vilja einna helst að börn séu hjá blóðfjölskyldu,“ útskýrir Helga. „Blóðmóðir Viktoríu hafði ekkert bakland til að styðja við sig og því reyndu félagsmálayfirvöld að fá föðurfjölskyldu Viktoríu til þess að taka hana, en þau vildu ekki barnið og voru sammála blóðmóður Viktoríu um að hún ætti að vera ættleidd af mér, einu mömmunni sem barnið þekkir.“

Við tók níu mánaða ferli fyrir bandarískum dómstólum, þar sem Helga sótti um forræði yfir Viktoríu litlu. „Það var eina leiðin til þess að hún yrði ekki send til vandalausra.“

**„Gat ekki annað en grátið“**

Það var tilfinningaþrungin stund í september 2018 þegar Helga fékk fullt forræði yfir Viktoríu.

„Þann dag leið mér eins og ég væri stödd í bíómynd. Allan daginn voru lögfræðingar að spyrja allskonar spurninga og að lokum tók dómarrinn ákvörðun.“

Dómarrinn leit á mig og sagði að hún heyrði og sæi hvað ég elskaði Viktoríu mikið. Hún sagðist vita það að ég myndi gera það

sem væri best fyrir Viktoríu með því að leyfa henni að vera áfram í sambandi við bræður sína og að halda sambandi við bæði föður- og móðurfjölskyldu.

Þetta var rosalega tilfinningaþrungið og ég gat ekki annað en grátið þegar ég hlustaði á dómarrann. Hún veitti mér fullt forræði og því var þetta einn af bestu dögum lífs míns.“

Málið tók sem fyrr segir marga mánuði og kostaði Helgu um 17 þúsund dollara eða um tvær milljónir íslenskra króna. Og þá er ekki allt upptalið. Eftir stendur lögfræðikostnaður og önnur gjöld sem til falla við ættleiðingaferlið, samtals um 25 þúsund dollara eða tæpar þrjár milljónir króna.

„Það tók langan tíma að borga upp lögfræðikostnaðinn en nú er ég loksins búin að greiða hann og get því byrjað ættleiðingarferlið. Blóðmóðirin hefur afsalað sér réttinum til Viktoríu til þess að ég geti ættleitt hana. Ég þarf að fara aftur fyrir dómstóla og fá blóðföðurinn til að afsala sér réttinum til hennar. En eins og áður hefur komið fram þá situr hann í fangelsi og verður þar næstu árin. Á meðan hann situr inni hefur hann ekki verið samstarfsfús.“

Helga lýsir ferlinu sem algjörum tilfinningarússíbanu.

„Við erum búin að vera á milli vonar og ótta hvort við fáum að halda henni eða hvort við missum hana. Fyrir strákana mína er þetta

litla systir þeirra og við getum ekki ímyndað okkur lífið án Viktoríu.“

**Mikilvægt hlutverk**

Fósturbörn koma oftast en ekki úr afar erfiðum aðstæðum, eins og Helga lýsir.

„Ég hef fengið börn inn á mitt heimili sem kunna ekki að faðma og meiða þegar maður reynir að taka utan um þau. Að vera fósturmóðir er að kenna fósturbörnum hvað er heilbriggt heimilislíf, að kenna þeim ást og umhyggju, gefa þeim knús og kossa og leyfa þeim að finna til öryggis.“

Framtíðin er björt hjá fjölskyldunni, sem heimsótti Ísland um seinustu jól. Þar bræddi Viktoría hjörtu allra í stórfjölskyldunni.

„Við sjáum hana fyrir okkur blómstra áfram í faðmi fjölskyldunnar. Hún er lítil prinsessa sem vefur öllum um fingur sér. Hún talar íslensku og ensku, elskar hangikjöt, grjónagraut og slátur, harðfisk, skyr og kókómjólk,“ segir Helga en hún segir fósturmóðurhlutverkið ólýsanlega gefandi.

„Það besta við að vera fósturmóðir er að finna hversu mikilvægt hlutverk mitt er við að hjálpa börnunum. Eins það að ég fæ að

vera áfram í lífi þeirra eftir að þau fara heim, vitandi að við fjölskyldan höfðum jákvæð áhrif á líf barnanna.“

Líkt og fyrr segir sér Helga fram á langt og afar kostnaðarsamt ferli við að fá að ættleiða Viktoríu. Aðstandendur Helgu hafa hrundið af stað söfnun á fjáröflunarsíðunni Gofundme þar sem hægt er að styðja við bakið á Helgu með frjálsum framlögum. Hægt að leggja söfnunni lið á gofundme.com/viktorias-adoption. Einnig er hægt að leggja inn á reikningsnúmer: 0326-26-003510, kt. 151061-3469. ■

# Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði  
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!

**TUDOR**  
Alltaf öruggt start eftir kaldar nætur

**Hraðþjónusta**  
Við mælum rafgeyma og skiptum um

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIL ÚRVAL, TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA  
Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is



Sjáðu úrvalið á [goddi.is](http://goddi.is)  
**Sauna- og gistitunnur**

**GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



# Hnefaleikakappi safnar fyrir Fanneyju

**D**avíð Rúnar Bjarnason er um þessar mundir að undirbúa sig fyrir ofurmaraðonið Spartan Ultra Beast sem haldið verður í Frönsku Ölpunum í júlí. Davíð er yfirþjálfari hnefaleika í Hnefaleikafélagi Reykjavíkur/Mjölni, ásamt því að sjá um einka- og hóptíma í World Class. Hann segir í samtali við DV að hann æfi sig mikið á hverjum einasta degi og oftast meira en einu sinni á dag. Í maraþoninu mun hann taka þátt í yfir 60 þrautum sem innihalda meðal annars það að skríða undir gaddavir upp brekku, Burpees-æfingar og að bera 30 kílóa tunnu fulla af steypu. Davíð hefur nú þegar fengið styrktaraðila sem bera kostnaðinn af þátttöku hans í maraþoninu en einnig

## Praut-seigjan í henni er engu lík

tók hann þá ákvörðun að vilja láta gott af sér leiða.

„Ég ætla að þekja bakið á æfingabolnum mínum fram að keppni með merkjum frá þeim fyrirtækjum sem vilja taka þátt með peningagreiðslu. Peningurinn rennur allur

óskiptur til Fanneyjar Eiríksdóttur og hennar fjölskyldu en hún berst við krabbamein. Hún á eiginmann og tvö ung börn og þraut-seigjan í henni er engu lík verandi í þessum sporum.“

Segist Davíð koma fyrir um það bil 20 merkjum frá fyrirtækjum á bakið en þó vilji hann reyna að safna sem mestu fyrir fjölskylduna. Hann hefur því stofnað styrktar-reikning á sínu nafni sem mun renna óskiptur til Fanneyjar: Rkn.0140-26-552500 og kt.050589-2269. Þá biður hann fyrirtæki sem taka vilja þátt í verkefninu með sér að hafa samband við sig á netfanginu: davidboxari@gmail.com.



## Hvað er Jón Gnarr að horfa á?

Íslendingar hafa aðgang að gríðarlega miklu magni af bæði íslenskum og erlendum sjónvarpsþáttum sem þeir nota gjarnan til afþreyingar og þá sérstaklega yfir vetrartímamann. Þegar kalt er í veðri er fátt jafn notalegt eins og að koma sér vel fyrir og kveikja á góðum sjónvarpsþætti. DV veltir því fyrir sér hvaða þættir séu vinsælir þessa dagana.

Hvað er Jón Gnarr að horfa á?

„Ég hef horft á tvo fyrstu þættina í Hvað höfum við gert og finnst þeir vel gerðir og gaman að sjá íslenska þætti um þessi mikilvægu málefni. Ég kláraði líka Afterlife með Ricky Gervais, fannst þeir fínir en ekki eins stórkostlegir og margir vilja meina. Mér finnst nýja Klovn-serían sem Rúv er að sýna miklu betri, virkilega vel skrifaðir og vel gerðir.“



## Hildur Eir gefur út Líkn

Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju, tekst núna á við nýtt verkefni.

Hildur vinnur að fyrstu bók sinni, sem koma mun út í vor, ljóðabókinni Líkn. „Langar bóka-hríðar og fæðing í vændum,“ segir Hildur Eir hæstánægð með tilvonandi bók.



# PÁSKATILBOÐ



20% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
INNRETTINGUM  
TIL PÁSKA



Friform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562-1500  
Friform.is